









# Bændablaðið

4. tölublað 2024 ● Fimmtudagur 22. febrúar ● Blað nr. 651 ● 30 árg. ● Upplag 33.000 ● Vefur: bbl.is


## Betri afkoma í garðyrkju

**Afkoma ylræktenda fer batnandi en útiræktenda versnandi.**

Í heild sinni skilaði garðyrkjan betri afkomu árið 2022 en árin á undan. Það er niðurstaða greiningar Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins á afkomu garðyrkjunnar fyrir árin 2019 til 2022. Ástæða betri afkomu er umtalsverð hækkun á opinberum stuðningi, m.a. svokölluðum sprettgreiðslum, auk þess sem aðrar tekjur búanna aukast mikið. Aðrar tekjur koma að meirihluta úr ferðaþjónustu og hafa aukist um 46% milli áranna 2019 og 2022.

Framlegð afurðatekna lækkar hins vegar almennt í greininni allri sem Ívar Ragnarsson, ráðgjafi á rekstrar- og umhverfissviði RML, telur áhyggjuefni.

„Breytilegur kostnaður á tímabilinu hækkar meira en tekjur mælt í kr./kg,“ ritar hann m.a. í grein um niðurstöður rekstrargreiningar í garðyrkju. Í henni sést að breytilegur kostnaður hefur hækkað um 65,4% milli áranna 2019 og 2022.

Gagnasafnið nær til fimmtíu garðyrkjuframleiðenda sem samanlagt njóta um það bil 85–90% þeirra opinberu stuðningsgreiðslna sem greinin fær. „Nauðsynlegt er að fylgjast vel með þróun í greininni þar sem hún er mikilvægur þáttur í matvælaframleiðslu og matvælaöryggi þjóðarinnar sem og vegna markaðrar stefnu og aðgerðaráætlunar stjórnvalda í loftslagsmálum,“ ritar Ívar. */ghp*

*Sjá nánar á síðu 42.*



Tamningameistarinn Sigurbjörn Bárðarson á gæðingnum Nagla frá Flagbjarnarholti á afmælissýningu Félags tamningamanna sem haldin var á dögunum. Sigurbjörn fjallaði í léttu máli um sögu Félags tamningamanna og rifjaði upp ýmis atvik frá fyrri tíð. Óhætt er að segja að sögustund Sigurbjörns hafi slegið í gegn og hlátrasköllin glumdu um salinn. Sigurbjörn fékk svo til liðs við sig þrjá afburða skeiðknapa og sagði frá helstu atriðum er snýr að skeiði og skeiðþjálfun. *– Sjá nánar á síðu 30.*

Mynd / Gígja Dögg Einarsdóttir



Miklar breytingar fara í hönd.

## Framtíðin

Landbúnaður mun taka verulegum stakkaskiptum á komandi áratugum.

Framfarir í m.a. sjálfvirkni, gervigreind og nákvæmnislandbúnaði auk erfðabreytinga munu gegna mikilvægu hlutverki í að móta framtíð fæðuframleiðslu á jörðinni.

**– 20 –**



Óli Þ. Hilmarsson í Matarsmiðjunni.

## Matarsmiðjan

Matís hefur starfrækt Matarsmiðju í húsakynnum sínum allt frá stofnun árið 2007.

Fjölmargir matarfrumkvöðlar hafa í gegnum tíðina notfært sér kjöraðstæður í Matarsmiðjunni, ýmist til framleiðslutilrauna í tilraunaeldhúsinu eða til matvælaframleiðslu.

**– 32 –**

### Nautgriparækt:

# Seljavellir fyrirmyndarbú ársins 2024

**Seljavellir í Nesjum í Hornafirði var útnefnt fyrirmyndarbú nautgripabænda Bændasamtaka Íslands árið 2024 á Deildarfundi nautgripabænda 13. febrúar.**

Á Seljavöllum búa þau Elín Oddleifsdóttir og Eiríkur Egilsson og veittu þau viðurkenningunni viðtöku á fundinum, sem haldinn var á Hilton Nordica hótelinu.

*Sómi sinnar sveitar*

Í rökstuðningi fyrir útnefningunni kemur fram að búið sé glæsilegt í alla staði, sómi sinnar sveitar og ásýnd þess sé ábúendum og mjólkurframleiðendum til mikils sóma. „Kýrnar á búinu eru afurðasamar auk þess sem búið hefur lagt hinu sameiginlega ræktunarstarfi til kynbótagripi. Rekstur búsins er traustur og allar ákvarðanir teknar að vel athuguðu og ígrunduðu máli. Þá hafa þau Elín og Eiríkur tekið virkan þátt í félagsstörfum, bæði heima fyrir og á vettvangi greinarinnar, og njóta bæði trausts og virðingar,“ segir í rökstuðningnum.



**Elín Oddleifsdóttir og Eiríkur Egilsson tóku við viðurkenningunni úr hendi Rafns Bergssonar.**

Mynd / smh

Þar kemur enn fremur fram að byggt hafi verið nýtt legubásafjós með mjaltaþjóni árið 2005 og ársframleiðslan sé nú 500 þúsund lítrar mjólkur og kýrnar séu um 65 talsins.

*Kartöflurækt og mjólkurframleiðsla*

Býlið var stofnað á sjötta áratug síðustu aldar úr landi Árnaness af foreldrum Eiríks, Agli Jónssyni og Halldóru Hjaltadóttur.

Árið 1978 stofnuðu þau félagsbú með sonunum, Eiríki og Hjalta, og var þar einkum stunduð mjólkurframleiðsla og kartöflurækt.

Árið 1999 var búinu skipt upp í tvær sjálfstæðar rekstrareiningar og tóku Hjalti og Birna, kona hans, við kartöfluræktinni en Elín og Eiríkur mjólkurframleiðslunni.

*Samhent fjölskylda*

Eiríkur segir í samtali við blaðamann að ákvörðunin um uppskiptinguna á búinu hafi verið tekin meðal annars vegna þess að það var tímabært að ráðast í endurnýjun á húsakosti, bæði í mjólkur- og kartöfluframleiðslunni.

„Svo var talið hentugt fyrirkomulag að skipta búrekstrinum bara upp eftir áhugasviðum okkar.

Fjölskyldan hefur verið samhent og börnin virkir þátttakendur. Það er kannski aðalástæðan fyrir því að okkur hefur gengið vel,“ segir hann. „Við höfum alltaf haft metnað til að gera betur í dag en í gær.“

Elín bætir við að varðandi einstaka þætti í búskapnum þá hafi þau lagt áherslu á eigin heilfóðurframleiðslu á undanförnum árum eftir að þau fengu sinn heilfóðurblandara og þá notað minna af aðkeyptu kjarnfóðri.

„Þá opnuðust svo margir möguleikar,“ heldur Eiríkur áfram. „Við höfum til dæmis ræktað korn og nýtt kartöflur, frá Hjalta bróður og frændum okkar í Akurnesi, til okkar eigin fóðurframleiðslu,“ segir hann.

*/smh*


Óberon 17046 frá Skeiðháholti 1 á Skeiðum.

# Óberon besta nautið

**Óberon 17046 frá Skeiðháholti 1 á Skeiðum hlaut nafnbótina besta naut fætt árið 2017 og viðurkenningu sem Nautastöð Bændasamtaka Íslands veitti á deildarfundi kúabænda.**

Ræktendur Óberons eru Guðrún Helga Þórisdóttir og Jón Vilmundarson og veitti Guðmundur Jóhannesson, ráðunautur hjá RML, þeim viðurkenninguna. Óberon var fæddur 14. október 2017, undan Úranus 10081 frá Hvanneyri í Andakíl, en móðir hans er Mósaik 1036 frá Skeiðháholti 1 undan Skalla 11023 frá Steinnýjarstöðum á Skaga.

Í umsögn um dætur Óberons segir að þær séu mjög mjólkurlagnar en fituhlutfall sé undir meðallagi og próteinhlutfall nokkuð lágt. Dætur Óberons eru meðalstórar og nokkuð háfættar kýr með fremur mikla boldýpt og útlögur og beina yfirlínu. Malirnar séu breiðar, beinar og þaklaga. Fótstaða sterkleg og fremur gleið. Júgurgerðin sé góð, júgurband áberandi og þau vel borin. Spenar séu eilítið stuttir, hæfilega þykkir og örlítið útstæðir. Mjaltir séu mjög góðar og lítið um mjaltagalla. Skap meðalgott og skapgallaðir gripir fáir í hópnum.

Þetta var í fertugasta skipti sem viðurkenning fyrir besta naut árgangs var veitt. Þau voru fyrst veitt árið 1986 fyrir besta nautið fætt árið 1979. Val á naut er framkvæmt af Fagráði í nautgriparækt og eftir innleiðingu erfðamengisúrvals er það veitt á grunni erfðamats og afkvæmaprófunar. Þau bú sem oftast hafa hlotið viðurkenninguna eru Oddgeirshólar í Flóa, sem þrisvar sinnum hefur átt besta naut árgangs, Brúnastaðir í Flóa og Syðri-Bægisá í Öxnadal, sem tvisvar sinnum hafa átt besta naut árgangs. /ghp

# Tilboðsmarkaður opinn

**Markaður fyrir greiðslumark mjólkur verður haldinn þann 1. apríl næstkomandi.**

Nú þegar hefur verið opnað fyrir tilboð en fresturinn til að skila þeim rennur út á miðnætti 10. mars skv. tilkynningu matvælaráðuneytisins. Að hámarki verður hægt að óska eftir kaupum á 50.000 lítra framleiðslurétti. Þrír tilboðsmarkaðir eru haldnir árlega og geta kúabændur því aukið kvótann sinn um 150.000 lítra á tólf mánuðum á þessum vettvangi.

Í tilkynningu frá ráðuneytinu er vakin sérstök athygli á breytingu á reglugerð um stuðning við nautgriparækt nr. 348/2022 sem tók gildi 1. janúar síðastliðinn er varðar markaðsframkvæmd. Þar segir að kaupandi skuli inna af hendi greiðslu fyrir andvirði greiðslumarksins eigi síðar en tuttugu dögum eftir markaðsdag. Að öðrum kosti falli kaupin niður. Nánari upplýsingar um markaðinn má finna á afurd.is og mar.is. /ál

### Leiðrétting:

## Salatuppskera með besta móti

Í síðasta tölublaði var fjallað um uppskerutölur úr yl- og svepparækt á síðasta ári. Þar sagði að salatuppskeran hefði verið sú minnsta á undanförnum fjórum árum, eða 448 tonn. Hið rétta er, samkvæmt uppfærðum gögnum Hagstofu Íslands, að salatuppskeran var 587 tonn sem er sú næstmesta á undanförnum fjórum árum. Ástæðuna fyrir leiðréttingunni segir Hagstofan vera að framleiðslutölur fyrir desember höfðu ekki skilað sér í gagnagrunn matvælaráðuneytisins fyrr en í byrjun febrúar, sem voru svo uppfærðar á vef Hagstofunnar 12. febrúar. /smh




### Bændasamtökin:

# Formannsslagur í vændum

**Gunnar Þorgeirsson og Trausti Hjálmarsson hafa gefið kost á sér í embætti formanns Bændasamtaka Íslands (BÍ).**

Sá fyrrnefndi hefur gegnt embætti formanns Bændasamtakanna frá 2020 og var sá síðarnefndi formaður deildar sauðfjárbænda frá 2022 þangað til hann steig til hliðar núna nýlega. Þegar þetta er ritað hafa ekki borist framboð frá fleirum, en framboðsfresturinn rennur út í dag, 22. febrúar.

Kosningin verður rafræn og hefst hún á miðnætti 1. mars og stendur yfir til miðnættis 2. mars. Slóð á kosningasíðuna verður gerð aðgengileg á heimasíðu Bændasamtakanna, bondi.is, og send félagsmönnum í tölvupósti. Alls 2.449 einstaklingar eru á kjörskrá, en til að öðlast kosningarétt þurfti að greiða félagsgjöld fyrir 31. desember á síðasta ári og er nauðsynlegt að geta skráð sig inn með rafrænum skilríkjum. Fleiri en einn geta haft kosningarétt frá sama búi. Hver og einn getur kosið oftar en einu sinni, en einungis síðasta atkvæðið gildir. Nái enginn frambjóðandi meira en fimmtíu prósent atkvæða þarf að kjósa aftur 5. og 6. mars.


Gunnar Þorgeirsson og Trausti Hjálmarsson. Mynd / ghp

***Garðyrkjubóndi í Ártanga***

Gunnar Þorgeirsson er garðyrkjubóndi í Ártanga í Grímsnes- og Grafningshreppi, en hann stofnaði gróðrarstöðina ásamt eiginkonu sinni, Sigurdísi Eddu Jóhannesdóttur, árið 1986. Hann var kosinn í embætti formanns Bændasamtakanna á Búnaðarþingi í mars 2020, en hann var einnig formaður Sambands garðyrkjubænda á árunum 2013 til 2021. Gunnar sat í sveitarstjórn Grímsneshrepps frá 1994 til 1998. Eftir sameiningu sveitarfélaga sat hann í sveitarstjórn í Grímsnes- og Grafningshreppi á árunum 1998 til 2018, þar af sem oddviti í 16 ár. Hann var formaður Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga frá 2003 til 2007 og aftur 2012 til 2018.

Gunnar hefur verið virkur í starfsemi björgunarsveita, en hann var formaður hjálparsveitarinnar Tintrons frá 1989 til 1995. Þá sat hann í stjórn Landsbjargar frá 1991 til 1999 og í stjórn Slysavarnafélagsins Landsbjargar frá stofnun þess 1999 til 2018. Gunnar er sextíu ára gamall, fæddur í júlí 1963. Hann útskrifaðist sem offsetprentari frá Iðnskólanum í Reykjavík 1984 og lauk gráðu í garðyrkjumenntun frá Søhus Gartnerskole í Óðinsvéum árið 1985.

Hans helstu áherslur eru að vinna áfram að hagsmunamálum bænda og þar segir hann almenn kjör, nýliðun, bætt lánakjör til framleiðslu matvæla og tollamál vera sér efst í huga. Gunnar vill vinna áfram að þróun á félagskerfinu með það að leiðarljósi að bein aðild að Bændasamtökunum nýtist félagsmönnum sem best. Þá segir hann nauðsynlegt að berjast fyrir samkeppnishæfni innlends landbúnaðar á móti stórauknum innflutningi og gera þurfi sömu kröfur um aðbúnað og lagðar eru á íslenska framleiðslu.

Jafnframt þurfi að skilgreina fæðuöryggi til framtíðar með sem sjálfbærustum hætti.

***Sauðfjárbóndi í Austurhlíð***

Trausti Hjálmarsson er sauðfjárbóndi í Austurhlíð í Biskupstungum ásamt eiginkonu sinni, Kristínu Sigríði Magnúsdóttur. Eins og áður segir var hann formaður deildar sauðfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands en sóttist ekki eftir endurkjöri í það embætti þegar kosið var á deildarfundi í síðustu viku. Hann hefur verið í aðalstjórn Bændasamtakanna frá 2022. Trausti var í stjórn Landssamtaka sauðfjárbænda frá 2017 þangað til að þau gengu inn í Bændasamtök Íslands. Þá sat hann einnig í fagráði sauðfjárræktarinnar frá 2017 til 2022 og hefur frá síðasta ári verið í framkvæmdanefnd búvörusamninga.

Að auki við þetta hefur Trausti verið varamaður í sveitarstjórn Bláskógabyggðar og setið í fjallskilanefnd. Þá er hann í fagnefnd skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings fyrir hönd síns sveitarfélags. Hann útskrifaðist með búfræðipróf frá Hvanneyri 2003 og hefur alla tíð starfað í landbúnaðartengdum störfum, eins og við rúning, tamningar og á sláturtíð á Selfossi. Jafnframt hefur hann gripið í smíðavinnu inn á milli. Hann er fæddur í desember 1982 og er því 41 árs.

Aðspurður um helstu áherslumál svarar Trausti: „Ég vil efla samtal, samstarf og samstöðu bændahreyfingarinnar með því að hlusta á grasrótina og framkvæma vilja hennar.“

Hann bætir við að þaðan komi valdið og að verkefni stjórnar Bændasamtakanna sé að standa vörð um það sem hreinskiptin umræða sem flestra bænda geri. „Þetta er í mínum huga ekki flókið. Grasrótin á að ráða för.“ /ál

# Streita plagar bændur

**Nýverið var lokið við rannsókn á líðan bænda. Þar kemur fram að einkenni þunglyndis, kvíða og streitu séu algengari hjá bændum, samanborið við aðrar stéttir.**

Helstu niðurstöður eru þær að bændur upplifa að jafnaði meiri einkenni streitu og þunglyndis en aðrir Íslendingar á vinnumarkaði. Þá eru hlutfallslíkur bænda á að flokkast með alvarleg einkenni þunglyndis og streitu samanborið við eðlileg einkenni þunglyndis og streitu hærri en hjá samanburðarhópnum. Einnig sáust vísbendingar um að bændur sem hafi áform um flutninga eða atvinnuskipti upplifi meiri einkenni þunglyndis, kvíða og streitu en þeir bændur sem hafi engin slík áform.


Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri kannaði andlega heilsu bænda. Mynd / Úr safni

***Alltaf mikið að gera***

Í rannsókninni var seigla íslenskra bænda metin en ekki er hægt að segja til um hvort hún sé meiri eða minni en annarra út frá þessari könnun einni og sér. Hins vegar virðist meðalskor bænda á seiglukvarðanum heldur lágt í samanburði við meðalskor sem komið hafa fram í öðrum rannsóknum þar sem sami kvarði er notaður. Vinnuaðstæður bænda voru skoðaðar með tilliti til vinnuálags. Þar sást að stór hluti bænda telji sig oft eða alltaf hafa of mikið að gera og er hlutfallið hærra en hjá samanburðarhópum. Þá telji bændur vinnuálagið ójafnara og að þeir þurfi að vinna á miklum hraða.

***Fyrsta könnun af þessu tagi***

Rannsóknin var unnin upp úr netkönnun sem lögð var fyrir félagsmenn í Bændasamtökum Íslands. Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) vann rannsóknina eftir að hafa hlotið til þess styrk úr Byggðarannsóknarsjóði. Niðurstöður netkönnunarinnar voru bornar saman við rannsóknina Heilsa og líðan Íslendinga frá 2022, sem embætti Landlæknis stendur fyrir á fimm ára fresti. Þetta er í fyrsta skipti sem könnun af þessu tagi er framkvæmd meðal bænda og því ekki hægt að draga ályktanir um þróun andlegrar heilsu stéttarinnar.

Rannsóknina leiddi Bára Elísabet Dagsdóttir hjá RHA, en samstarfsaðilar voru Bændasamtök Íslands og Gísli Kort Kristófersson hjá Háskólanum á Akureyri. Frá þessu var greint á heimasíðu RHA, en þar er jafnframt hægt að nálgast skýrsluna í heild sinni. /ál


GERUM
MEIRA
TOYOTA HILUX
HILUX
Gerðu allt sem þú vilt með Toyota Hilux.
Verð frá: 8.990.000 kr.
KINTO langtímaleiga. Verð frá: 221.000 kr. á mánuði.
TOYOTA FÖRUM LENGRA
Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070
Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300
Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600
Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000
3+4 ÁBYRGÐ
ÁRA ÞJÓNUSTA
VEGAAÐSTOÐ
2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur.

# Lambhagi notar „Íslenskt staðfest“

**Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, og Hafberg Þórisson, eigandi og forstjóri Lambhaga, undirrituðu fyrir skemmstu samkomulag um notkun Lambhaga á upprunamerkinu Íslenskt staðfest.**



Íslenskt staðfest er vottað upprunamerki fyrir matvörur og blóm í eigu Bændasamtaka Íslands sem tekið var í notkun í mars árið 2022. Neytendur eiga að geta treyst því að merkið sé eingöngu notað á vörur sem eru framleiddar og pakkað á Íslandi. Framleiðendur ábyrgjast að hráefni sé raunverulega íslenskt og að framleiðsla hafi farið fram á Íslandi.

Lambhagi er einn stærsti framleiðandi á salati og kryddjurtum á Íslandi, stofnað árið 1979.

Í reglum um Ísland staðfest er tiltekið að það megi nota til að merkja grænmeti og plöntur ræktuð á Íslandi út frá fræjum, lauk og útsæði. Það eigi við um allt hrátt grænmeti, líkt og salat, tómata, gúrkur og paprikur. /smh



Núverandi afurðastöð SS, árið 1946 þegar hún var tekin í notkun. Mynd /SS

# Hugað að nýrri afurðastöð

**Sláturfélag Suðurlands (SS) undirbýr nú uppbyggingu á nýrri afurðastöð fyrirtækisins á lóð sinni á Fossnesi á Selfossi.**

„SS hefur af skynsemi keypt stórar lóðir við stöðina á Fossnesi og sameinað þær allar í eina iðnaðarlóð sem er 9,8 ha að stærð. Til umráða er því mjög stór lóð sem hefur allt það sem ný starfsstöð þarf á að halda,“ segir í Fréttabréfi SS.

Fallið hefur verið frá því að endurbyggja stórgripasláturhús við núverandi húsakost þar sem það var talið óhagkvæmt. „Fjármunum félagsins er betur varið í byggingu nýrrar stöðvar frá grunni sem gefur mikla hagræðingarmöguleika með sameiginlegum deildum fyrir innmat og gorklefa. Fullri nýtingu á öllum afurðum sem má hirða,“ segir jafnframt í fréttabréfinu.

Í nýrri stöð er meðal annars reiknað með sameiginlegri búvöruverslun og slátraraverslun þar sem bændur og neytendur geti keypt kjöt sem er almennt ekki til sölu í verslunum. „Svo sem læri og hryggi af bestu dilkaskrokkunum. [...] En þess verður að gæta að sem minnst skörun verði við sölu á kjöti sem bændur selja úr heimtöku.“

Ítarleg þarfagreining og hönnun fer nú fram á verkinu en fram kemur í fréttabréfinu að um fimm til sex ár munu líða þar til uppbyggingunni lýkur. Deildarfundir SS fara fram þessa dagana en aðalfundur samvinnufélagsins fer fram þann 15. mars nk. /ghp




## Matvælaráðuneytið:

# Eðlilegur blóðhagur þrátt fyrir blóðtöku

**Íslenskar blóðmerar áttu auðvelt með að halda uppi eðlilegum blóðhag þrátt fyrir reglulegar blóðtökur.**

Þrátt fyrir að meðalgildi blóðfrumnahlutfalls lækki eftir blóðtöku héldust þau yfir viðmiði um blóðleysi.

Þetta kemur fram í skýrslu um áhrif vikulegrar blóðsöfnunar á blóðhag hjá hryssum sem Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum vann að beiðni matvælaráðuneytisins. Verkefnisstjóri var Charlotta Oddsdóttir dýralæknir en aðrir höfundar skýrslunnar voru þær Erla Sturludóttir og Hanna Kristrún Jónsdóttir.

Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum var síðsumars árið 2022 falið að rannsaka hver áhrif fimm lítra blóðsöfnunar vikulega í allt að átta skipti væru á blóðhag fylfullra hryssna. Rannsóknin sneri að langtímaáhrifum, þ.e. hversu vel hryssurnar geta bætt upp vikulega blóðtöku, meðal annars með mótvægisviðbrögðum líkamans. Tvö blóðtökustóð voru til rannsóknar á tólf vikna tímabili, annað á Norðurlandi og hitt á Suðurlandi – alls 199 hryssur. Tekin voru vikuleg blóðsýni úr hverri hryssu sem sætti blóðtöku. Mæld voru gildi sem gefa mynd af járnbúskap, blóðmyndun og blóðfrumusamsetningu.

Samanburðarhópur fylfullra hryssna sem ekki voru í blóðsöfnun var hafður til hliðsjónar.



Blóðhagsmælingar á 160 fylfullum blóðmerum sýndu að ekki er sjálfgefið að hryssur fari niður fyrir mörk blóðleysis þrátt fyrir endurtekna blóðtöku.

Í heildina voru tekin 1.440 blóðsýni. Af 160 hryssum sem voru með í tölfræðigreiningunni greindust 7,5%, eða tólf hryssur, með miðlungs blóðleysi í eitt skipti og 0,6%, ein hryssa, með greinilegt blóðleysi.

Niðurstöðurnar sýndu greinilegan mun milli stóðanna þar sem engin hryssa greindist með mæligildi sem bentu til blóðleysis á Norðurlandi en þrettán hryssur mældust með miðlungs til greinanlegt blóðleysi á Suðurlandi einu sinni. Aðeins ein hryssa sýndi merki þess að halda ekki í við blóðtap.

Hryssurnar á Norðurlandi voru skilvirkari í viðbrögðum sínum og tókst að hækka tiltekin meðalgildi fljótar en hryssurnar á Suðurlandi. Í skýrslunni segir að sterklega komi til greina að skýringin liggi í mun á styrk og hlutfalli snefilefna og gagnlegt væri að kanna hvort hægt væri að vinna markvisst með snefilefnagjöf að því að hryssur geti brugðist vel við blóðtapi. „Blóðhagsmælingar í stóðinu á Norðurlandi sýndu í það minnsta að það er ekki sjálfgefið að hryssur fari almennt niður fyrir mörk blóðleysis við endurtekna blóðsöfnun,“ segir. m.a. í skýrslunni. /ghp

## Heyrúlluplast:

# Endurvinnslan er mest innanlands

**Guðlaugur Gylfi Sverrisson, rekstrarstjóri Úrvinnslusjóðs, segir stjórn sjóðsins hafa breytt reglum til að efla endurvinnslu á rúlluplasti innanlands.**



Heyrúlluplast er gott hráefni til endurvinnslu. Mynd / H.Kr.

Áður fyrr fengu þjónustuaðilar mest greitt fyrir að koma plastinu að útflutningshöfnum, en nú fái þeir sérstakt álag fyrir að flytja plastið til Pure North Recycling í Hveragerði. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Úrvinnslusjóðs bárust 2.388.551 kílógrömm heyrúlluplasts til endurvinnslu árið 2023. Þar af fóru 1.821.803 kílógrömm til Hveragerðis á meðan 566.748 kílógrömm voru flutt til Hollands.

„Við teljum okkur vera að ná meginþorranum af heyrúlluplasti til baka,“ segir Guðlaugur. Óhreinindi geti numið þrjátíu til sjötíu prósent af þyngd filmunnar og því mikill munur á meðhöndluðu rúlluplasti og því sem flutt er inn. Þrátt fyrir óhreinindin sé þetta gott hráefni og losni aðskotaefnin frá við endurvinnsluna. Einsleitni heyrúlluplastsins gefi því jafnframt töluvert virði, á meðan annað umbúðaplast sé oft mjög blandað þegar það skili sér til endurvinnslu.

### *Úrvinnslugjald hækkaði*

Á síðasta ári var úrvinnslugjald á heyrúlluplast hækkað úr fjörutíu krónum á kílóið í áttatíu og tvær krónur. Þetta gjald eigi að standa undir kostnaði við flutning og endurvinnslu á plastinu. Sjóðurinn miði við að plast sé sótt á hvert lögbýli eða á tiltekinn söfnunarstað minnst einu sinni til tvisvar á ári án aukakostnaðar fyrir bændur.



Guðlaugur Gylfi Sverrisson.

### *Ekkert skilagjald fáist fyrir heyrúlluplast*

Heildargreiðslur fyrir meðhöndlun á heyrúlluplasti voru tæpar 169 milljónir króna fyrir árið 2023. Þær skiptist annars vegar í greiðslu fyrir meðhöndlun hjá endurvinnsluaðila upp á rúmar 138 milljónir og hins vegar flutning frá sveitarfélögum til endurvinnsluaðila upp á rétt tæpar þrjátíu milljónir.

Kostnaður vegna endurvinnslu hjá Pure North Recycling var tæpar 115 milljónir, eða um 63 krónur á kílóið. Á meðan kostaði tæpar tuttugu milljónir að endurvinna plast í Hollandi, eða um 36 krónur á kílóið. /ál




# Einkorna Yara áburður
# Hin fullkomna pakkalausn

Hvert einkorna áburðarkorn er einsleitt sem er forsenda jafnari dreifingar,
þannig að hver planta fái sama aðgang að öllum áburðarefnum.




SS var stofnað árið 1907 og er samvinnufélag búvöruframleiðanda. Það er markmið SS að selja bændum hágæða einkorna áburð á eins hagstæðu verði og mögulegt er. Með því stuðlum við að samkeppnishæfi innlendrar búvöruframleiðslu og úrvals afurðum neytendum til hagsbóta.

Sláturfélag Suðurlands
Fosshálsi 1, Reykjavík - 575 6070
yara@yara.is - www.yara.is

**Verðskrá 2024**

Upplýsingar á yara.is
og hjá sölumönnum.

# Bændablaðið

**Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.**
**Upplýsingar um dreifingarstaði er að finna á vef Bændablaðsins: www.bbl.is**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublöð) kostar kr. 17.500 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 13.900 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
**Sími:** 563 0300 – **Kt:** 631294-2279
**Útgefandi:** Bændasamtök Íslands.

**Ritstjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0300 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is
**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
**Netfang auglýsinga:** **thordis@bondi.is** – **Vefur blaðsins:** **www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
**Frágangur fyrir prentun:** Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** 33.000 – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

## Útflutningsverðmæti

**Þótt framleiðsla landbúnaðarafurða sé að mestu hugsuð miðað við innlenda þörf er töluverður útflutningur staðreynd.**

Útflutningsverðmæti íslenskra búvara reyndust að minnsta kosti átta milljarðar króna í fyrra. Nokkuð stór hluti þeirrar upphæðar tengist íslenska hestinum. Hagstofa Íslands birti í lok janúar vöruviðskiptatölur fyrir desembermánuð í fyrra og er því hægt að glugga í heildartölur viðskipta inn og út úr landi árið 2023. Í gegnum þær er hægt að reikna út útflutningsverðmæti ýmissa vara. Hér eru nokkur dæmi.

Uppgefin heildarverðmæti vegna útflutnings reiðhrossa var um 2,3 milljarðar króna og er mun meiri en síðustu ár þrátt fyrir að hrossafjöldinn sé ekki jafn mikill. Samkvæmt upplýsingum frá líftæknifyrirtækinu Ísteka námu útflutningsverðmæti framleiðslu þeirra um 1,9 milljörðum króna á árinu 2023. Ísteka framleiðir vöru úr blóði fylfullra hryssa hér á landi. Útflutningur hrossakjöts var ríflegur og verðmæti þess hefur stóraukist ef borin eru saman síðustu tvö ár. Um 216 tonn voru flutt út og er uppgefið heildarverðmæti þess í tölum Hagstofunnar nær 240 m.kr.

„Útflutningsverðmæti íslenskra búvara reyndust að minnsta kosti átta milljarðar króna í fyrra. Nokkuð stór hluti þeirrar upphæðar tengist íslenska hestinum ...“

Kasakstan er nýtt útflutningsland fyrir íslenskt hrossakjöt. Árið 2022 voru fyrst flutt þangað 52 tonn og sama magn fór þangað árið 2023. Það er um 24% af heildarmagni hrossakjöts sem selt var út í fyrra en verðmæti þess eru lítil, kílóverðið reyndist 224 krónur. Til samanburðar var verðmæti hrossakjöts sem sent var til Ítalíu metið á um 3.390 kr/kg. Hrossakjöt er með algengustu kjötfæðu íbúa í Kasakstan.

Ein allra dýrasta landbúnaðarafurð Íslands er æðardúnn en talið er að Ísland sé með um 70–80% heimsmarkaðshlutdeild á vörunni. Árið 2023 voru rúm 2.600 kíló flutt út að verðmæti tæplega 700 m.kr.

Útflutningsverðmæti ýmissa mjólkurvara var um 1,2 milljarðar króna en við flytjum út töluvert af skyri og skyrdrykkjum. Verðmæti útflutnings á lamba- og kindakjöti árið 2023 nam um 1,7 milljörðum króna, en flutt voru út ríflega 1.800 tonn af kjöti. Stærsta útflutningslandið á nýju og frosnu lamba- og kindakjöti var Bretland, en þangað fóru um 482 tonn af kjöti. Ríflega 405 tonn fóru til Noregs, 308 tonn til Japans og 285 tonn til Færeyja. Verðmæti útflutnings til Bretlands var þó töluvert lægra en útflutningstekjur til Noregs, Japans og Færeyja. Áhugavert er að sjá að langstærsti hluti útfluttra sviðakjamma fer til Færeyja. Árið 2023 voru ríflega 26 tonn af frystum sviðum flutt þangað og eru uppgefnar útflutningstekjur tæpar 13 m.kr. eða um 489 kr. fyrir kílóið.

Ísland flytur þó nokkuð af grænmeti og ávöxtum út en langstærsti hluti þess fer til Grænlands og uppruni vörunnar ekki alltaf íslenskur. Þó eru þar undantekningar, t.a.m. sendum við þangað reglulega þær vörur sem íslenskir garðyrkjubændur rækta, s.s. gúrkur, tómata, paprikur og kryddjurtir. Heildarverðmætið fer yfir 200 m.kr. en ef litið er til einstakra innlendra tegunda þá voru íslenskar gúrkur fluttar út fyrir um 80 milljónir króna.

Nautakjöt var flutt út í afar litlum mæli og var útflutningsvirði þess uppgefið tæpar 1,5 milljónir króna. Mest fór í janúar til Þýskalands, 485 kíló. Að öðru leyti fer kjötið aðallega til Grænlands. Ýmis önnur landbúnaðarvara er flutt út frá Íslandi, s.s. innmatur og ull ásamt vörum sem innihalda búvörur af ýmsu tagi.

*Guðrún Hulda Pálsdóttir, ritstjóri.*



Þrjú kúabú framleiddu meira en 200.000 lítra af mjólk umfram greiðslumarkseign árið 2023. Mynd / ál

# Misræmi milli framleiðslu og greiðslumarkseignar

**Tveir mjólkurframleiðendur uppfylltu ekki yfir 200.000 lítra af greiðslumarki í þeirra eigu árið 2023. Reynir Þór Jónsson, kúabóndi að Hurðarbaki í Flóahreppi, telur tölurnar benda til þess að greiðslumarkskerfið virki letjandi á framleiðslu.**

Hlutfall ónýtts greiðslumarks hefur aldrei verið jafnhátt miðað við tölur frá árinu 2018. Alls nýttu 54 framleiðendur ekki greiðslumark yfir 50.000 lítrum, samkvæmt upplýsingum frá matvælaráðuneytinu. Á meðan framleiddu sextán bú yfir 100.000 lítra hver umfram framleiðslurétt.

Mjólkurframleiðendur voru 498 talsins á síðasta ári en 225 þeirra fullnýttu ekki framleiðslurétt sinn. Þar af nýttu 62 ekki 10.000 lítra eða minna af framleiðslurétti sínum. Tveir nýttu ekki 200.000 lítra eða meira og einn framleiðandi fellur í flokk þeirra sem fullnýttu ekki 150–200 þúsund lítra. Ónotað greiðslumark reyndist 7.590.350 lítrar, sem er mun meira magn en síðustu ár. Hlutfallið er 5,1% af heildargreiðslumarki ársins 2023 sem var 149.000.000 lítrar mjólkur.

### *Lítill hvati til að fylla upp í greiðslumarkið*

Hæst er hlutfall ónotaðs greiðslumarks á Vestfjörðum, um 9%, en af um 2,3 milljónum lítrum af kvóta sem þar er skráður voru rúmlega 200 þúsund lítrar ónýttir. Hlutfallið var lægst á Suðurlandi þar sem 3,76% af heildargreiðslumarki reyndist ónýtt, eða um 2,2 milljónir lítra af um 59 milljónum lítra. Á meðan framleiddu 273 kúabændur mjólk umfram greiðslumark þeirra. Þar af framleiddu þrír meira en 200.000 lítra umfram greiðslumarkseign, að því er fram kemur í tölum frá matvælaráðuneytinu.

„Í einhverjum tilvikum er líklegt að mjólkurframleiðslu hafi verið hætt og ekki hafi enn tekist að selja kvótann. Svo getur að sjálfsögðu verið eðlilegt að framleiðslan sveiflist eitthvað til milli ára hjá bændum og þetta sé tilfallandi niðurstaða hjá einhverjum. Á heildina séð er þó þessi niðurstaða að segja okkur að of margir framleiðendur sem fylla ekki upp í greiðslumarkið treysta á að aðrir bændur framleiði umframmjólk.

Greiðslumarkskerfið virkar því miður letjandi á framleiðslu. Þ.e. það virkar vel sem stjórntæki þegar framleiðslan er yfir greiðslumarkinu. Það er hins vegar lítill hvati í kerfinu að fylla upp í greiðslumarkið þegar það vantar mjólk,“ segir Reynir Þór Jónsson, kúabóndi og stjórnarmaður í Bændasamtökum Íslands.

### *Greiðslumark aldrei niðurfellt*

Greiðsla út á greiðslumark er framlag ríkisins til framleiðenda mjólkur og greiðist mánaðarlega úr ríkissjóði til handhafa beingreiðslna út á greiðslumark. Handhafi beingreiðslna út á greiðslumark fær mánaðarlega greiðslu, óháð framleiðslu, að því tilskildu að framleiðsla lögbýlisins sé 100% á yfirstandandi verðlagsári skv. reglugerð nr. 348/2022 um stuðning í nautgriparækt. Sjái handhafi greiðslna fram á að nýting greiðslumarks gefi ekki rétt til 100% af greiðslum framleiðslutímabilsins, ber honum að tilkynna það til matvælaráðuneytisins skv. sömu reglugerð.

Ef bóndi framleiðir ekki upp í allt greiðslumarkið sitt missir hann þann hluta beingreiðslna sinna. Þær greiðslur ganga síðan til annarra framleiðenda við uppgjör ársins. Greiðslumark bús fellur hins vegar niður ef engin framleiðsla fer þar fram í að minnsta kosti eitt verðlagsár. Ekki hefur þó komið til þess að greiðslumark hafi verið fellt niður skv. upplýsingum frá matvælaráðuneytinu.

*/ghp*

### Ónotað greiðslumark 2023

| Magn | Fjöldi búa |
|---|---|
| 0-5 þús | 38 |
| 5-10 þús | 24 |
| 10-20 þús | 44 |
| 20-50 þús | 65 |
| 50-100 þús | 42 |
| 100-150 þús | 9 |
| 150-200 þús | 1 |
| >200 þús | 2 |
| Samtals | 225 |

### Mjólk umfram greiðslumark 2023

| Magn | Fjöldi búa |
|---|---|
| 0-5 þús | 29 |
| 5-10 þús | 38 |
| 10-20 þús | 48 |
| 20-50 þús | 96 |
| 50-100 þús | 46 |
| 100-150 þús | 10 |
| 150-200 þús | 3 |
| >200 þús | 3 |
| Samtals | 273 |

### Ónotað greiðslumark eftir landshlutum 2023

| Landshluti | Ónotað greiðslumark | Heildargreiðslumark |
|---|---|---|
| Vesturland | 1.218.221 | 17.520.936 |
| Vestfirðir | 209.509 | 2.315.134 |
| Norðurland vestra | 1.688.942 | 26.800.928 |
| Norðurland eystra | 1.929.546 | 37.415.688 |
| Austurland | 326.406 | 5.910.076 |
| Suðurland | 2.217.726 | 59.037.238 |
| Samtals | 7.590.350 | 149.000.000 |

Heimild / Matvælaráðuneytið





Jón Kristófer Sigmarsson og Agnar Þór Magnússon, sem er nýr stjórnarmaður í búgreinadeild hrossabænda Myndir /ghp



Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri Bændasamtakanna, Logi Sigurðsson sauðfjárbóndi og Kristrún Frostadóttir, formaður Samfylkingarinnar.

# Bændur ræddu málin í borginni

Hátt í tvö hundruð bændur voru saman komnir á Hilton Reykjavík Nordica þann 12. febrúar á deildafundum búgreina hjá Bændasamtökum Íslands. Þar komu deildirnar saman og ræddu málefni sinnar búgreinar, en fundirnir eru mikilvægur vettvangur þar sem bændum gefst tækifæri til að móta baráttumál og stefnu sinnar búgreinar. Að loknum fundum sameinuðust fundargestir í kokteilboði og mættu þar allmargir þingmenn sem skeggræddu málefni landbúnaðar við bændur. */ghp*



Sauðfjárbændurnir Sveinn Rúnar Ragnarsson og Einar Kári Magnússon ásamt Andrési Inga Jónssyni þingmanni Pírata.



Hrossabændurnir Guðný Helga Björnsdóttir á Bessastöðum, Sonja Líndal Þórisdóttir á Lækjarmóti og Nanna Jónsdóttir, formaður búgreinadeildar hrossabænda.



Sauðfjárbændurnir Jón Björgvin Vernharðsson og Trausti Hjálmarsson ásamt Höllu Sif Svansdóttur Hölludóttur og Axel Sæland garðyrkjubændum.



Jón Björgvin Vernharðsson í Teigaseli á Jökuldal, Árni Gunnarsson í Sveinungsvík sunnan Raufarhafnar og Sigurður Þór Guðmundsson í Holti í Þistilfirði.



Vaskir bændur á deildarfundi: Jóhannes Gíslason, Benedikt Hrólfur Jónsson og Böðvar Baldursson.



Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir, bóndi og þingmaður Framsóknarflokksins og Halldóra Kristín Halldórsdóttir, formaður búgreinadeildar eggjabænda.



Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, og Guðrún Birna Brynjarsdóttir, sérfræðingur hjá Bændasamtökum Íslands.

## Vísnahornið

Jónas Kristjánsson læknir taldi áfengi og tóbak eitur, en veitti þó. **Stefán Vagnsson** orti þessa vísu, sem birtist í ævisögu Jónasar

*Jónas vill ei tóbak láta tyggja,*
*að taka í nefið vill hann fyrirbyggja*
*Skyldi ei reynast ráð úr þeirri klípu*
*að reykja með honum eina friðapípu*

Þeir voru vinir og veiðifélagar, Jónas og Jón Ósmann. Sagt var að Ómann hafi verið ónískur á það sem hann aflaði. **Rögnvaldur í Réttarholti** orti um Jón Ósmann.

*Alla gladdi, öllum gaf,*
*eins þeim hærri´og lægri.*
*Vinstri höndin vissi´ekki´af,*
*verkum þeirrar hægri.*

**Jónas frá Hofdölum** yrkir um vetur í Héraðsvatnaskúrnum:

*Úti hamast hafnyrðingur*
*heljaróð við kofann syngur.*
*Mála gluggann frostsins fingur.*

*Lengist nótt á norðurhjara.*
*Niða Vötnin milli skara*
*stynja þungt er fram hjá fara.*

*Ætli þau kvíði fjötrum frera?*
*Finnst þeim örðug gangan vera,*
*fullt af krapi fangið bera.*

*Inni hér er allt í lagi,*
*yfir kallinn sína bragi,*
*kveður hærra kuldans jagi.*

Ágætur Skagfirðingur sagði mér, að enginn hefði ort betri vísu í réttunum en **Jón**, sem var maður Guðrúnar frá Lundi:

*Nótt að beði sígur senn,*
*sofnar gleði á vörum.*
*Við skulum kveða eina enn,*
*áður en héðan förum.*

Mín kona segir að fáir hafi ort betur en **Trausti Reykdal**:

*Þýtur í stráum þeyrinn hljótt*
*þagnar kliður dagsins.*
*Guð er að bjóða góða nótt*
*í geislum sólarlagsins.*

Nú er ögn liðið á þorra og blótað er víða í sveitum. Bestu og stystu ræðu sem ég hef heyrt við upphaf þorrablóts orti **Jóhannes bóndi í Ásakoti** í Biskupstungum þegar hann sagði:

*Gerist okkar geð nú létt,*
*við guðaveigaforða.*
*Þorrablótið það er sett,*
*þið skuluð fara´að borða.*

Eitt sinn var Jóhannes að velta fyrir sér vísu til flutnings í fimmtugsafmæli. Hann bað tengdason sinn, **Þráinn Arinbjarnarson**, um liðsinni. Þráinn orti og stakk upp á þessu sem ekki var notað.

*Ekki komið ævikvöld,*
*áfram veginn þrammar.*
*Hefur nú í hálfa öld,*
*hjarað sér til skammar.*

**Haraldur Zophoníasson** orti er hann vildi komast í troðinn kaffiskúrinn á Tungueréttum í Svarfaðardal:

*Víst er þröng um þennan stig*
*þó skal ei undan hopa.*
*Líns hjá spöngum ljúfan mig*
*langar í kaffisopa.*

---

**Umsjón: Magnús Halldórsson**
*mhalldorsson0610@gmail.com*

# Deildafundir búgreina

## Eggjabændur:

# Nú þarf að láta verkin tala

**Halldóra Hauksdóttir verður áfram formaður búgreinadeildar eggjabænda. Meðstjórnendur eru hinir sömu, þeir Arnar Árnason og Stefán Már Símonarson.**

Ekki voru samþykktar sérstakar ályktanir á deildarfundinum en Halldóra segir stöðu greinarinnar ágæta miðað við aðstæður.

„Eins og við höfum margoft bent á þá þurftu margir eggjabændur að fara í gífurlega kostnaðarsamar framkvæmdir vegna banns á búreldi.“ Eggjabændum hafi aðeins fækkað en greininni þó tekist að halda í við eftirspurnina.

„Þetta er auðvitað viðkvæm starfsemi og þess vegna skiptir miklu máli að fá að halda í hraustan og sjúkdómalausan stofn með okkar sóttvörnum og að heimila ekki innflutning á eggjum þar sem við vitum ekki hvernig aðbúnaður og hollustuhættir voru við framleiðslu,“ segir hún.

*Tollvernd verði að leiðrétta*

„Tollvernd er hluti af okkar starfsskilyrðum en hana þarf að leiðrétta því hún bítur alltaf minna og minna þar sem krónutalan hefur ekki hækkað í mörg ár,“ heldur Halldóra áfram.

„Sömuleiðis þarf að auka eftirlitið með innflutningi og á það alls ekkert bara við um eggin, heldur allar landbúnaðarafurðir. Það er til skammar hvað það flæðir mikið af innfluttri búvöru hingað til landsins sem við erum að framleiða og getum framleitt sjálf. Ekki virðist vera tekið nokkurt mið af því við hvaða framleiðsluskilyrði innflutt búvara er framleidd,“ bætir hún við.

Alþingi þurfi að horfa á heildarmyndina og laga stóru hlutina, þ.e. tollvernd, eftirlit með innflutningi og því regluverki sem um greinina gildir. Þá eigi greinin að geta rekið sig og boðið íslenskum neytendum upp á hreina og heilnæma afurð.

„Nú þarf að fara að láta verkin tala og það nægir ekki bara að segjast hafa skilning á stöðu greinarinnar,“ segir Halldóra. Sér finnist flestir alþingismenn vera jákvæðir í garð íslensks landbúnaðar, sérstaklega í aðdraganda Búnaðarþings, og þeir margir hverjir farnir að sjá mikilvægi matvælaöryggis.


Halldóra Hauksdóttir, eigandi Græneggja, verður áfram formaður deildar eggjabænda innan BÍ. Mynd / sá

*MAST lítið inni í alifuglarækt*

„Svo verður MAST að fara að gera raunhæfar kröfur í garð greinarinnar og óþolandi er hversu margir eftirlitsaðilar hjá MAST virðast vita lítið um alifuglarækt og lítið virðist vera tekið tillit til aðstöðu smáframleiðenda,“ segir hún.

Halldóra telur að neytendur séu besta eftirlitið. „Ég sjálf hef talað fyrir því að ríkið eigi að koma að kostnaði við merkingu og rekstur á íslensku búvörumerki.

Það er endalaust verið að setja aukna greiðslubyrði á bóndann einan, verslanirnar og afurðastöðvar virðast sýna íslenska búvörumerkinu „Íslenskt staðfest“ lítinn áhuga. Ég lít á þessa merkingu fyrst og fremst sem upplýsingar til neytandans.

Það væri gaman að sjá ef íslensk búvara yrði almennt merkt með hinu nýja glæsilega búvörumerki, „Íslenskt staðfest.“ /sá

BK HÖNNUN
SMAHÝSI 60 m² STÁLGRINDARHÚS



Stálgrindarhús, 6x10 m - 3m vegghæð
Klæðning 40 mm PIR yleiningar.

TÖLUM SAMAN!
sala@bkhonnun.is
571-3535
www.bkhonnun.is

3.500.000 kr.
~~3.850.000 kr~~


Stjórn búgreinadeildar sauðfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands. Magnús Helgi Loftsson, Kópsvatni 2, Ásta Fönn Flosadóttir, Höfða, Eyjólfur Ingvi Bjarnason í Ásgarði, nýr formaður, Hafdís Sturlaugsdóttir, Húsavík á Ströndum og Sigurborg Hanna Sigurðardóttir, Oddsstöðum. Mynd / smh

## Sauðfjárbændur:

# Áhersla á greiðslumarkið

**Á deildarfundi sauðfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands var samþykkt nær samhljóða að lögð verði áfram áhersla á greiðslumark í stuðningskerfi sauðfjárræktar við gerð nýrra búvörusamninga.**

Þessi tillaga var meðal þeirra 29 tillagna sem samþykktar voru á fundinum, sem haldinn var á Hilton Nordica hótelinu 12.–13. febrúar, af alls 34 tillögum sem lágu fyrir fundinum frá starfsnefndum.

Eyjólfur Ingvi Bjarnason í Ásgarði var kjörinn formaður til tveggja ára og með honum í stjórn þau Sigurborg Hanna Sigurðardóttir, Oddsstöðum, Hafdís Sturlaugsdóttir, Húsavík á Ströndum, Ásta Fönn Flosadóttir, Höfða og Magnús Helgi Loftsson, Kópsvatni 2.

*Nýliðum tryggður forgangur að greiðslumarki*

Í gildandi búvörusamningi var upphaflega gert ráð fyrir að greiðslumark í sauðfjárrækt myndi fjara út á samningstímanum en í nýafstaðinni endurskoðun var það fest sem þriðjungur af heildargreiðslum hvers árs út samningstímann, ársloka 2026. Með samþykkt tillögunnar á fundinum birtist vilji sauðfjárbænda um óbreyttar áherslur á stuðningsfyrirkomulaginu að þessu leyti í næstu búvörusamningum.

Stjórn deildarinnar var falið það hlutverk að fara í ýmsa greiningarvinnu varðandi útfærslur og þær verða teknar til umræðu á deildarfundi sauðfjárbænda á næsta ári.

*Bætt ímynd kvenna í landbúnaði*

Tveimur tillögum úr félagsnefnd var vísað beint til Búnaðarþings 2024, sem haldið verður 14. og 15. mars, án umræðu á fundinum.

Önnur þeirra bar yfirskriftina Ímynd kvenna í landbúnaði og gerir hún ráð fyrir að konur í landbúnaði verði gerðar sýnilegri, til dæmis með fræðsluefni sem sýnir konur við landbúnaðarstörf. Í rökstuðningi segir að mikilvægt sé að breyta þeirri ímynd að karlmaður búsins sé alltaf sjálfkrafa bóndinn, jafnframt þurfi að sýna ungum áhugasömum konum að þær geti orðið bændur jafnt sem karlmenn.

Hin snýr að bættu aðgengi að upplýsingum um réttindi aðila í búrekstri. Í rökstuðningi segir að mikilvægt sé að bændur geti sótt sér upplýsingar eða ráðgjöf um réttindi sín. Algengt sé að aðilar í búrekstri í sauðfjárrækt vinni einnig utan bús og fari því mögulega á mis við réttindi tengd búrekstrinum.

*Sambýlisfólk bæði skráð fyrir búrekstri*

Meðal annarra samþykktra tillagna má nefna, að því er beint til stjórnar Bændasamtaka Íslands að finna lausnir til að hjón eða sambýlisfólk geti bæði verið skráð fyrir rekstri bús í hinu opinbera kerfi.

Með breytingunni verði komið á jafnrétti hjóna sem standa saman að búrekstri – til dæmis þannig að tvær kennitölur standi að rekstrinum, séu skráðar fyrir beingreiðslum, virðisaukaskattsnúmeri og þeim leyfum sem nauðsynleg eru fyrir búið. Í rökstuðningi segir að það sé ófært að til dæmis við skyndilegt fráfall, standi hinn bóndinn eftir með búreksturinn í uppnámi því viðkomandi er ekki skráður fyrir rekstrinum.

*Baráttan gegn riðu*

Þá beinir deildarfundur sauðfjárbænda því til stjórnar búgreinadeildarinnar að halda dampi í baráttunni gegn riðu og innleiðingu verndandi arfgerða.

Ítrekað er mikilvægi þess að allir sauðfjárbændur taki virkan þátt í innleiðingu verndandi og mögulega verndandi arfgerða í allan sauðfjárstofninn en með þeim hætti verði endanlega hægt að sigra riðuna. Mikilvægustu þættirnir í þessari innleiðingu séu notkun á sæðingum og arfgerðargreiningar á gripum sem koma til greina til ásetnings. Jafnframt sé gríðarlega mikilvægt að stjórnvöld haldi áfram að koma að innleiðingu verndandi arfgerða til dæmis með áframhaldandi niðurgreiðslu á sæðingakostnaði og sýnatökum til að tryggja að kostnaður vegna arfgerðargreininga verði ekki íþyngjandi byrði fyrir sauðfjárbændur.

*Reglugerð um sjálfbæra landnýtingu hafnað*

Loks skal þess getið að deildarfundur sauðfjárbænda samþykkti samhljóða tillögu úr umhverfisnefnd, sem jafnframt var umfangsmesta tillaga fundarins, þar sem drögum að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu er hafnað.

Í rökstuðningi með tillögunni segir að vísindalegur grunnur reglugerðarinnar sé veikur. Í skýringum með beitarkafla þar sem hugmyndafræðin er útlistuð, séu litlar sönnur færðar fyrir því sem hugmyndafræðin er sögð byggja á. Engar útfærslur séu sýndar á því hvernig unnið yrði samkvæmt tilskipunum reglugerðarinnar eða hvernig hún kæmi til með að virka.

Í fylgiskjali sé ekki rökstutt af hverju nálgun um „vistgetu“ hafi verið valin fremur en til dæmis sjálfbærni, sem reglugerðinni sé ætlað að fjalla um. Ekki sé vitnað í neinar íslenskar rannsóknir varðandi þessa nálgun.

Til grundvallar fyrir beitarnýtingu ættu að vera upplýsingar um framboð beitar og nýtingarhlutfall beitarlands, samhliða ástandsmati.

Segir í rökstuðningi að því miður hafi verið horfið frá því að stunda beitarrannsóknir fyrir um 30 árum og því skorti verulega á þekkingu á þessu sviði. Upplýsingar um nýtingu beitarlanda samhliða ástandsmati væru ákjósanlegur grunnur til að byggja á skilvirkari aðferðarfræði til beitarstjórnunar.

Hófleg beit geti stuðlað að fjölbreyttu gróðurfari og líffræðilegri fjölbreytni sem hafi marga kosti í för með sér fyrir lífríkið í heild. /smh

can-am®

# MIKIÐ ENDURNÝJAÐ 2024 OUTLANDER 6X6

UPPFÆRÐ OG REISTARI TWIN-TUBE FJÖÐRUN

T3B GÖTUSKRÁNING




NÝ TERRACROSS 26” DEKK

NÝJI 4-LOK 100% FRAMLÁSINN

**2024 ÁRGERÐIN ER AÐ LENDA.**
**SKARAÐU FRAM ÚR Á CAN-AM Í SUMAR.**


©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.


ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

A BRP BRAND

BRP

# Deildafundir búgreina



Stjórn deildar minkabænda hjá Bændasamtökum Íslands. Talið frá vinstri: Hjalti Logason, Veronika Narfadóttir og Björn Harðarson formaður. Mynd / ál

### Loðdýrabændur:

## Sex minkabú eftir á landinu

**Björn Harðarson, bóndi í Holti í Flóa, hefur tekið við sem formaður deildar loðdýrabænda.**

Einar E. Einarsson, sem var minkabóndi á Skörðugili í Skagafirði fram að síðustu áramótum, hefur látið af störfum sem formaður deildar loðdýrabænda og Sambands íslenskra loðdýrabænda. Með Birni í stjórn verða Veronika Narfadóttir frá Túni í Flóa og Hjalti Logason frá Neðri-Dal undir Eyjafjöllum.

Björn hóf minkarækt árið 2012, á þeim tíma sem mikill uppgangur var í greininni og skinnaverð hátt. Fyrstu misserin nýtti hann gömul fjárhús, en tók í notkun nýtt minkahús árið 2014 á sama tíma og verðfall varð á skinnum. Í Holti er jafnframt kúabú sem Björn segir hafa haldið minkabúinu á floti. Þrátt fyrir lágt afurðaverð sé minkarækt skemmtilegur búskapur og félagsskapur loðdýrabænda góður.

Aðspurður um fyrstu verkefnin sem formaður segir Björn nauðsynlegt að draga saman í rekstrinum á félaginu þar sem starfandi minkabændur séu orðnir fáir. Þá þurfi að finna nýjan farveg fyrir verkun skinna í haust, þar sem Einar á Skörðugili tók það verkefni að sér fyrir marga minkabændur.

Nú eru einungis sex minkabú eftir og telur Björn engar horfur á frekari fækkun eins og er. Þar sem búin séu svona fá þurfi að halda vel utan um ræktunarstarfið til að forðast skyldleikaræktun. Ekki sé lengur hægt að sækja kynbótagripi erlendis frá sem séu af sömu gæðum og íslenski stofninn eftir að minkarækt hrundi í Danmörku. /ál

Trefjaplastbátar frá Rönnqvist í Finnlandi



Svansson ehf

Erum komin með umboð fyrir þessa vönduðu og góðu vatna-og innfjarðarbáta.
Stærðir frá 4.5 m. til 7 m.

Fyrirspurnir sendist á sala@svansson.is

Svansson ehf, Melabraut 19, 220 Hafnarfjörður
Sími 697-4900, Netfang: sala@svansson.is

**Bændablaðið kemur næst út 7. mars**

### Alifuglabændur:

## Unnið að hagsmunagæslu gagnvart Matvælastofnun

**Sitjandi aðalmenn í stjórn alifuglabænda gáfu allir kost á sér til áframhaldandi starfa fyrir deildina á búgreinafundi sínum.**

Eru það Guðmundur Svavarsson formaður, Eydís Rós Eyglóardóttir ritari og Jón Magnús Jónsson meðstjórnandi. Nýr varamaður í stjórn er Ingvar Guðni Ingimundarson.

Fimm ályktanir og tillögur voru samþykktar á fundinum. Því er beint til stjórnar BÍ og Búnaðarþings að klára þá vinnu sem hafin var að breyttu kerfi við útreikning félagsgjalda og innleiðingu þess. Þá er stjórn BÍ hvött til að halda á lofti því verkefni að innleidd verði hjá MAST samskiptagátt og/eða kerfi sem haldi utan um skýrslur og önnur mál er varða kjúklingabændur. Einnig að stjórn BÍ og starfsmenn kanni og vinni að því að eftirlitsskýrslur MAST og myndir þeim tengdar séu ekki settar í hendur aðila annarra en er málið varði.



Deildarfundur alifuglabænda. F.v. Guðmundur Svavarsson, Jón Magnús Jónsson, Kristján Karl Gunnarsson, Eydís Rós Eyglóardóttir og Ingvar Guðni Ingimundarson. Mynd / sá

Sömuleiðis hvetur deild alifuglabænda BÍ og starfsmenn til að deildin fái úthlutað tengilið innan samtakanna sem haldi utan um mál deildarinnar og annað sem við kemur málefnum hennar. Að síðustu er því beint til stjórnar BÍ að komast að því hvaða gögn liggi fyrir þegar fluttar eru vörur inn til landsins sem vistvænar og/eða lífrænar. Hver sé uppruni þeirra gagna því til staðfestingar og hver áreiðanleiki þeirra. Í skýrslu stjórnar kom fram að undanfarið hafi „... stjórn ásamt starfsmönnum BÍ unnið að hagsmunagæslu gagnvart MAST, en stofnunin hóf að senda bændum stjórnsýslusektarboð vegna þéttleika í húsum o.fl. Meint brot voru í sumum tilfellum meira en ársgömul og alls óvíst hvort málsmeðferð stofnunarinnar og stjórnsýsla gangi upp. Þá eru miklar efasemdir um að þær forsendur sem stofnunin gefur sér og verklag standist.

Stjórn deildarinnar, ásamt fulltrúum BÍ, áttu fund með starfsmönnum MAST í janúar og í framhaldi hefur lögfræðingur á vegum BÍ sent inn andmælabréf f.h. bænda. Hinn 12. febrúar 2024 barst bréf frá MAST þar sem andmæli kjúklingabænda eru samþykkt og boðaðar stjórnvaldsektir felldar niður með öllu.

Samtal á sér stað við stofnunina um það hvernig þessum málum verði best háttað til framtíðar þannig að reglur, túlkun þeirra og framkvæmd sé skilvirk og öllum ljós. Samhliða er í skoðun hvort þyngdarstuðull, sem notaður er til umreiknings á sláturþyngd yfir í lífþyngd sé eðlilegur, en hann getur haft veruleg áhrif á mögulegan þéttleika í eldishúsum. Málið er enn í vinnslu," segir í skýrslu stjórnar deildar alifuglabænda. /sá

### Skógarbændur:

## Nýr formaður kjörinn

**Hjörtur Bergmann Jónsson var kjörinn formaður deildar skógarbænda á fundi deildarinnar í liðinni viku. Jóhann Gísli Jóhannsson hefur stigið til hliðar eftir næstum ellefu ára formennsku.**

Hjörtur segir nýtt hlutverk leggjast vel í sig og reiknar hann með að þetta verði spennandi og skemmtilegt. Hann hafi þó tekið sér nokkurra vikna umhugsunarfrest áður en hann gaf kost á sér í embættið.

Aðspurður um brýnustu verkefnin hjá deild skógarbænda, svarar Hjörtur því að afurðamál ásamt kolefnisbindingu nýrri og eldri skóga séu ofarlega á blaði. Þá þurfi að efla félagsstarf og samvinnu milli deildar skógarbænda og landshlutafélaganna ásamt því að auka samstarf við félög og stofnanir sem komi að skógrækt og landgræðslu. Hjörtur telur mikilvægt að fjölga þeim skógarbændum sem séu félagsmenn í Bændasamtökum Íslands til að gefa þeim meiri slagkraft innan samtakanna. Nú fái skógarbændur einungis að senda tvo fulltrúa á Búnaðarþing. Allar búgreinar þurfi að vinna saman að framgangi landbúnaðarins, hvort sem það séu skógarbændur, sauðfjárbændur eða aðrir. Þótt sjónarmið séu mismunandi milli búgreina þýði ekki að þær geti ekki fundið leiðir til að mætast á miðri leið.



Hjörtur Bergmann Jónsson.

„Við þurfum að finna einhvern sameiginlegna flöt þar sem við getum unnið saman að góðum málum og það hefst með samtali."

Hjörtur er kvæntur Hrönn Guðmundsdóttur, sem var framkvæmdastjóri Landssambands skógareigenda (LSE) um árabil og hefur verið virk í félagsstarfi sinnar búgreinar. LSE sameinaðist Bændasamtökum Íslands árið 2021 og nefnist nú deild skógarbænda.

Saman hafa þau ræktað skóg úr landi Lækjar í Ölfusi frá því í kringum aldamótin. /ál

### Landeldisbændur:

## Straumlínulögun leyfisveitinga

**Bjarki Már Jóhannsson frá Geo Salmo var kjörinn formaður landeldisbænda á nýafstöðnum deildarfundi.**

Hann er búinn að vera starfandi formaður frá því síðasta sumar, eftir að Þorvaldur Arnarsson steig til hliðar úr því embætti. Bjarki segir að eitt af fyrstu verkefnum stjórnar landeldisbænda verði að halda áfram samtali við stjórnvöld varðandi straumlínulögun á umsóknarferlum hjá hinu opinbera. Verkefnin séu mjög háð leyfisveitingum og efla þurfi viðeigandi stofnanir til að tryggja eðlilega málsmeðferð og að afgreiðslutími dragist ekki úr hófi.

Þá standi yfir vinna í matvælaráðuneytinu að nýjum heildarlögum um fiskeldi á hafi og landi. Ráðuneytið hafi kallað eftir samtali við hagaðila, sem landeldisbændur muni vinna í samstarfi við BÍ. Jafnframt hefur deildin áhuga á að hefja samtal við háskólana þar sem uppbyggingin í greininni kalli eftir faglærðu fólki.



Bjarki Már Jóhannsson.

Landeldi hafi verið stundað í tugi ára með góðum árangri, en sú framleiðsla hafi verið á tiltölulega litlum skala. Bjarki segir að nú sé greinin í miklum vexti og áform fyrirtækja sýna að landeldi hafi alla burði til að verða einn af burðarstólpum útflutnings á Íslandi.

Deild landeldisbænda sé að hefja sitt annað starfsár og sé mikill stuðningur fyrir nýja búgrein að geta leitað til samtakanna með hin ýmsu mál. Með Bjarka í stjórn eru Stefán Ágústsson frá First Water og Lárus Ásgeirsson frá Laxey. /ál




**Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:**

**Akureyri:** Bílaríki, Lónsbakka.
**Egilsstaðir:** Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.
**Hvolsvellir:** Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.
**Ísafjörður:** Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.
**Reykjanesbær:** K. Steinarsson, Holtsgötu 52.

SUZUKI

● Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki á Íslandi | YouTube

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

# Deildafundir búgreina



Ný stjórn hjá geitfjárbændum. Brynjar Þór Vigfússon formaður, Jóhanna Bergmann Þorvaldsdóttir, Anna María Flygenring, Hulda Brynjólfsdóttir varamaður og Guttormur Hrafn Stefánsson varamaður. Mynd / smh

## Geitfjárbændur:

# Ákall um meiri stuðning

**Deildarfundur geitfjárbænda innan Bændasamtaka Íslands var haldinn 12. febrúar. Ljóst er eftir þann fund að Brynjar Þór Vigfússon, Gilhaga í Öxarfirði, verður áfram formaður deildarinnar.**

Jóhanna Bergmann Þorvaldsdóttir, á Háafelli í Hvítársíðu, verður einnig áfram í stjórninni og svo kemur Anna María Flygenring, í Hlíð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, aftur inn í stjórn.

Ein ályktun var samþykkt frá fundinum um að Bændasamtök Íslands í samráði við stjórnvöld vinni saman að því að styrkja framtíð geitastofnsins og geitfjárræktarinnar með fjármagni og stuðningi, ekki einungis í orði heldur einnig á borði. Stjórnvöld hafi undirgengist ýmsar skuldbindingar varðandi verndun stofnsins sem er enn þá talinn í bráðri útrýmingarhættu.

Þannig megi tryggja áframhaldandi þróun búgreinarinnar og framtíðarsýn ræktunarinnar áfram upp úr útrýmingarhættu.

*Vonast eftir meiri þátttöku*

Brynjar segir að umræður á fundinum hafi verið fjölbreyttar en einskorðast að mestu við innsendar tillögur sem hafi verið unnar upp úr starfi deildarinnar og úr samtölum við geitabændur. Hann segist líta sáttur til síðasta árs í embætti formanns, þó mögulega hafi mátt gera meira.

„Það er von mín að geitabændur fari að láta sig varða meira starf deildarinnar og komi virkari að starfi deildarinnar. Til að deildin geti haldið öflugu starfi gangandi þarf hún að finna fyrir auknum áhuga frá fleiri geitabændum og finna fyrir aðhaldinu frá þeim.

Það er ósanngjarnt að ár eftir ár leggist það á sömu herðar fárra að láta í sér heyra um geitfjárræktina. Því fleiri sameinaðar raddir er líklegra að hærra heyrist frá lítilli grein,“ segir Brynjar.

*Greining á tekjum og gjöldum*

Hann telur að markverðustu málefni fundarins hafi snúist um mikilvægi þess að greining á tekjum og gjöldum geitfjárræktarinnar fari fram, þar sem lítið sé um haldbær gögn um stöðu þeirra mála.

Hann segir einnig brýnt að halda áfram vinnu með Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins varðandi kynbótamat og við Heiðrúnu skýrsluhaldsforritið, sem nauðsynlegt sé að koma í rétt horf sem fyrst. Þá liggi mikið á að geitfjárræktin fái aukinn opinberan stuðning þar sem greinin standi gjarnan utan við stuðningskerfið. Huga verði að hvar hún gæti komist að eða vinna að því að nýir stuðningsflokkar verði stofnaðir utan um greinina.

Koma verði á samtali milli deildarinnar og Bændasamtaka Íslands varðandi fjölþættan stuðning við greinina. */smh*




## Nautgripabændur:

# Áherslumál við gerð nýrra búvörusamninga mótast

**Tollamál, starfsskilyrði bænda, framleiðslustýring og mögulegur innflutningur á nýju mjólkurkúakyni var meðal umræðuefna á deildarfundi nautgripabænda.**

Hátt í fjörutíu bændur sátu deildarfund nautgripabænda dagana 12. og 13. febrúar sl. Framtíð framleiðslustýringarkerfis í mjólkurframleiðslu var rædd og tillaga samþykkt þess efnis að meta þurfi hvernig núverandi búvörusamningur hafi reynst bændum. Þá þurfi að skoða með hvaða hætti megi lækka kostnað við það framleiðslustýringarkerfi sem við lýði verður.

Þá var samþykkt tillaga um endurskoðun framkvæmdar úthlutunar tollkvóta. „Lágt verð tollkvóta getur haft mikil áhrif á birgðastöðu nautakjöts hér á landi. Haldi útboðin áfram á sömu leið má leiða líkur að því að offramboð verði á nautakjöti sem mun leiða til hruns á afurðaverði. Til að sporna við þessu mætti til að mynda setja lágmarksverð á tollkvóta. Við þær aðstæður myndi eftirspurn úti á markaði fremur stjórna innflutningi á nautakjöti heldur en kerfislegir hvatar til innflutnings,“ segir í rökstuðningi með samþykktri tillögu.

*Vilja segja upp samningi við ESB*

Fundurinn krafðist þess enn fremur að samningi Íslands og Evrópusambandsins með landbúnaðarvörur verði tafarlaust sagt upp. Í rökstuðningi er vísað til úttektar utanríkisráðuneytisins þess efnis að forsendur samningsins sé íslenskum bændum í óhag. „Íslensk stjórnvöld óskuðu eftir því við ESB í lok árs 2020 að tollasamningur Íslands og ESB um landbúnaðarvörur verði endurskoðaður en síðan hefur lítið heyrst. Því er íslenskum stjórnvöldum sá einn kostur að segja upp núverandi samningi.“ Einnig var samþykkt tillaga sem ítrekar mikilvægi þess að tollvernd fylgi verðlagi, enda órjúfanlegur hluti af starfskjörum og starfsöryggi bænda.

Áherslumál nautgripabænda við gerð búvörusamninga eru tiltekin í samþykktri tillögu; stórauka þurfi fjármagn sem sett er í samningana, tollvernd verði að vera aukin til muna og auka þarf verulega stuðning við nautakjötsframleiðslu í gegnum sláturálag. Einnig vill fundurinn að hagræðingarkrafa verði tekin út. „Það að stuðningsviðmiðun hafi verið fryst frá árinu 2004/2005 hefur haft veruleg og neikvæð áhrif á rekstrarforsendur í mjólkur- framleiðslu þar sem tekjur voru ekki tryggðar á móti,“ segir í rökstuðningi með tillögunni.

Þá er bent á að á meðan heildargreiðslumark í mjólk hafi aukist verulega hafi heildargreiðslur á greiðslumark rýrnað um tæp 59% af raunvirði. Því var samþykkt tillaga þess efnis að tryggt verði að greiðslur sem greiddar eru út á lítra af mjólk haldist óbreyttar á hvern lítra þótt heildargreiðslumark breytist milli ára. Fundurinn beindi enn fremur því verkefni til stjórnar BÍ að athuga hvort umboðsmaður Alþingis geti tekið til skoðunar hvort ríkisstjórnin brjóti lög með því að fara ekki eftir búvörusamningnum. Þá eigi stjórn BÍ að hefja samningaviðræður við afurðastöðvarnar um að taka upp merkið Íslenskt staðfest.

Einnig er það vilji fundarins að verulega verði aukið við það fjármagn sem fer í nýliðunar- og fjárfestingastuðning en þeir fjármunir



Frá deildarfundi nautgripabænda. Mynd / Róbert Arnar

verði ekki teknir af öðrum liðum. Þar að auki gagnrýnir fundurinn stjórnvöld harðlega fyrir þá mismunun sem viðhöfð var við framkvæmd greiðslna úr þeim potti sem stjórnvöld úthlutuðu í lok síðasta árs, en í rökstuðningi segir að ákveðinn hópur bænda hafi ekkert fengið og nefna sem dæmi nautgripabændur sem ekki halda holdakýr og ungir bændur sem tóku við rekstri frá 2012 til 2016. Önnur tillaga felur í sér áskorun um að hefja viðræður um að styrkja frekar þá bændur sem framleiða nautakjöt með eldi á nautkálfum undan íslenskum mjólkurkúm.

*Skiptar skoðanir um nýtt mjólkurkúakyn*

Fundurinn brýndi fyrir stjórn deildarinnar að leggja áherslu á að flýta vinnu við nýjan verðlagsgrundvöll mjólkur og kjöts eins og kostur er. Þá var samþykkt að stjórn BÍ komi því skýrt til skila við stjórnvöld að það sé mikilvægt þegar málefni landbúnaðarins eru til umræður að Bændasamtökin séu höfð með í ráðum, með tilliti til reglugerðabreytinga, lagasetningar og gerð samninga sem lúta að landbúnaði sem og að hafið verði samtal við stjórnvöld um hvaða leiðir skuli fara og hvernig aðkoma ríkisins skuli vera að því að tryggja hagstæðari lánakjör til landbúnaðarins í heild.

Skiptar skoðanir voru um mögulegan innflutning á nýju erfðaefni í mjólkurkúastofninum en samþykkt var að stjórn NautBÍ kannaði áhuga bænda á innflutningi á nýju mjólkurkúakyni.

Fundurinn lýsti þungum áhyggjum af slakri kjörsókn stærstu deilda Bændasamtakanna, en hún var 26% hjá félagsmönnum NautBÍ og rúmlega 22% hjá sauðfjárbændum.

Einnig voru samþykktar ályktanir um reglulega félagsfundi, aðgengi rafrænna félagsfunda, um útlagðan kostnað fulltrúa við fundarsetu, um upplýsingaflæði til félagsmanna, verklagsreglur um nefndarstörf, um sameiningu deildarfunda og Búnaðarþings, um förgun á dýrahræjum, einfaldað regluverk um heimavinnslu afurða og heimslátrun. Þá samþykkti fundurinn að stjórn beiti sér fyrir því að samið verði við óháðan aðila sem bændur geti leitað til um ráðgjöf og aðstoð til að bregðast við þegar upp koma tilvik þar sem mjólkurgæði falla. */ghp*



Stjórn búgreinadeildar nautgripabænda, frá vinstri: Jón Örn Ólafsson, Rafn Bergsson, Reynir Þór Jónsson, Sigurbjörg Ottesen og Bessi Freyr Vésteinsson. Mynd / ghp

# Rafn endurkjörinn

Rafn Bergsson í Hólmahjáleigu var endurkjörinn formaður búgreinadeildar nautgripabænda hjá Bændasamtökum Íslands til næstu tveggja ára.

Á deildarfundi kúabænda var jafnfram kosin ný stjórn búgreinadeildarinnar en þau Bessi Freyr Vésteinsson, Reynir Þór Jónsson og Sigurbjörg Ottesen gáfu kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og voru kjörin. Jón Örn Ólafsson var kosinn nýr í stjórn í stað Guðrúnar Eikar Skúladóttur sem gaf ekki kost á sér áfram. Í varastjórn voru kjörin þau Erla Rún Guðmundsdóttir, Magnús Örn Sigurjónsson og Sigrún Hanna Sigurðardóttir.

Í þakkarræðu eftir kjör sitt hvatti formaðurinn félagsmenn að taka virkan þátt í starfinu. „Stærsta verkefnið fram undan er að vinna áfram að bættu rekstrarumhverfi greinarinnar til að tryggja nautgripabændum viðunandi afkomu af sinni starfsemi. Nú í aðdraganda nýrra búvörusamninga þurfum við að vanda til verka, mynda okkur framtíðarsýn um hvert við stefnum og svo í framhaldinu ákveða hvaða leiðir eru bestar til að ná þeim markmiðum.

Finna þarf leiðir til að virkja grasrótina betur og fá félagsmenn til að taka meira þátt í félagsstarfinu. Það er mjög mikilvægt að fá sem flestar raddir og skoðanir fram til að geta vegið og metið mismunandi leiðir og þannig vonandi fundið bestu niðurstöðuna. Þá þurfum við að fylgja eftir vinnu við nýjan verðlagsgrunn sem nú er í gangi og halda áfram að vinna að því að við getum tekið kyngreiningu á nautasæði upp hér á landi, enda getur það skilað umtalsverðum ávinningi fyrir greinina,“ segir Rafn Bergsson.

EYLÍF

# **Hrein** íslensk fæðubót **frá Eylíf**

*Ókeypis heimsending á eylif.is ef keypt er fyrir 7000 kr eða meira*

*Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó*




## Vörulínan frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fimm vörur, **Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR, Happier GUTS** og **Stronger LIVER,** allt vörur sem hafa reynst fólki vel.

Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaefnum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík.

„Vinsælasta varan er **Active JOINTS** sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á staðfesta virkni þeirra. Við vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi. Við notum hreina, íslenska náttúruafurð, hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum.“

Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:
- Kalkþörungar frá Bíldudal
- Smáþörungar (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ
- GeoSilica kísill frá Hellisheiði
- Kollagen frá Grindavík og Sauðárkróki
- Kítósan frá Siglufirði
- Íslenskar jurtir handtíndar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði

algalíf




**Olgeir Engilbertsson, bóndi og fyrrum húsvörður, var farinn að finna til í mjaðmaliðum við gang og sérstaklega var erfitt að fara upp tröppur. Eftir að hann byrjaði að taka Active JOINTS frá Eylíf fann hann fljótt mikinn mun til betri vegar.**

Olgeir segist hafa lesið viðtal við sveitunga sinn sem sagði frá því að líðan sín væri allt önnur eftir að hann byrjaði að taka **Active JOINTS** frá Eylíf. Hann ákvað að prófa líka. „Þetta var fyrir ári og ég hef tekið **Active JOINTS** á hverjum degi síðan, sleppi því aldrei,“ segir hann. „Ég hafði prófað annað fæðubótarefni fyrir liðina en fann þá engan mun. Það var því stórkostlegt að finna árangur svona fljótt, bara strax fyrstu vikuna. Ég get vel mælt með **Active JOINTS**, hef reyndar gert það við marga sem ég hitti og hef fengið þakkir fyrir,“ segir hann. „Það er undarlegt að ég er eiginlega búinn að gleyma þessum óþægindum, ég þurfti því oft áður að taka inn verkjalyf.“

**Olgeir segist hafa talið að liðskiptaaðgerð væri eina lausnin. Núna segist hann ekki hafa neina þörf fyrir slíka aðgerð. Honum finnst ekki verra að Active JOINTS frá Eylíf er unnið úr íslenskum hráefnum og framleitt hér á landi. „Það er virkilega gaman að hægt sé að þróa svona góða vöru hér á landi. Ég hef mikla trú á íslenskri nýsköpun,“ segir hann.**

Bændastarfið getur verið erfitt og lýjandi þótt Olgeir segi það mun auðveldara en í gamla daga. „Þegar bindivélar komu til sögunnar bundu þeir litla bagga en að koma þeim af túnum í hlöðu var erfitt, sérstaklega ef heyið var illa þurrt. Ég átti ekki baggatínu til að koma böggunum á vagn og því var þetta handvirk vinna. Mikil framför varð þegar rúlluvæðingin kom og létti mikið á erfiðsvinnunni,“ útskýrir hann.




Olgeir var með kýr í 25 ár eða þar til 1984 þegar hann gerðist húsvörður í Laugalandsskóla í Holtum með bústörfunum. „Við vorum með kindur fram yfir 1991 en eftir það voru bara nokkrar eftir sem eins konar hobbý. Það var alltaf nóg að gera hjá manni en nú er ég hættur að vinna og sinni bara fjölmörgum áhugamálum,“ segir hann en Olgeir er fæddur 1936. „Svo þarf að huga að girðingum og þess háttar en maður fær góða hreyfingu út á þá vinnu,“ bætir hann við.

Olgeir hefur útbúið stikur í rúma 100 km. Þar af er Hellismannaleiðin frá Leirubakka um Skarfanes og inn í Landmannalaugar um 80 km og svo eru aðrar leiðir styttri eins og Klukkugilsleiðin frá Hellinum upp í Hrafntinnusker og fleiri. „Ég hafði ágætis vinnuaðstöðu í fjósinu til að gera stikurnar,“ útskýrir hann. Olgeir hefur í gegnum tíðina farið í 58 ferðir með trússa þar sem fé er smalað af fjalli. Núna hef ég gaman að því að sortera gamlar myndir,“ segir Olgeir sem mælir heilshugar með **Active JOINTS** frá Eylíf.



# Deildafundir búgreina



Frá deildarfundi hrossabænda þann 12. febrúar síðastliðinn. Nanna Jónsdóttir, formaður deildarinnar, í pontu. Mynd / ghp

### Hrossabændur:

## Fjölbreytt verkefni

**Margþættar umræður sköpuðust á deildarfundi hrossabænda. Stofnverndarsjóður, hrossakjötsafurðir, starf ábyrgðarmanns hrossaræktar, drómasýki og þóknun formanns báru á góma.**

Nanna Jónsdóttir, formaður búgreinadeildarinnar, fór yfir störf deildarinnar á árinu og stöðu WorldFengs en fyrir liggur að uppfæra þarf upprunaættbókina. Aðkoma hrossabænda að búvörusamningum voru einnig rædd en fram kom að stjórn deildarinnar hafi átt fund með ráðherra vegna þeirra.

Á fundinum voru haldin nokkur erindi. Berglind Margo Þorvaldsdóttir kynnti starfsemi Horses of Iceland sem búgreinadeildin er aðili að. Fyrirhugað er að bjóða ræktendum upp á sérstakan samstarfssamning við verkefnið.

Karvel L. Karvelsson framkvæmdastjóri RML kynnti hlutverk fyrirtækisins og verkefni þess tengt hrossarækt og hrossahaldi. Fram kom í máli Karvels að starf ábyrgðarmanns í hrossarækt verði auglýst og mun verkefni starfsmannsins ráðast af þeim einstaklingi sem ráðinn verður en verkefni verða einnig dreifð til annarra starfsmanna fyrirtækisins.

Fundurinn afgreiddi ellefu tillögur sem vísað var ýmist til stjórnar búgreinadeildarinnar eða til vinnslu hjá Bændasamtökum Íslands.

Tillögurnar fjölluðu um markaðssetningu hrossakjötsafurða, um áreiðanleika uppruna hests og fótabúnað hrossa á WR mótum, um aðgengi myndefnis Landsmóts á WorldFeng og um mikilvægi rannsókna á drómasýki. Einnig var samþykkt að leggja til hækkun á þóknun formanns búgreinadeildar hrossabænda. Þá samþykkti fundurinn að hætta að verðlauna kynbótaknapa ársins.

Breyting var á stjórn búgreinadeildarinnar. Vignir Sigurðsson og Eysteinn Leifsson gáfu ekki áfram kost á sér en í stað þeirra voru þeir Agnar Þór Magnússon og Jón Vilmundarson kjörnir í stjórn.

Þeir verða auk þess fulltrúar hrossabænda á búnaðarþingi ásamt Nönnu Jónsdóttur, formanns deildarinnar. */ghp*

### Garðyrkjubændur:

## Áhyggjur af myglu, tollum og garðyrkjunámi

**Deildarfundur garðyrkjubænda innan Bænda- samtaka Íslands var haldinn 12. febrúar og er stjórn deildarinnar óbreytt.**

Axel Sæland er áfram formaður og meðstjórnendur þau Jón Helgi Helgason, Halla Sif Svansdóttir, Óli Björn Finnsson og Eygló Björk Ólafsdóttir. Varamenn í stjórn eru Birkir Ármannsson og Guðni Þór Guðjónsson.



Kartöflubændur í Þykkvabæ urðu brúnaþungir í umræðum um hina válegu kartöflumyglu. Mynd / sá

Axel Sæland segir ýmislegt brenna á garðyrkju- bændum. Endurskoðun búvörusamninganna hafi verið gífurleg vonbrigði og efndir háleitra markmiða stjórnvalda um að styðja garðyrkjuna séu engar. „Með ráðuneytisstjórahópnum var komið með enn einn plásturinn á landbúnaðinn meðan garðyrkjan er virkilega að reyna að horfa til framtíðar.“ Vonandi verði nýjar áherslur í búvörusamningum 2027 og skýrari sýn á hvernig fólk vilji fara inn í framtíðina.

Hann segir að endurskoða verði tollaumhverfið í heild sinni. „Þegar verðin erlendis eru þannig að fyrirtæki á Íslandi, eins og í blómunum t.d., nenna ekki einu sinni að sækja um tollkvótana sem eru í boði heldur flytja bara inn á fullum tollum af því að það er einfaldara, þá er bersýnilega eitthvað að.“

Skýrsla Ríkisendurskoðunar; Tollframkvæmd vegna landbúnaðar-afurða, stjórnsýsluúttekt, 2022, brýni tollyfirvöld til að fara eftir settum reglum. „Við viljum sjá íslensk stjórnvöld bregðast við og taka til í þessu og þetta á við um miklu fleira en garðyrkjuna. Landbúnaðurinn í heild sinni er undir. Maður bindur auðvitað vonir við að íslenska ríkið sjái hag sinn í að verja þá matvælaframleiðslu sem er hér á landi.“ Axel segir garðyrkjubændur samhenta. „Við erum mjög græn grein umhverfislega, tikkum í öll box í hollum neysluvenjum og fáum þar af leiðandi meira pláss í umræðunni og svo eru bara að verða til risafyrirtæki í garðyrkju á Íslandi.“

Fjórar ályktanir voru samþykktar á fundinum. Sú fyrsta lýtur að húsakosti fyrir garðyrkjunám. Segir þar að „Húsnæðismál garðyrkjubrautar FSU eru í lamasessi, ljóst er að mikið átak verði að eiga sér stað á Reykjum ef skólinn á að þrífast þar. Deild garðyrkjunnar skorar á stjórnvöld að koma húsnæðismálum í lag með því að sinna því viðhaldi sem þarf og byggja þær nýbyggingar sem lofað er.“ Þá var ályktað um búvöru-samninga en deildin lýsir vonbrigðum með endurskoðunina. Stjórnvöld séu að svíkja loforð í stjórnarsáttmála um að bæta auknu fjármagni inn í útirækt og tryggja ylrækt 95% niðurgreiðslu á dreifingarkostnaði raforku. „Ekkert bendir til að stjórnvöld ætli sér að standa við gefin loforð nú þegar endurskoðun er lokið.“ Í kjölfar töluverðra umræðna um mögulega nýja og illviðráðanlega myglustofna í innfluttu útsæði var eftirfarandi ályktað: „Kartöflumygla ógnar ræktun kartaflna á Íslandi. Ísland er í kjörstöðu til að vera myglufrítt svæði vegna fjarlægðar sinnar frá öðrum ríkjum. Til að svo verði þarf að finna leiðir til að fullnægja markaði með íslensku útsæði. Deild garðyrkjunnar ályktar svo að með því að koma á fót metnaðarfullri vefjaræktun og efla stofnútsæðisbændur þá sé því ekkert til fyrirstöðu að hætta innflutningi á stofnútsæði kartaflna. Mikilvægt sé því að BÍ í samstarfi við RML og Matís leiti allra leiða til að finna framtíðarlausnir og fjármagn til að svo verði.“

Þá voru Bændasamtökin brýnd í tillögum til að taka tollaumhverfi garðyrkjunnar fastari tökum og leita leiða með stjórnvöldum til að leysa þau mál.

*Saga garðyrkjunnar frá 1980*

Á fundinum kynnti Ívar Ragnarsson, ráðgjafi hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML), skýrslu sína og Helga Jóhannessonar ráðunautar: Rekstrargreining garðyrkju á Íslandi 2019–2022. Rósa Jónsdóttir, fagstjóri hjá Matís, kynnti verkefni um verðmætaaukningu hliðarafurða frá garðyrkju og Helgi fjallaði um stofnræktun á kartöflum.

Fram kom að nú stendur yfir undirbúningur að ritun sögu garðyrkju á Íslandi frá árinu 1980 til dagsins í dag. Pálmi Jónasson sagnfræðingur vinnur að undirbúningnum á næstunni. */sá*

### Byggðastofnun:

## Vaxtalækkun lána

**Fram kom í frétt Bændablaðsins, 2. nóvember 2023, að stjórn Byggðastofnunar hefði samþykkt lækkun álags á óverðtryggðum lánum til landbúnaðar.**

Fór álagið úr 3,5% á REIBOR í 2,5% á REIBOR. Þá fór álag á lánum til kynslóðaskipta í landbúnaði úr 3,3% á REIBOR í 2,0% álag á REIBOR. Að auki hefur stofnunin komið til móts við bændur með frestun greiðslna og öðrum breytingum á skilmálum lána til að létta undir eins og kostur er.

*Nýsköpun og frekari uppbygging*

Samkvæmt frekari upplýsingum frá forstöðumanni fyrirtækjasviðs, Hrund Pétursdóttur, lækkuðu að sama skapi kjör óverðtryggðra lána Byggðastofnunar í lánaflokkunum nýsköpunarlán, græn lán og lán til stuðnings atvinnurekstrs kvenna nú um áramótin.

„Lánaflokkarnir eiga það sam-merkt að ýta undir nýsköpun og atvinnuuppbyggingu í lands-byggðunum og þá sérstaklega í viðkvæmari byggðarlögum. Er markmiðið því að styðja betur við þau verkefni sem þegar hafa fengið fjármögnun úr þessum lánaflokkum og hvetja til frekari uppbygginga í byggðum landsins. Hafa bændur einnig sótt fjármagn í þessa lánaflokka, t.d. með virkjun bæjarlækja eða til nýsköpunar í framleiðslu.“

Þessu er við að bæta að stjórn Evrópska fjárfestingasjóðsins (EIF) samþykkti á fundi sínum þann 8. febrúar að hefja samninga-viðræður við Byggðastofnun um aðild að InvestEU ábyrgðasamkomulagi sjóðsins. Byggðastofnun var áður aðili að COSME ábyrgðasamkomulagi EIF en það hefur gert stofnuninni kleift að m.a. bjóða fyrrnefnd lán til kynslóðaskipta í landbúnaði þar sem lægri krafa um eigið fé og aukinn sveigjanleiki með greiðslur í upphafi gerir ungum bændum auðveldara um vik að hefja búskap.

**Hvað er Reibor?**

REIBOR eru vextir á millibanka-markaði með krónur. Krónumarkaður gengur einnig undir nafninu REIBOR markaður og vextir sem skráðir eru á markaðnum kallaðir REIBOR vextir. REIBOR er stytting á Reykjavík interbank offered rate.

*Aukinn og rýmri stuðningur*

Þátttaka Íslands í InvestEU áætlun Evrópusamstarfsins gefur fyrirheit um stórauknar fjárfestingar í nýsköpun, stafrænni væðingu og grænum lausnum hér á landi.

„Í samtalinu við EIF um aðild að InvestEU ábyrgðasamkomulaginu nú verður áfram horft til þess að styðja við nýliðun í landbúnaði.

Þá verða lán til grænna verkefna útvíkkuð frekar auk þess sem lánaflokkur til brothættra byggða er á teikniborðinu. Vonir eru bundnar við að endanlegt samkomulag liggi fyrir í vor, en takist það munu hinar dreifðari byggðir landsins áfram njóta góðs af,“ segir Hrund Pétursdóttir. */sp*



STEINSMIÐJA AKUREYRAR

# Tilboð í janúar og febrúar

***Uppsetning á höfuðborgarsvæði og Norðurlandi innifalin.***
***Sendum steina frítt um allt land. Geymum steina ef óskað er.***




***TILBOÐ 1** (ljósmynd)*
***Svargrár litur***
***Sett eins og á mynd - 565.000***
***án blómaramma - 465.000***

***TILBOÐ 2***
***Demantur - passar líka á duftleiði***
***149.000 (199.000 með lukt)***




***Svartur***




***Paradiso***




***Blár***




***Grár***

***TILBOÐ 3***
***Drangi 70cm hár frá sökkli***
***410.000***




***Rúmar vel tvö nöfn***

***TILBOÐ***

***Viðhaldsfrír bekkur úr granít***
***Svartur, grár eða paradiso.***
***Sjá heimasíðu.***
***150cm - 160kg***
***frí sending með LF***
***Afhending í mai. 160.000 kr***



***s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is***



Heimilt er að greiða árlega framlög úr Jöfnunarsjóði vegna stofnkostnaðar við vatnsveitur á vegum eigenda lögbýla að uppfylltum tilteknum skilyrðum.
Mynd / Úr safni

MAST:

# Styrkir til vatnsveitna á lögbýlum

**Enn er opið fyrir umsóknir um framlög vegna vatnsveitna á lögbýlum sbr. reglugerð um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.**

Matvælastofnun (MAST) opnaði fyrir umsóknir um framlög vegna vatnsveitna á lögbýlum í byrjun mánaðar og lýkur umsóknarfresti 29. febrúar. Tekið er fram í tilkynningu frá MAST að hann verði ekki framlengdur.

Stuðningur fyrir hverja framkvæmd getur að hámarki numið 44% af stofnkostnaði við vatnsveitu til heimilis- og búsþarfa.

Heimilt er að greiða árlega framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna stofnkostnaðar við vatnsveitur á vegum eigenda lögbýla þar sem svo háttar til að hagkvæmara er að mati sveitarstjórnar að leggja vatnsveitu að einstökum bæjum. Nær heimildin til allra lögbýla í landinu þar sem landbúnaður er stundaður í þeim mæli að talist geti búrekstur eða þáttur í búrekstri. Jafnframt er skilyrt að umsækjendur hafi ÍSAT-númer í búnaðargjaldsskyldri búgrein og virðisaukanúmer.

Undanskildar eru þó þær jarðir og jarðarhlutar sem liggja innan skipulagðra þéttbýlissvæða sveitarfélaga. Þá eru framlög ekki veitt vegna framkvæmda á lögbýlum sem hafa ekki verið setin í tvö ár eða lengur næst á undan framkvæmdaári, eða eru nytjuð frá öðrum lögbýlum nema byggingar á jörðinni séu nytjaðar til búrekstrar sem krefst aðgangs að vatni eða fyrir liggi heimild til stofnunar lögbýlis þar skv. jarðarlögum. */sá*



# Rýnt í lagaumgjörð hvalveiða

**Forsætisráðherra hefur skipað starfshóp sem falið er að skoða lagaumgjörð hvalveiða ofan í kjölinn.**

Þorgeir Örlygsson, fv. forseti Hæstaréttar, verður formaður starfshópsins, sem falið verður að rýna lagaumgjörð hvalveiða, þ.m.t. alþjóðlegar skuldbindingar ríkisins, valdheimildir og skyldur stjórnvalda á þeim grundvelli. Segir í tilkynningu frá Stjórnarráðinu að starfshópnum sé ætlað að skila skýrslu þar sem fram komi valkostagreining um mögulegar leiðir til úrbóta og stefnumótunar. Eigi valkostir bæði að taka mið af áframhaldandi veiðum sem og takmörkun eða banni á veiðum til framtíðar. Skýrslunni er ætlað að vera grundvöllur fyrir framtíðarstefnumótun um hvalveiðar.

Ekki kemur fram hvenær áætlað er að hópurinn skili af sér. Hópinn skipa, ásamt Þorgeiri, þau dr. Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor í umhverfis- og auðlindarétti við HÍ, Árni Kolbeinsson, fv. forseti Hæstaréttar, dr. Snjólaug Árnadóttir, forstöðumaður Sjálfbærni- og loftslagsréttarstofnunar HR og dósent og Trausti Fannar Valsson, forseti lagadeildar HÍ og dósent í stjórnsýslurétti. */sá*






Óli Þór Hilmarsson við nákvæmnisúrbeiningu.

Lambakjöt:

# Ríkt af B12-vítamíni, fólati, kalíum og sinki

## – Uppfærð gögn um nýtingarhlutfall og næringargildi lambakjöts

**Samkvæmt niðurstöðum verkefnis sem nýlega var unnið hjá Matís, um nýtingu og næringargildi lambakjöts, er íslenska lambakjötið góður próteingjafi, ríkt af B12-vítamíni, fólati, kalíum og sinki. Staðfest er að fituhlutfallið hefur minnkað með árunum.**

Um nýjar upplýsingar er að ræða sem munu meðal annars nýtast í markaðsstarfi fyrir lambakjötsafurðir, auk þess að gagnast sláturleyfishöfum, kjötafurðastöðvum og kjötvinnslufyrirtækjum við verðlagningu á kindakjötsafurðum og gerð rekstraráætlana.

*Nýtingarhlutfall og efnainnihald*

Verkefnið var unnið fyrir markaðsstofu Icelandic lamb með stuðningi úr Matvælasjóði og snerist í grundvallaratriðum um úttekt á nýtingarhlutföllum innan kjötmatsflokka lambakjöts, ásamt greiningum á efnainnihaldi kjötsins og aukaafurða eins og innmats – sem vaxandi verðmæti eru í.

Að sögn Ólafs Reykdal, verkefnisstjóra hjá Matís, var skortur á gögnum um þessi atriði farinn að há markaðsstarfi og því séu niðurstöðurnar mikilvægar fyrir búgreinina. „Gömul úttekt á nýtingarhlutfalli lambaskrokka og -stykkja var til frá árunum 2004–2005. Þessar niðurstöður voru orðnar úreltar þar sem miklar framfarir hafa orðið í ræktun. Fituinnihald hefur til dæmis minnkað með árunum og vekur sérstaka athygli.

Almennt mælist hlutfall þess nú að meðaltali 16 prósent fyrir lambaskrokka en var 19 prósent þegar fyrri mælingar voru gerðar. Þá má nefna að fituhlutfall lambalæra var nú 10 prósent að meðaltali en hafði verið 12 prósent í fyrri úttekt.

Fituhlutfall í lambaslögum var nú 24 prósent að meðaltali en hafði verið 28 prósent áður,“ segir Ólafur. Varðandi aðrar breytingar sem orðið hafa á næringargildi á afurðum lambaskrokka segir Ólafur að ýmis næringarefni höfðu ekki áður verið mæld í lambakjöti. Nefnir hann sérstaklega B12-vítamín sem reyndist vera í ríkum mæli í lambakjöti miðað við mörg önnur matvæli.

*Til grundvallar lágu 63 lambaskrokkar*

Ólafur segir að þarfagreining hafi verið unnin með hagaðilum og tafla uppfærð yfir þá kjötmats- og þyngdarflokka sem töldust mikilvægastir.

Beitt hafi verið þeirri aðferð að valdir voru lambaskrokkar úr sjö kjötmatsflokkum, níu skrokkar úr hverjum matsflokki, alls 63 skrokkar. „Skrokkar úr þessum flokkum náðu yfir 92 prósent framleiðslunnar miðað við skiptingu í kjötmatsflokka árið 2021. Öðrum helmingi skrokkanna var skipt í læri, frampart, slag og hrygg samkvæmt hefðbundinni skiptingu og síðan var nákvæmisúrbeiningu beitt til að ákvarða hlutföll kjöts, fitu og beina.

Hinn helmingur skrokkanna var nýttur fyrir valdar lambakjötsafurðir. Þessar afurðir voru valdar í samráði við aðila í kjötiðnaði og voru þær hugsaðar sem nýjungar og til að mæta óskum neytenda um spennandi afurðir. Nú liggja fyrir upplýsingar um þessar lambakjötsafurðir og er vonast til að kjötiðnaðurinn taki þessum möguleikum fagnandi,“ segir Ólafur.

*Kjötnýting 59 prósent*

Að sögn Ólafs var kjötnýting, eða kjöthlutfall, fyrir lambaskrokkana í heild að meðaltali 59 prósent. „Meðal ánægjulegra niðurstaðna er að hlutfall kjöts, fitu og beina í mismunandi gæðaflokkum staðfesta að lambakjötsmatið er raunhæft og í samræmi við skilgreiningar sem liggja að baki matinu.



Fituhlutfall lambalæra var nú 10 prósent að meðaltali en hafði verið 12 prósent í fyrri úttekt.



Ólafur Reykdal.

Mælingar á næringarefnum og þungmálmum í lambakjöti leiddu í ljós að það er góður próteingjafi og ríkt af B12-vítamíni, fólat-vítamíni, kalíum og sinki. B12-vítamín er sérstaklega mikilvægt þar sem það getur skort í fæði fólks sem neytir í vaxandi mæli jurtaafurða. Þungmálmarnir kvikasilfur, kadmín, blý og arsen voru ekki mælanlegir í lambakjötinu.

*Næringarríkur innmatur*

Auk kjötsins voru tekin sýni af lambainnmat og nokkrum líffærum til að greina næringarefni í þeim. „Þessar afurðir geta skapað aukin verðmæti á komandi árum og nokkur frumkvöðlafyrirtæki eru nú þegar farin að hagnýta líffæri lamba,“ segir Ólafur og bætir við að næringargildin hafi áður verið merkt með fyrirliggjandi upplýsingum en nú sé hægt að merkja með nákvæmari hætti og veita neytendum betri upplýsingar.

„Innmatur og líffæri reyndust almennt næringarrík. Há próteingildi mældust fyrir flest sýnin og vöktu athygli. Þau voru yfirleitt auðug af járni og seleni en þessi efni eru mikilvæg næringarefni. Þungmálmarnir voru annaðhvort ekki mælanlegir eða styrkur þeirra var mjög lágur.

Mjög mikilvægt er að komast sem næst fullnýtingu á afurðum sauðfjárræktarinnar og er sjávarútvegurinn góð fyrirmynd í því efni. Auk þessa verður kostnaðarsamt að losna við úrgang frá sláturhúsum,“ segir Ólafur enn fremur. Skýrslan um niðurstöður verkefnisins er aðgengileg í gegnum vef Matís. */smh*

limtrevirnet.is

# HRAÐUR BYGGINGARTÍMI

# HAGKVÆMT EFNI

# FLJÓT AFGREIÐSLA

Hefur þú kynnt þér steinullareiningar?

**Skoðaðu nánar á Limtrevirnet.is**




- Steinullareiningar henta í milliveggi, þök eða heilar byggingar.
- Einfalt byggingarferli með stöðluðum lausnum.
- Hægt að fá hönnun og teikningar til samþykktar hjá byggingafulltrúa.
- Íslensk framleiðsla sem tryggir fljótari afgreiðslu.

LímtréVírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Byggingadeild: 412-5380 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

Framúrskarandi fyrirtæki 2023 ÍSLENSKT CE



## Samræmt söfnunarkerfi

**Vinna á tillögu um útfærslu fyrir samræmt söfnunarkerfi dýraleifa á landsvísu sem flokkast í áhættuflokk 1, með það að markmiði að koma þessum málum í viðeigandi úrvinnslu eða förgun.**

Verkefnið er sett af stað af frumkvæði matvælaráðuneytisins og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis í samstarfi við Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra til að bregðast við athugasemdum Eftirlitsstofnunar EFTA sem og úrskurði EFTA dómstólsins um að Ísland hafi ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt EES-samningnum varðandi frágang á þessum dýraleifum. Gert er ráð fyrir að tillagan verði tilbúin í byrjun sumars.

Í tilkynningu frá ráðuneytunum kemur fram að aukaafurðir úr dýrum flokkist í þrjá áhættuflokka sem segja til um meðhöndlun svo tryggja megi öryggi lokaafurðar og leyfilega notkun hennar. Blandist efni úr áhættuflokkunum saman falli öll blandan í sama áhættuflokk og áhættamesta efnið í blöndunni er flokkað í. Almenna reglan sé sú að ábyrgðin á frágangi dýraleifa sem úrgangs liggi hjá þeim rekstraraðilum þar sem úrgangurinn fellur til.

Sveitarstjórnir bera svo ábyrgð á fyrirkomulagi söfnunar á þessum úrgangi og viðeigandi farvegi, auk þess að þurfa að sjá til þess að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir dýraleifarnar. Sérstakar reglur gilda um hræ af dýrum sem felld eru að fyrirskipun stjórnvalda til að hindra útbreiðslu sjúkdóma og ber ríkið þá ábyrgð.

Tillagan verður unnin í samstarfi við finnska ráðgjafarfyrirtækið GMM með fyrirmyndir frá Finnlandi og Noregi. */smh*

# Rækta má hundruð kílóa kjöts af einni stofnfrumu

## – Vaxtarþættir ORF Líftækni skipta sköpum í vistkjötsþróun

**Vistkjöt var boðið til smökkunar í Kópavoginum um miðjan mánuð, í fyrsta sinn í Evrópu að sögn ORF Líftækni og Vow, ástralsks nýsköpunarfyrirtækis, sem stóðu fyrir viðburðinum.**

Vistkjöt (e. cultivated meat) er ræktað úr stofnfrumum dýra. Ástralska nýsköpunarfyrirtækið Vow er frumkvöðull í vistkjötsræktun. Í framleiðsluferli Vow eru notaðir vaxtarþættir frá ORF Líftækni; sérvirk prótín sem kallast vaxtarþættir eða frumuvakar, sem nauðsynlegir eru til framleiðslu á vistkjöti. ORF hefur allt frá stofnun, árið 2001, unnið að þróun vaxtarþátta og frá 2019 unnið með vaxtarþætti sem henta til framleiðslu vistkjöts.

Vistkjöt Vow er nýtt af nálinni og mun þegar hafa verið skilgreint sem örugg matvæli í Ástralíu og Nýja-Sjálandi. Markaðsleyfi er komið fyrir vöruna í Bandaríkjunum og Singapúr og búist við að Ástralía og Nýja-Sjáland gefi út leyfi á þessu ári. Ekki hefur verið sótt um markaðsleyfi í Evrópu þar sem Evrópusambandið heldur að sér höndum í þessum efnum og er sú tregða helst sögð tengjast löggjafar- og leyfisveitingaumhverfi sambandsins.



Vistkjötssmökkun á Evrópuvísu: F.v. Berglind Rán Ólafsdóttir, forstýra ORF Líftækni, George Peppou, forstjóri Vow, Katrín Jakobsdóttir forsætis- og matvælaráðherra og Björn Lárus Örvar, einn stofnenda ORF Líftækni. Myndir/sá

### *Kokkurinn ánægður með hráefnið*

Þau sem þáðu boð um að smakka vistkjötið hjá ORF og Vow voru við komu beðin um að undirrita yfirlýsingu um að þau smökkuðu vistkjötið á eigin ábyrgð.

Boðið var upp á vistkjöt sem ræktað er úr frumum japanskrar kornhænu (e. quail). Ólafur Ólafsson, veitingamaður á Brút, sagðist hafa fengið vistkjötið í formi hakks sem hann hefði kryddað til og hanterað. Grunnbragðið hefði verið gott kjötbragð og hann ekki fundið sérstakan mun á áferð eða meðhöndlun miðað við venjulegt kjöt. Um var að ræða einhvers konar mjúkt paté ofan á hrökk-kexbita og ögn af sultu. Bragðið og áferðin minnti nokkuð á kremaða, fínunna lifrarmús eða -paté.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, og matvælaráðherra í forföllum Svandísar Svavarsdóttur, lét vel af vistkjötinu og gantaðist með að henni liði eins og hún hefði stigið inn í framtíðina. Hún sagði brýnt að fylgjast með þróun hjá Evrópusambandinu varðandi löggjöf og leyfisveitingar um vistkjöt og að Ísland þyrfti að vera á tánum varðandi þetta.

Berglind Rán Ólafsdóttir, forstýra ORF Líftækni, sagði á viðburðinum að vaxtarþættir ORF gerðu vistkjötsframleiðendum, líkt og Vow, ekki einvörðungu kleift að rækta vistkjöt heldur einnig að skala upp ræktunina til að mæta framtíðareftirspurn. Vistkjötsgeirinn væri að fæðast þessi misserin og slíkt kjöt yrði efalítið á boðstólum, m.a. á Íslandi, í nánustu framtíð. ORF er í samstarfi við fleiri vistkjötsframleiðendur um framleiðslu á vaxtarþáttum fyrir vistkjöt, svo sem kóreska matvælafyrirtækið SeaWith.

Þá sagði George Peppou, forstjóri og meðstofnandi Vow, að fyrirtæki sitt væri einstakt á vistkjötsmarkaði, m.a. fyrir að leggja áherslu á að fjölga valkostum fremur en að reyna að endurskapa það sem fólk borði nú þegar. Leitast væri við að framleiða nýja gerð kjöts sem væri einstakt, gott á bragðið, næringarríkt og sjálfbært.

### *Ryðji sér hratt til rúms*

Við framleiðslu vistkjöts er tekið sýni eða vökvi úr vöðva lifandi dýrs. Það getur verið t.d. kálfur, lamb, kjúklingur, svín, fiskur eða eitthvað allt annað. Stofnfrumur, þ.e. ósérhæfðar frumur, eru teknar úr vökvanum og settar í rækt. Til að frumunum fjölgi og þær sérhæfi sig í vöðva- eða fitufrumur þurfa að vera fyrir hendi vaxtarþættir. Úr einni stofnfrumu er hægt að búa til tugi eða hundruð kílóa af kjöti.

Áhugafólk um vistkjöt og framleiðendur benda á að slík framleiðsla krefjist minna landsvæðis og vatns en hefðbundinn landbúnaður og losi mun minna af gróðurhúsalofttegundum út í andrúmsloftið. Neysla á vistkjöti geti aukin heldur stutt við dýravelferð og fæðuöryggi. Þannig sé hægt að framleiða kjötvörur af miklum gæðum og magni en lágmarka neikvæð umhverfisáhrif.

McKinsey-ráðgjafarfyrirtækið hefur spáð að vistkjötsmarkaður muni nema um 25 milljörðum Bandaríkjadollara svo snemma sem árið 2030.

### *Ekki samkeppnisfært enn um sinn*

Helgi Eyleifur Þorvaldsson, aðjunkt hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, segir mjög áhugavert að fylgjast með þróun stofnfrumukjöts og er



**Ólafur Ólafsson, veitingamaður á Brút, leggur síðustu hönd á framreiðslu vistkjöts úr stofnfrumu japanskrar kornhænu.**

sannfærður um að það muni ryðja sér til rúms á komandi árum. Sé rýnt í gögn og tölur út frá nýsköpun virðist sem einhver fyrirtæki í þessum geira séu komin fram hjá fasanum þar sem sprotafyrirtækjum mistekst oftast og hrörna og yfir í vel grundvallaðan rekstur. Mörg fyrirtæki og um allan heim hafi reynt sig á þessum vettvangi.

Gagnrýnt hafi verið að fyrirtækin komist aldrei lengra en að búa til einhvers konar hakk/fars-efni en staðreyndin sé að þróunin sé komin betur á veg og jafnvel farið að búa til steikur úr stofnfrumukjöti. „Þetta á þó langt í land og eftir er að skala framleiðsluna og hvatar þurfa að vera miklu ódýrari til að slíkt kjöt verði einhvern tímann samkeppnisfært,“ segir Helgi. Vistkjöt eigi eftir að verða mjög dýrt næstu tuttugu árin eða svo, enda vandasamt að framleiða það í miklum mæli og framleiðsluferlin viðkvæm. */sá*



**Bragð og áferð vistkjötsins minnir á kremaða lifrarmús eða -paté.**



við St. Tropez

**5. – 17. júní 2024**
**Fararstjórn: Hólmfríður Bjarnadóttir**
**Verð 399.000 kr. á mann í tvíbýli**

Franska rivíeran eða Côte d'Azur í Provence héraðinu tekur á móti okkur í allri sinni dýrð í þessari glæsilegu ferð. Við hefjum þó ferðina í yndislega bænum Tossa de Mar við Costa Brava ströndina á Spáni. Því næst bíður bærinn Sainte-Maxime eftir okkur en hann stendur við hinn hrífandi St. Tropez flóa.

bænda FERÐIR

**Bókaðu núna á bændaferðir.is**

Sími 570 2790 • bokun@baendaferdir.is • Síðumúla 2 • 108 Reykjavík

# BOSCH
## RAFGEYMAR
fyrir allar gerðir ökutækja ásamt
öflugum neyslugeymum




Kemi

Tunguhálsi 10 | 110 Reykjavík | 415 4000 | kemi@kemi.is | kemi.is




**VERSLUN**
Skeifan 2, Reykjavík 108
Opið alla virka daga 08:00 - 18:00
Sími 530 5900

**RÚÐUVERKSTÆÐI**
Skeifan 2, Reykjavík 108
Opið alla virka daga 08:00 - 17:00
Sími 557 5995

RÚÐUVERKSTÆÐI
Hyrjarhöfði 9, Reykjavík 110
Opið alla virka daga 08:00 - 17:00
Sími 557 5995

www.poulsen.is
poulsen@poulsen.is

# Framtíðarlandbúnaður á eftir að stökkbreytast

## – Auðgandi nákvæmnisbúskapur, vísindi og samvinna verða hornsteinar

**Steinunn Ásmundsdóttir**
steinunn@bondi.is

**Á komandi áratugum er líklegt að landbúnaður breytist verulega. Þættir eins og tækniframfarir, aukin krafa um sjálfbærni, og líffræðilegan fjölbreytileika, ásamt áherslum á fæðuöryggi, munu ef að líkum lætur vega æ þyngra þegar fram í sækir.**

Talið er að landbúnaður taki í framtíðinni stakkaskiptum vegna tækniframfara, loftslagsbreytinga og fólksfjölgunar á heimsvísu. Ætla má að búskapur verði mjög tæknilegur, sjálfbær og fjölbreyttur.

Sjálfvirkni og róbótar muni gegna ört vaxandi og æ mikilvægara hlutverki í ýmsum þáttum búskapar, allt frá gróðursetningu og uppskeru til þess að fylgjast með viðgangi hvers kyns ræktunar. Hvort þetta muni leiða til aukinnar hagkvæmni og minni launakostnaðar verður að koma í ljós en það er ein forsendan þegar horft er til framtíðar.

Að tryggja sanngjörn laun og vinnuskilyrði fyrir bændur verður svo langt sem augað eygir í brennidepli í landbúnaði.

Ýmsar alþjóðlegar stofnanir hafa rýnt í framtíðarmöguleika landbúnaðarins og sjá má á þeim spám að landbúnaður á heimsvísu verður áfram og enn ákveðnar fasttengdur fæðuöryggismálum jarðarbúa en einnig umhverfisvernd og loftslagsþróun, sem aldrei fyrr. Þetta eru stofnanir eins og Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO), Alþjóðaefnahagsráðið (World Economic Forum/WEF), Alþjóðamatvælastefnu-rannsókna-stofnunin (International Food Policy Research Institute/IFPRI) og Milliríkjanefnd um loftslagsbreytingar (IPCC).

### *Nákvæmnislandbúnaður grunnviðmið*

Nákvæmnislandbúnaður, sem felur í sér að nota gögn og tækni til að taka upplýstari ákvarðanir, verður algengur og notaður sem grunnviðmið.



**Landbúnaður framtíðarinnar mun einkennast af mikilli tæknivæðingu, sjálfbærni og fjölbreytileika. Framfarir í sjálfvirkni, gervigreind, nákvæmnislandbúnaði og erfðabreytingum skipta þar miklu.** Mynd / IGN

Slíkur landbúnaður, m.a. með GPS, skynjurum, drónum, róbótum, sýndarveruleika og gagnagreiningum, mun væntanlega gera bændum kleift að nýta auðlindir betur og auka framleiðni. Samþætting sjálfvirkni og gervigreindar mun að líkindum aukast verulega. Vélmenni, drónar og annar háþróaður tæknibúnaður verður æ meira notaður við t.d. sáningu og gróðursetningu, uppskeru, fóðrun og allt eftirlit og mælingar í rauntíma.

Gervigreind mun áætla hvernig hámarka má uppskeru, halda utan um gæðastjórnun á jarðvegi, spá fyrir um veðurfar og bæta auðlindastjórnun. Þetta er talið munu leiða til skilvirkari nýtingar auðlinda og minni umhverfisáhrifa.

### *Auðgandi landbúnaður lykillinn*

Með vaxandi fjölda jarðarbúa og ríkari áherslu á sjálfbærni er líklegt að landbúnaður setji sjálfbærar aðferðir í auknum mæli í forgang. Þar kemur auðgandi (jarðvegsbætandi) landbúnaður (e. Regenerative Agriculture) sterkur inn en þess háttar landbúnaður miðar að því að endurheimta jarðvegsheilbrigði, vernda og auka líffræðilegan fjölbreytileika, vistkerfisheilbrigði og að auka kolefnisbindingu. Búist er við að þessi nálgun muni gegna mikilvægu hlutverki í landbúnaði með því að stuðla að aðferðum eins og lágmarks jarðvinnslu, þekjuuppskeru, skiptiræktun og landbúnaðarskógrækt (e. Agroforestry).

Skv. Agroforestry Center (ICRAF), alþjóðlegri rannsóknarstofnun sem leggur áherslu á landbúnaðarskógrækt og sjálfbært landskipulag, má ætla að landbúnaðarskógrækt verði í auknum mæli notuð til jarðvegsbóta í framtíðinni, sérstaklega á svæðum þar sem hætta er á skógareyðingu eða niðurbroti. Er landbúnaðarskógrækt sögð stuðla að fæðu- og næringaröryggi á ýmsa vegu. Úr skógum kemur alls konar matur beint – ávextir, grænmeti, hnetur, fræ og sveppir, auk veiðibráðar og skordýra. Óbeint geta skógar stutt við fæðuframleiðslu sem uppspretta fóðurs fyrir búfénað, eldsneytis til eldunar matar og sem tekjulind sem nýtist meðal annars til matvælakaupa.




Teikning / Hlynur Gauti

### *Viðhald fjölbreytileika*

Svokölluð endurheimtarvistfræði mun að sögn alþjóðastofnana verða áberandi en hún miðar að endurheimt skaðaðra vistkerfa og að færa þau til náttúrulegs ástands.

Á næstu áratugum er líklegt að horft verði æ meira til þess að endurnýja upprunalegar (e. native) plöntutegundir, endurheimta votlendi og skóga og auðga rýrt landslag. Fjölbreytni ræktunarafbrigða sem ræktuð eru á býlum getur aukið viðnám gegn meindýrum, sjúkdómum og loftslagssveiflum.

Viðhald erfðafræðilegs fjölbreytileika er sem kunnugt er mikilvægt fyrir fæðuöryggi til lengri tíma litið.

Verndun frævunarstofna eins og býflugna er nauðsynleg fyrir frævun ræktunar og til viðhalds líffræðilegs fjölbreytileika. Bændur munu leitast við að innleiða aðferðir sem styðja við frævunarbúsvæði á landi sínu.

Með aðferðum hringrásarhagkerfisins er talið að bændur finni í vaxandi mæli leiðir til að endurnýta landbúnaðarúrgang í verðmætar auðlindir eins og lífeldsneyti eða lífrænan áburð. Þessi nálgun getur stuðlað að nýtingu auðlinda og minnkun úrgangs.

Lífrænar ræktunaraðferðir gætu jafnframt orðið algengari eftir því sem fram vindur þar sem neytendur, í það minnsta einhver hluti þeirra, krefjist fæðu sem framleidd er án tilbúinna efna.

Sömuleiðis er talið að eftir því sem áhyggjur af umhverfisáhrifum dýraræktar aukast, gæti áhersla á plöntubundna valkosti í próteinframleiðslu orðið sterkari. Þetta gæti leitt til aukinnar ræktunar á t.d. sojabaunum og belgjurtum.

Áhyggjur af velferð dýra í búfjárrækt eiga mögulega eftir að valda breytingum á því hvernig dýr eru ræktuð og meðhöndluð á býlum. Tækni eins og nákvæmnisbúfjárrækt gæti bætt vellíðan dýra.

Búist er við að eftirspurn eftir öðrum próteingjöfum, svo sem kjöti sem ræktað er á rannsóknarstofu og fjölbreyttari jurtaafurðum, aukist.




**Nákvæmnislandbúnaður með skynjurum, drónum og gagnagreiningum gerir bændum kleift að nýta auðlindir betur og auka framleiðni.** Mynd / AT

ATLANTSOLÍA
ALVÖRU ÓDÝRT
SVEITABENSÍN
AO
ATLANTSOLÍA

# Nauðsynlegt að undirbúa jarðveginn

**Helgi Eyleifur Þorvaldsson** aðjunkt starfar á sviði Ræktunar og fæðu hjá Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ). Hann er með mastersgráðu í viðskiptastjórnun með áherslu á frumkvöðlafræði og nýsköpun og kennir fög skyld þeim fræðum og fóðurfræði við stofnunina.

Helgi segist telja íslenskan landbúnað á svipuðum stað í þróun og er í Evrópu. Þar séu vissulega miklu stærri bú þótt þau séu á öllum stærðarskala. „Við fylgjum upp að einhverju marki evrópsku landbúnaðarstefnunni sem er umdeild: mörgum þykir hún beinlínis fornaldarleg á meðan aðrir fagna henni," segir hann. Hann tekur sem dæmi erfðabreyttar plöntur (GMO) en skoðanir á því séu skiptar. Sú staða að vera mjög háður innflutningi á próteingjöfum geti verið varhugaverð og þjóðaröryggismál fyrir álfuna í heild. Mikið þurfi t.d. að flytja inn af sojamjöli til að anna eftirspurn.

Spurningin verði alltaf hvernig tryggja eigi fæðuöryggi. „Satt best að segja held ég að við horfumst ekki í augu við raunveruleikann þegar kemur að þessum málum. Við erum á móti breytingum á t.d. plöntum en erum samt svo háð innflutningi á slíkum próteingjöfum," bætir hann við. Helgi segir mjög áhugavert að fylgjast með þróun stofnfrumukjöts og er sannfærður um að það muni ryðja sér til rúms á komandi árum. „Ég held að við ættum bara að fagna því. Ég get, fyrir mitt leyti, ekki séð að það ógni hefðbundnum dýraafurðum á neinn hátt og býst við að þörf verði á hvort tveggja," segir hann. Við þetta má svo bæta að unnið er að þróun skordýrapróteins og m.a. verið að skoða hvernig nýta má það í t.d. brauð o.fl. til að hækka próteininnihald.

**Byggja þarf upp jarðrækt**

„Tækifærin í landbúnaði á Íslandi eru óþrjótandi," segir Helgi. „Ég komst að því þegar ég vann að kornskýrslunni Bleikir akrar með félögum mínum að það jarðnæði sem við búum yfir, þessi frjósama jörð, mætti nýta mikið betur. Við höfum sterkan fókus á hinar hefðbundnu landbúnaðargreinar en það vantar hvata til að fýsilegt sé fyrir fólk að fara í meiri jarðrækt; í korni, grænmeti, rótarávöxtum o.s.frv. Kerfið okkar er ekki byggt í kringum það og er ástæða þess að jarðræktin byggist ekki betur upp en raun ber vitni." Umræðan hnígi jafnan í átt til þess að ef byggja eigi upp jarðrækt verði að klípa af hinum greinunum en þar sé ekki af neinu að klípa.

„Við höfum verið í fasa niður á við í stuðningi og hin síðari ár verið í n.k. plástrakerfum, sem mætti kalla sprettviðgerðir. Við ættum þess í stað að vera að horfa fram í tímann. Ekkert lát virðist ætla að verða á mannfjöldaaukningu, þótt spár bendi til að toppnum verði náð í um 11 milljörðum jarðarbúa, og okkur er ekki að takast að minnka matarsóun svo neinu nemur, vegna þess að hugarfarsbreytingin sem það kallar á nær ekki í gegn. Við þurfum því að auka framleiðni og hér eru ótrúlega spennandi tækifæri ef gerð yrði umgjörð í kringum það. Farsælla væri ef stjórnvöld myndu horfa 50 ár fram í tímann en ekki eitt kjörtímabil. Jarðrækt getur orðið hörkubúgrein þegar fram í sækir og hver veit nema verði af henni útflutningstekjur einhvern tímann." Því beri þó að fagna að stjórnvöld séu að stíga rétt skref, t.d. með því að fjármagna kornrækt sérstaklega.

**Nákvæmnisbúskapur kemur sterkur inn**

Helgi er hrifinn af nákvæmnisbúskap og segir frábæra þróun vera að eiga sér stað í þeim efnum. „GPS, drónar, vefmyndavélar, örmerki, sjálfkeyrandi dráttarvélar og -vélar í öllu, róbótar sem tína upp illgresi, taka myndir af plöntunum og sverðinum og gefa upplýsingar um hvað vantar: allt er þetta mjög til bóta og fer miklu betur með land og næringarefni, og sóun því minni en ella. Þetta er afar spennandi og skemmtilegt en skugghliðin kannski sú að þessu fylgir félagsleg áskorun. Hver bóndi og vinnandi maður kemst yfir miklu meira og það hefur valdið fólksfækkun í landbúnaði," segir hann.

Fólk hefur spreytt sig á nákvæmnisbúskap hérlendis og má ætla að þar sé Björgvin Harðarson í Laxárdal í hópi þeirra sem fremstir eru í flokki og haldi að mörgu leyti í við nýjustu þróun í umheiminum. „Hann er útpældur, setur sig inn í öll smáatriði og hvaða tímapunktur henti best til hvaða aðgerða í sinni jarðrækt. Hann er því að fá mjög góða uppskeru alla jafna og einn af þeim bændum sem hafa sýnt okkur að kornrækt er vel gerleg ef menn bara stunda hana eins og aðrar búgreinar," segir Helgi.

Kúabændur séu margir hverjir á mjög flottum stað með sín fjós og alveg á pari við það sem sé nýjast í þróun. „Ný fjós í dag eru almennt mjög vel tækjum búin og ég sé ekki að það sé neitt frábrugðið því sem er að gerast erlendis. Sauðfjárbændur eru líka að gera góða hluti með t.d. örmerkjum og sjálfvirkum færslum í gagnagrunna.

Að mínu mati erum við helst eftirbátar þegar kemur að jarðvegstækni; jarðvinnslutækni, t.d. hvað varðar dróna og sjálfkeyrandi vélar. Þessi tækni er þó ekki komin neitt gríðarlega langt víða erlendis. Jóhannes Sveinbjörnsson hjá Landbúnaðarháskólanum mun taka þátt í evrópskri rannsókn á þessum efnum, þar sem könnuð verður ný tækni til stýringar á beit jórturdýra á úthaga, svo sem GPS-staðsetningarbúnaður og allt því tengt, þar á meðal sýndarveruleikagirðingar, notkun rafrænna merkja í skýrsluhaldi, skráningu, meðhöndlun búfjár (flokkunar hlið/gangar/ragbúnaður), notkun dróna o.s.frv."

**Menntun bænda þarf að breytast**

Spyrja má hvernig menntun bænda skuli háttað þegar starfsumhverfi þeirra verður æ tæknivæddara. Helgi, sem er deildarstjóri búfræðibrautar við LbhÍ, segir þetta umhugsunarefni. Brátt renni sá tími upp að endurskoða þurfi í heild þá menntun sem bændum er boðið upp á. Menntunin í dag sé alhliða og þannig mjög fjölbreytt en m.a. tækniumhverfið kalli mögulega á sértækari menntun.





Bændur munu í vaxandi mæli þurfa að tileinka sér hátækniþekkingu. Mynd / CGTN

„Ég reikna með að það verði mun algengara eftir svo sem tuttugu ár, sem við sjáum víða í nágrannalöndum okkar, þar sem sá sem ætlar að verða kúabóndi er eingöngu kúabóndi og er t.d. ekki að heyja. Það er bara fullt starf að reka 200–300 kúa bú og verktakar annast heyskapinn fyrir viðkomandi. Og þá er spurning um menntun verktakanna og þekkingu þeirra á tækniþróuninni. Og þannig koll af kolli," segir Helgi. Vissulega séu þó líka miklir kostir við að bændur hafi alhliða þekkingu á sem flestum hliðum landbúnaðar.

**Hver á að draga vagninn?**

Spurt er hvað gerast þurfi til að íslenskir bændur innleiði bestu hugsanlegu landbúnaðarhætti og þróun í sinn búskap.

„Að hluta til held ég að stjórnvöld þurfi að stíga inn og marka skýrari stefnu," svarar Helgi og heldur áfram: „Núverandi landbúnaðarstefna fer ekki mikið á dýptina í hverjum kafla, þótt ég fagni því að loks sé til landbúnaðarstefna á Íslandi. Að sama skapi má segja að LbhÍ þurfi að reyna að leiða þetta með kennslu. Stofnunin hefur allt frá hruni glímt við fjársvelti og niðurskurð, með tilheyrandi erfiðleikum og fáliðun í starfsmannahaldi, en hefur á síðustu árum rétt aðeins úr kútnum. Því hefur svigrúm til þróunarvinnu verið takmarkað.

Eitt af því sem nærtækt gæti verið að gera er að auglýsa launaðar masters- og doktorsgráður í því sem við teljum að þurfi, svo sem í nákvæmnisbúskap í jarðrækt, til að búa til sérfræðingana sem síðan geta dregið vagninn áfram," segir hann jafnframt. Helgi telur að stjórnvöld, LbhÍ og Bændasamtök Íslands þurfi að vera leiðandi aðilar í þróun landbúnaðarins. „Við þurfum að spyrja að því hvar við ætlum að vera eftir 20 ár, 50 ár og 100 ár. Hvað sé að gerast í þróuninni og hvað sé líklegt til að komast í gegnum alla nýsköpunarfasa og verða raunverulega á markaði, bæði í tækniþróun og t.d. stofnfrumuframleiðslu. Hvernig við ætlum að bregðast við þessu, hver séu tækifærin, styrkir, áskoranir og ógnir og hvernig við undirbúum best jarðveginn fyrir það sem koma skal."

---

Þetta gæti sömuleiðis leitt til breytinga í hefðbundinni búfjárrækt og aukinnar áherslu á sjálfbærari og mannúðlegri aðferðir í henni þar sem pottur er brotinn í þeim efnum.

*Erfðatækni og líftækni á fullri ferð*

Neytendur eru að verða meðvitaðri um hvaðan fæða þeirra kemur og hvernig matur er framleiddur. Þessi þróun gæti ýtt undir aukið gagnsæi í landbúnaðargeiranum og leitt til aukinnar vottunar á sjálfbærum búskaparháttum.

Framfarir í líftækni gætu opnað á einstaklingsmiðaða næringu, sérsniðna að þörfum hvers og eins. Þetta gæti í framtíðinni haft áhrif á ræktunartegundir og aðferðir sem notaðar eru til matvælaframleiðslu.

Vísindamenn munu vinna hörðum höndum að því að þróa ræktun nytjajurta með auknu næringarefnainnihaldi sem þola erfið veðurskilyrði, svo sem þurrka, flóð og hitabylgjur, og hafa seiglu gegn meindýrum. Þessi þolna ræktun gæti skipt sköpum til að tryggja fæðuöryggi í breyttu loftslagi, t.d. á illa förnum eða rýrum ræktunarsvæðum.

Þá má ætla að líftækni, svo sem erfðatækni, verði beitt enn frekar í þróun aðferða í ræktun nytjaplantna til að efla þol fyrir loftslagsbreytingum, meindýrum og sjúkdómum. Þá er erfða- og sameindafræðileg þekking notuð til að framkalla breytingar á erfðamengi lífvera og eða stjórnferlum þeirra.

Ekki eru allir jafnhrifnir af slíku og telja slíkt genafikt geta leitt til óheilbrigðis og tegundarýrðar. Hafa skapast um þetta hatrammar deilur á síðari árum. Erfðabreytingar á plöntum og dýrum munu þó líklega verða útbreiddar í framtíðinni og leiða til ræktunar sem er ónæmari fyrir meindýrum, sjúkdómum og loftslagsbreytingum auk annarra ófyrirsjáanlegra áhrifa.

Tilbúin líffræði, sem felur í sér hönnun og smíði nýrra líffræðilegra kerfa, er jafnvel sögð munu leiða til nýrra stofna uppskeru og búfjár.

*Loftslagsbreytingar stórfelld áskorun*

Loftslagsbreytingar eiga eftir að skapa stórfelldar áskoranir fyrir landbúnað í framtíðinni. Víða gætu bændur þurft að laga sig að breyttu veðurmynstri, öfgakenndum veðuratburðum og breyttri hegðun meindýra. Þróun þurrkaþolinnar ræktunar, vatnsnýtnari áveitukerfa og loftslagssnjallra landbúnaðarhátta verður nauðsynleg til að tryggja fæðuöryggi í breyttu loftslagi.

Skilvirk vatnsstjórnunartækni, eins og dreypiáveita og vatnsendurvinnslukerfi, verður nauðsynleg til að vernda vatnsauðlindir og draga úr áhrifum vatnsskorts á landbúnað. Þar sem takmarkað ræktanlegt land er tiltækt getur lóðrétt ræktun, þar sem notuð er vatns- eða loftræktun, orðið algengari.

Þessar aðferðir fela í sér að rækta uppskeru í lóðrétt stöfluðum lögum, sem gerir ráð fyrir meiri uppskeru í smærri rýmum árið um kring í stýrðu umhverfi. Því er spáð að vegna mannfjöldaaukningar muni fólk í auknum mæli sækja í borgir í framtíðinni.

*Framhald á síðu 22.*





# Greina þurfi og bæta búskaparhætti

**Sigurpáll Ingibergsson** hjá sjálfbærnihugveitunni Hellnaskeri og gæðastjóri Vínbúðarinnar, hefur velt íslenskum landbúnaði fyrir sér og horfir til framtíðar. Hann telur nokkuð skorta á uppbyggilega gagnrýni á búskaparhætti á Íslandi.

Hefðbundinn landbúnaður hafi fylgt þjóðinni frá landnámi og eigi djúpar rætur og hefðir. Umræðan endi því oft án nægilega góðrar niðurstöðu. „Landbúnaður er stórt loftslagsmál og nýlega voru búvörusamningar endurnýjaðir án mikilla breytinga,“ segir Sigurpáll. Erlendis sé mikil þróun í búskaparháttum og mikið af nýjum ræktunaraðferðum.

„Samtal um landbúnaðarmál á að byggja á trausti, virðingu fyrir þekkingu og reynslu bænda, og opnum huga fyrir nýjum lausnum og hugmyndum,“ segir hann. Hugsa þurfi búskaparmálin upp á nýtt. Slíkt gæti stuðlað að betri sýn á möguleika á endurbótum og nýjungum í landbúnaði sem geti aukið sjálfbærni og hagkvæmni.

Hvað umhverfisáhrif varðar segir Sigurpáll að í ljósi loftslagsbreytinga sé mikilvægt að skoða hvernig hægt er að draga úr umhverfisáhrifum landbúnaðar, til dæmis með því að minnka losun gróðurhúsalofttegunda, bindingu og landnotkun. Þá þurfi að huga að því hvernig bæta megi lífsskilyrði búfjár og tryggja að dýrin njóti góðrar meðferðar.

Einnig þurfi að stuðla að fæðuöryggi. „Greina þarf og bæta búskaparhætti. Spyrja ætti hvort hægt sé að auka framleiðslugetu og stuðla að auknu fæðuöryggi á Íslandi, sérstaklega í ljósi breytilegra veðurfarsaðstæðna og óstöðugleika í heiminum.“ Hann hvetur jafnframt til rannsókna og þróunar í landbúnaðartækni og aðferðum sem eru betur aðlagaðar að íslenskum aðstæðum.

## Horfa þurfi út fyrir landsteina

Hvað varðar íslenska búskaparhætti segist Sigurpáll fyrst og fremst vilja sjá meiri sjálfbærni og eflingu líffræðilegrar fjölbreytni. „Það eru margar nýjar ræktunaraðferðir erlendis og flestar nær óþekktar hér á landi.

Þrjú hugtök setja sterkan svip á alþjóðlegar landbúnaðarumræður um þessar mundir. Það er auðgandi landbúnaður (e. regenerative agriculture), kolefnisbúskapur (e. carbon farming) og nákvæmnisbúskapur (e. precision farming). Ekki er vitað hvort þetta á allt við hér á landi en það eru spennandi tækifæri fram undan. Þó skortir frumkvæði og stuðning stjórnvalda við að ryðja brautina og opna tækifæri fyrir nýsköpun.“ Hann bendir á að ef vel takist til í slíkri vegferð þurfi minna af aðföngum, t.d. áburði og olíu.

Endurheimt votlendis segir Sigurpáll nauðsynlega fyrir eflingu á líffræðilegum fjölbreytileika og græða þurfi tapað land. Efla verði stuðning við lífrænan landbúnað. „Vaxandi eftirspurn er eftir lífrænum afurðum meðal íslenskra neytenda. Lífrænn landbúnaður leggur áherslu á umhverfisvænar aðferðir sem eru í samræmi við sjálfbærni og velferð dýra. Markmið í Evrópu fyrir 2030 er að 25% af ræktarlandi sé lífrænt. Danir eru með 30% en Ísland setur stefnuna á 10%.

Það er ekki nógu metnaðarfullt markmið og miðað við stöðuna hér á landi í dag er ég ekki viss um að það takist,“ segir hann jafnframt.

Hann vill sjá að við kynslóðaskipti í landbúnaði taki kolefnisbændur við keflinu. „Þeir framleiði sjálfbærar vörur og bindi kolefni í jörð, verði kolefnisjákvæðir og hafi tekjur af því að selja vottaðar kolefniseiningar. Einnig geta ferðamenn komið í heimsókn, hlaðið rafbíla og keypt heilnæmar og vottaðar vörur,“ bætir hann við.

## Stjórnvöld fari ekki að eigin stefnu

„Í matvælastefnu til 2030 segir m.a.: „Opinber stuðningur við landbúnað þarf að styðja markmið um sjálfbæra framleiðslu.“ Ég er ekki viss um að með endurnýjun búvörusamnings sé þessi krafa uppfyllt. Í samningnum er viðmiðið mjólkurlítrar eða fallþungi dilka,“ segir Sigurpáll og bendir á dæmi um kolefnisspor hefðbundins búskapar og annarra matvæla:

„Samkvæmt útreikningum Environice er losun 28,6 kg $CO_2$/kg fyrir sauðfé og svipað fyrir nautgripi. Ólafur Arnalds telur að kolefnissporið sé rúmlega 200 kg $CO_2$/kg fyrir sauðfé þegar landeyðing er reiknuð með,“ segir hann og heldur áfram: „Þorskur sem veiddur er af togara losar um 5 kg $CO_2$/kg og ef hann er veiddur á línu þá er kolefnissporið 1,6 kg. Kjúklingur og svínakjöt eru um 5 kg $CO_2$/kg. Það þarf að hafa þessar losunartölur í huga þegar stefna um matvælaöryggi er mótuð fyrir Ísland.

Ein áhrifarík leið til að minnka losun frá nautgriparækt er að rannsaka fóður. Ég hef séð að ef þörungar eru nýttir þá minnki losun töluvert. Þarna er tækifæri fyrir nýsköpun; rækta þara og minnka kolefnisspor nautgripa.

Síðan segir í matvælastefnunni: „Draga þarf úr kolefnislosun og auka bindingu kolefnis í landbúnaði með landgræðslu og skógrækt og endurheimt votlendis. Auka þarf rannsóknir á kolefnisbindingu lífræns og hefðbundins landbúnaðar. Koma þarf í veg fyrir kolefnislosun með því að græða upp land sem er í slæmu ástandi og stöðva jarðvegsrof.“

Allt framangreint smellpassar við matvælastefnu Íslands til 2030 en stjórnvöld og kerfið eru ekki að fara eftir stefnunni,“ segir Sigurpáll að endingu.















Teikningar / ROA

Borgarlandbúnaður verði því sífellt mikilvægari fyrir matvælaframleiðslu. Þakgarðar, lóðréttur búskapur, vatnsræktun og samfélagsgarðar eru dæmi um ræktun í þéttbýli.

### *Alþjóðlegt fæðuöryggi*

Að tryggja alþjóðlegt fæðuöryggi verður áfram keppikefli. Þar sem spáð er að íbúar heimsins nái næstum 10 milljörðum árið 2050 verður aukinn þrýstingur á landbúnaðargeirann að framleiða meiri mat á sjálfbæran hátt. Nýjungar í búskaparháttum munu skipta sköpum til að mæta þessari vaxandi eftirspurn. Stefna og reglugerðir stjórnvalda munu augsýnilega gegna mikilvægu hlutverki við að móta framtíð landbúnaðar.

Líklegt er að stjórnvöld hvetji í ríkara mæli sjálfbæra búskaparhætti með styrkjum, reglugerðum og rannsóknarfjármögnun. Þar má meðal margs annars nefna hvata til sjálfbærrar landnýtingar, verndaráætlanir, kolefnisverðlagningu og landskipulagsáætlanir.

Að hvetja til umhverfisvænni vinnubragða getur skipt sköpum í að tryggja langtímahagkvæmni landbúnaðar.

Framfarir í landbúnaðartækni og starfsháttum munu skv. spám verða lykillinn að því að mæta vaxandi eftirspurn eftir matvælum en lágmarka umhverfisáhrif. Alþjóðleg samvinna og miðlun gagna meðal bænda, vísindamanna og stefnumótenda á eftir að verða æ mikilvægari til að takast á við alþjóðlegar áskoranir eins og fæðuöryggi, loftslagsbreytingar og auðlindaskort. Alþjóðlegt samstarf og fjárfestingar í rannsóknum og þróun landbúnaðar verða nauðsynlegar til að takast á við matvælaskort og dreifingaráskoranir.

Viðleitni til að draga úr matarsóun um alla aðfangakeðjuna verður sífellt mikilvægari. Tæknilausnir sem stuðla að betri geymslu, flutningi og dreifingu matvæla munu minnka sóun.

### *Sérhæfðari menntun og aukið samstarf*

Eftir því sem búskapur verður tæknivæddari skapast meiri þörf fyrir sérhæfða menntun og þjálfun til að tryggja að bændur hafi nauðsynlega kunnáttu til að laga sig að þessum breytingum. Menntun þeirra mun því eflast og verða enn sérhæfðari.

Netvettvangur til að deila þekkingu og bestu starfsvenjum meðal bænda um allan heim mun halda áfram að vaxa að mikilvægi. Samstarfsnet auðvelda nýsköpun og gagnast við að takast á við þær sameiginlegu áskoranir sem bændur standa frammi fyrir.

Samfélagsleg viðhorf til landbúnaðar gætu þróast með tímanum, með aukinni viðurkenningu á því hlutverki bænda að útvega nauðsynlegar vörur, á sama tíma og bændur gæta náttúruauðlinda á ábyrgan hátt. Að styrkja tengsl milli neytenda í þéttbýli og dreifbýlisframleiðenda með frumkvæði eins og landbúnaðarferðamennsku eða sölu beint til neytenda gæti rennt frekari stoðum undir gagnkvæman skilning og stuðning við staðbundinn landbúnað.

### *Allir á sama báti*

Hér er auðvitað mörgum þáttum sleppt vegna takmarkaðs pláss en þó tæpt á ýmsum lykilþáttum í framtíðarmyndinni. Þótt horft sé til jarðar allrar er ekki ástæða til að ætla að íslenskur landbúnaður fari varhluta af þeim breytingum og áskorunum sem eru í farvatninu.

Samandregið mætti álykta sem svo að landbúnaður framtíðarinnar muni einkennast af mikilli tæknivæðingu, sjálfbærni og fjölbreytileika.

Framfarir í sjálfvirkni, gervigreind, nákvæmnislandbúnaði og erfðabreytingum munu gegna mikilvægu hlutverki í að móta framtíð matvælaframleiðslu, um leið og tekist er á við alþjóðlegar áskoranir eins og loftslagsbreytingar og auðlindaskort. Mikilvægi landbúnaðarins hefur alltaf verið afar mikið og á enn eftir að aukast þegar fram líða stundir. Bóndi er bústólpi, bú er landstólpi.








# Orka í þágu þjóðar

**Ársfundur Landsvirkjunar**

5. mars kl. 14 í Norðurljósum í Hörpu

Skráning á landsvirkjun.is

**Ávörp**

–

**Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir**
fjármálaráðherra

**Jónas Þór Guðmundsson**
stjórnarformaður Landsvirkjunar

**Fundarstjóri**

–

**Þóra Arnórsdóttir**
forstöðumaður Samskipta

**Erindi**

–

**Áskoranir í rekstri lokaðra raforkukerfa**
**Hörður Arnarson**
forstjóri

**Ávinningur af bættri orkunýtni**
**Jóna Bjarnadóttir**
framkvæmdastjóri Samfélags og umhverfis

**Árangur í rekstri Landsvirkjunar**
**Rafnar Lárusson**
framkvæmdastjóri Fjármála og upplýsingatækni

**Áform um nýframkvæmdir**
**Ásbjörg Kristinsdóttir**
framkvæmdastjóri Framkvæmda

Landsvirkjun

# Rekstrarafkoman áfram efst á baugi

## – Eyjólfur Ingvi Bjarnason nýr formaður deildar sauðfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



**Eyjólfur Ingvi Bjarnason, bóndi í Ásgarði í Dölum, var kjörinn nýr formaður deildar sauðfjárbænda hjá Bændasamtökum á deildarfundi sauðfjárbænda 13. febrúar.**

Eyjólfur segir að ljóst sé að erilsamir tímar séu fram undan í hans lífi, enda beri hann nokkra aðra hatta í lífi og starfi; hann sé til að mynda oddviti sveitarstjórnar Dalabyggðar og ráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) í 50 prósent starfi.



Eyjólfur Ingvi og Guðbjört Lóa með dæturnar Eydísi Helgu og Ernu Dilljá. Að auki eiga þau Salbjörgu Mögnu sem fæddist í desember síðastliðnum. Myndir / Steinunn Þorvaldsdóttir

### *Verndandi arfgerðir gegn riðu*

Hann telur að aðaláherslur og verkefni hans í embætti formanns muni snúa að kjaramálum sauðfjárbænda. „Það er mikilvægast að ná frekari leiðréttingu á afurðaverði til bænda. Í ytra umhverfinu eru landnýtingarmálin ofarlega á baugi í augnablikinu og inn á við eru fjölmörg verkefni í gangi, eins og innleiðing verndandi arfgerða gegn riðu, en það er mjög jákvætt að nýtt upprunabú ARR fannst nýlega hér í Dölunum.“

Að sögn Eyjólfs hefur hann sem ráðunautur hjá RML unnið að söfnun, úrvinnslu og greiningum á rekstrarstöðu sauðfjárbúa og öðrum rekstrartengdum verkefnum og þekkir því vel þann afkomubrest sem bændur hafi glímt við á undanförnum árum – frá öllum hliðum. „Ég vil halda áfram að sinna þessum rekstrartengdu verkefnum, en er mjög meðvitaður um að ég sinni hlutverkum sem geta skarast. Rekstrartengdu verkefnin eru teymisvinna og við sem stöndum saman að teyminu eigum eftir að fara yfir verkaskiptingu hjá okkur. Ég á ekki von á því að það hafi neikvæð áhrif á störfin sem fram undan eru. Ég tók það skýrt fram þegar ég gaf kost á mér til forystu, að ég vildi áfram sinna mínum störfum hjá RML og það gerði enginn athugasemd við það.“

### *Samtal við afurðastöðvarnar*

Varðandi afurðaverðsmálin, þá stefnir í að taka samtalið með forsvarsmönnum afurðastöðvanna fljótlega varðandi frekari leiðréttingu á afurðaverði. „Aukinn innflutningur er ákveðin ógn en þótt innflutt matvæli séu ódýr, er yfirleitt um blekkingarleik að ræða því kaup og kjör þeirra sem vinna við framleiðsluna erlendis eru ekki í neinum takti við kaup og kjör á Íslandi. Það er hins vegar ljóst að við sauðfjárbændur verðum að gera þá grundvallarkröfu að við framleiðum ekki þessi matvæli á Íslandi ef við þurfum að borga með hverju framleiddu kílói.

Ungu fólki með áhuga á landbúnaði standa ýmis önnur tækifæri til boða en að gerast sauðfjárbændur til að lifa og starfa í sveit. Það þurfa allir sem koma að þessum málum að átta sig á því að tíðarandinn er að breytast að þessu leyti. Fólk lét sig hafa það fyrir einhverjum árum að taka sér aldrei frí, en nú eru breyttir tímar. Það gengur heldur ekki að bændur þurfi að sækja störf utan heimilis og eigi síðan eftir að sinna búskapnum þegar heim er komið. Slíkt fyrirkomulag getur ekki leitt af sér eðlilegt fjölskyldulíf.“



Á undanförnum tveimur árum hafa bændurnir í Ásgarði fært sig yfir í útiræktun grænmetis samhliða fjárbúskapnum og uppskáru fjögur tonn síðasta haust.

### *Betri horfur í sauðfjárræktinni*

Rekstraraðstæður í íslenskri sauðfjárrækt hafa lagast á undanförnum misserum, með einskiptisaðgerðum stjórnvalda og leiðréttingu afurðaverðs síðustu ár. Þá er útlit fyrir að verð á aðföngum sé á niðurleið. „Jú, það er rétt, það eru aðeins betri horfur en það vantar samt talsvert upp á að afkoman verði jákvæð og hægt sé að greiða laun í samræmi við vinnuframlag,“ segir Eyjólfur.

> ❞ Við þurfum fljótlega að hefja undirbúning að samtalinu við stjórnvöld, þar sem núgildandi búvörusamningar renna sitt skeið í árslok 2026 ...“

„Við þurfum fljótlega að hefja undirbúning að samtalinu við stjórnvöld, þar sem núgildandi búvörusamningar renna sitt skeið í árslok 2026.

Í gildandi samningi var upphaflega gert ráð fyrir að greiðslumark í sauðfjárrækt myndi fjara út á samningstímanum en í nýafstaðinni endurskoðun var það fest sem þriðjungur af heildargreiðslum hvers árs út samningstímann.

Það hefur ríkt meiri sátt um greiðslumarkið eftir að markaði með greiðslumark var komið á árið 2019 með skýrum leikreglum. Það kom því ekkert á óvart að það var samþykkt samhljóða á deildarfundi sauðfjárbænda ályktun um að áfram verði stuðst við greiðslumark í stuðningskerfi sauðfjárræktar við gerð nýrra búvörusamninga. Verkefnið fram undan verður því að greina ýmsar sviðsmyndir og ræða þær innan okkar raða og koma vel undirbúin til samtals við hið opinbera.“

### *Garðyrkja og skógrækt*

Eyjólfur býr sem fyrr segir í Ásgarði í Dölum, með konu sinni, Guðbjörtu Lóu, og þremur dætrum, þar sem ætt hans hefur búið samfleytt frá 1810. „Við erum með um 400 fjár á vetrarfóðrum og svo höfum við á undanförnum tveimur árum verið að færa okkur yfir í grænmetisræktun og skógrækt, samhliða fjárbúskapnum.

Bæði árin höfum við verið með blómkál, spergilkál og hvítkál og bættum svo við okkur gulrófum síðasta sumar. Við uppskárum heil fjögur tonn síðasta haust. Það er gott að nýta sér þá möguleika sem maður hefur. Við seljum grænmetið mikið beint frá býli og hluta af kjötafurðunum okkar líka. Það eru möguleikar fyrir einhverja bændur að búa sér til meiri verðmæti með því að horfa til slíkra tækifæra.“

Bændurnir í Ásgarði eru í skógrækt og hafa á undanförnum þremur árum plantað 25 þúsund plöntum, sem Eyjólfur segir að þau sjái fyrir sér að verði orðinn myndarlegur beitarskógur fyrir sauðfé eftir áratug.




# Háskóladagurinn á fjórum stöðum

**Háskóladagurinn verður haldinn í Reykjavík laugardaginn 2. mars. Þá gefst fólki kjörið færi á að kynna sér allt það fjölbreytta nám sem er í boði í háskólum landsins.**

Dagurinn er sameiginlegur vettvangur allra háskólanna þar sem nemendur, kennarar, vísindafólk og námsráðgjafar bera hitann og þungann af kynningum á náminu. Háskóladagurinn verður líka haldinn hátíðlegur á Egilsstöðum fimmtudaginn 7. mars, á Akureyri föstudaginn 8. mars og á Ísafirði miðvikudaginn 13. mars.

Allar nánari upplýsingar um daginn er að finna á heimasíðu dagsins, www.haskoladagurinn.is. */mhh*

...og ræktanýjan skóg

# ...og rækta nýjan skóg



## Milljón plöntur

Pokasjóður og Land og skógur hafa tekið höndum saman og hrint af stað skógræktarverkefni sem ber nafnið Nýmörk. Markmið verkefnisins er að setja niður eina milljón plöntur á næstu árum víðs vegar um landið og gefa þannig einstaklingum og félagasamtökum kost á að byggja upp eigin skóg þar sem áherslan er lögð á bindingu kolefnis.

Upplýsingar um styrki og ræfrænt umsóknareyðublað er að finna á Nymork.is

Nýmörk

SAMSTARFSVERKEFNI:

POKASJÓÐUR

Land og skógur

## Nýsköpun:

# Kaldræktuð kóngaostra

## – Kolefnisneikvæð frumafurð



Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is

**Svepparíkið ehf. vinnur að þróun ræktunaraðferða á sælkeramatsvepp úr hliðarstraumum frá matvælaiðnaði, trévinnslu og landbúnaði.**

Svepparæktun er frekar nýleg grein samanborið við grænmetisræktun og í eðli sínu töluvert ólík öðrum greinum landbúnaðar. Iðnaður í svepparæktun skiptist tvo flokka; ræktun matkempu (Agaricus bisporus) og ræktun sælkerasveppa. Aðferðir til ræktunar milli þessara tveggja flokka eru ólíkar og krefjast ólíkra kerfa. Ræktun matkempu krefst moltunarferlis sem sælkerasveppir þurfa ekki, heldur melta þeir með öflugum ensímum sem brjóta niður harðar plöntutrefjar án hjálpar. Það er þessi tiltekni hæfileiki þeirra sem skapar tækifæri til að nýta hliðarstrauma til verðmætasköpunar.

Staða þekkingar þegar kemur að ræktun matkempu er vel á veg komin og til eru iðnaðarlausnir og þjónusta til hagkvæmrar uppskölunar. Aftur á móti er staða þekkingar á iðnaðarræktun sælkerasveppa frekar takmörkuð og færri aðilar sem bjóða lausnir á því sviði.



„Sveppir eru hliðverðir upphafs og endis lífs í náttúrunni,“ segja eigendur Svepparíkisins: F.v. Nílsína Larsen Einarsdóttir framkvæmdastýra og Unnur Kolka Leifsdóttir framleiðslustýra. Mynd / Aðsend

### *Þekkingaröflun og tilraunir*

„Frá árinu 2020 höfum við, tveggja kvenna teymi Svepparíkis, unnið að þróun nýrra aðferða við ræktun sælkerasveppa,“ segja þær Nílsína Larsen Einarsdóttir, framkvæmdastýra og Unnur Kolka Leifsdóttir framleiðslustýra, hjá Svepparíkinu.

„Við höfum viðað að okkur gríðarmikilli þekkingu á sælkerasvepparæktun með samtölum við sérfræðinga, almennri þekkingaröflun og framkvæmd fjölmargra tilrauna við svepparæktun með góðum árangri og skapað okkur tengslanet við svepparæktendur á Íslandi.“ Þær hafi kynnt sér mjög ítarlega möguleika á nýtingu hliðarstrauma til svepparæktunar og athuganir leitt í ljós að aðgangur að lífbrjótanlegum úrgangi, sem nýta má við svepparæktun, sé mikill hér á landi, í stað þess að urða hann eða brenna.



King oyster *(Pleurotus eryngii).*

### *Snjöll umhverfisstýring*

Þær stofnuðu fyrirtækið 2022 og hafa skalað upp ræktunina ásamt því að byggja og setja upp aðstöðu og búnað til ræktunar í Hafnarfirði.

„Við leggjum áherslu á að þróa áfram ræktunarkerfi sem leysir áskoranir í hefðbundinni ræktun, stuðlar að betri orkunotkun og sjálfbærni við svepparæktun,“ útskýra þær. „Hugsjón okkar er að stuðla að minni úrgangi og betri nýtingu hráefna til fóðurgerðar.“ Það innifeli að nota ekki orkugjafa sem auki á loftslagsvanda, t.d. gas, olíu og brennslu á úrgangi, og nota ekki hráefni í fóðurgerð sem nýtist einnig til manneldis eða í dýrafóður, t.d. korn og klíð.

„Samhliða vinnum við að þróun snjallra umhverfisstýringa og að lausnum til að auka gæði og geymsluþol sveppa,“ bæta þær við. Svepparíkið ræktar nú þegar sælkerasveppi á hráefnum sem eru ekki innflutt en falla til við annan rekstur. Svepparíkið er í samstarfi við Te & kaffi um nýtingu kaffibaunahismis, sem fellur til við ristun kaffibauna, til svepparæktarinnar. Þá er sag sótt til trésmíðaverkstæða. Jafnframt er fyrirtækið í tæknisamstarfi með fyrirtækjum á borð við Iðnaðartækni, Lífbyggingar og Hitavirkni.

### *Tuttugu mismunandi sveppagen*

Þær Nílla og Unnur hafa unnið að uppsetningu True Fungi System-ræktunarferlisins og sett upp rými í iðnaðarbili sínu fyrir mismunandi hluta ræktunarferlisins. Þ.e. græðlingarými, fóðurblöndunarrými og ræktunarrými. Þær hafa því þegar látið reyna á sérsmíði á einstökum ferlum og fyrirkomulagi í ræktuninni.

Haldið er utan um viðamikla gagnaskráningu á ræktunarferlinu, uppskriftir að fóðri fyrir sveppi og Svepparíkið á hátt í 20 mismunandi sveppagen. Verið er að byggja upp rannsóknarstofu til þess að hefja rannsóknir á því hvaða hliðarstrauma sveppirnir geta brotið niður.

Þessa dagana er nemi, sem stundar meistaranám í hönnun, umhverfi og áskorunum við Listaháskóla Íslands, í vettvangsnámi hjá Svepparíkinu við að hanna rannsóknarstofu og þróa með Unni og Níllu uppsetningu á henni til að efla þróunar- og rannsóknarvinnu á niðurbrotshæfileikum sveppanna og hvaða hliðarstraumum þeir geti unnið á. „Nú þegar höfum við sannreynt sælkerasvepparæktun á hliðarstraumum, ræktað fimm tegundir matsveppa frá byrjun til enda og fullkomnað hefðbundnar aðferðir til sælkerasvepparæktunar,“ segja þær.

### *Frumkvöðlar í kaldræktun*

Beitt er svonefndri kaldræktunaraðferð við svepparæktina. Fræðin segja að slík aðferð gangi út á að rækta sveppaaldin við lágt hitastig, kanna þolmörk þeirra, auka geymsluþol og móta vöxt sveppanna á einstakan hátt. Þróun þessarar aðferðar kalli á nákvæma umhverfisstýringu með áherslu á kælingu. Kuldinn tryggi minni sýkingarhættu af völdum baktería, myglu og skordýra, sem gjarnan fylgi svepparæktun, og tryggi hreinni vöru í framleiðslu.

Nílla og Unnur segja kaldræktunaraðferðina lítið þekkta og nánast enga reynslu komna á möguleika á þessu sviði ræktunar. Það geri ræktunaraðferðir þeirra og vöru einstaka á matvælamarkaði.

„Til þess að vinna að enn frekari þróun á ræktunarkerfinu höfum við skalað upp tilraunaræktun á kaldræktuðum kóngaostrusvepp (einnig kallaður ístruvængur), sem er einungis ræktaður á hliðarstraumum; sagi og kaffibaunahýði,“ segja þær og halda áfram: „Kóngaostrusveppina seljum við til matvöruverslana og veitingahúsa og er mikill áhugi á sveppunum og greinilegur áhugi og markaður fyrir fleiri tegundir af matsveppum hér á landi, sem kallar á fleiri svepparæktendur sem geta nýtt okkar lausn.



Chestnut *(Pholiota adiposa).*



Pink oyster *(Pleurotus djamor).*



Pioppino *(Agrocybe aegerita).*

Við höfum átt viðtöl við svepparæktendur og mikill áhugi er hjá þeim að rækta á hliðarstraumum og nýtingu sveppamassa.“

### *Stór hattur og digur stilkur*

Svepparíkið ræktar allnokkrar tegundir sveppa. Má þar nefna kóngaostrusvepp (Pleurotus eryngii), bleikostru (Pleurotus djamor), kastaníusvepp (Pholiota adiposa), shiitake (Lentinula edodes) og asparsvepp (Agrocybe aegerita). En hvers vegna ætli þær hafi sett fókus á tilraunaræktun kóngaostrusvepps sérstaklega?

Þær útskýra að kóngaostra sé bæði próteinrík og seðjandi og elda megi sveppinn á svipaðan hátt og matkempu (Flúðasvepp). Kaldræktuð kóngaostra Svepparíkisins hafi einkennandi stóran hatt og digran stilk og sé áberandi ólík hefðbundinni kóngaostru. Sveppurinn hafi aðlaðandi lögun sem minni á nýtínda sveppi úr skóginum. Slíkur vöxtur fáist aðeins með kulda og auknu súrefni, en þannig vaxtarumhverfi sé líkt og haustveður. Kaldræktuð kóngaostra hafi jafnframt mýkri áferð en hefðbundin og megi líkja við muninn á mikið eða lítið eldaðri steik undir tönn.

„Leiðarljós og markmið Svepparíkisins byggja á hugsjón Zero Waste-heimssamtakanna um bestu nýtingu hliðarstrauma framleiðslu,“ segja Nílla og Unnur. „Ræktunarkerfið okkar er hannað þannig að öll verðmæti eru endurheimt á umhverfisvænan hátt og engin losun gróðurhúsalofttegunda á sér stað. Kerfið uppfyllir þannig kröfur um Zero waste-rekstur og -framleiðslu. Þar sem ræktunarkerfið byggist á fullnýtingu hliðarstrauma er það ekki aðeins Zero Waste heldur er það kolefnisneikvætt, þar sem það getur komið í veg fyrir urðun og brennslu hliðarstrauma frá öðrum rekstraraðilum,“ segja forsprakkar Svepparíkisins, þær Nílla og Unnur, að endingu.






Eco Garden
GOTT FYRIR GARÐINN

# Betri lausnir fyrir bændur

## Stæðuyfirbreiðslur, stæðuveggir og stæðuplast



**Helstu eiginleikar:**

- Einfaldar og þægilegar við frágang, engin dekk
- Snyrtilegt eftir að stæða er lokuð
- Heilbrigt gras og engar skemmdir á fóðri
- Þægindi í gjöfum
- Stæðan kemur í nokkrum 2m breiðum renningum sem þú tekur af við gjöf
- Margfalt léttari frágangur en á hefðbundnum stæðum sem notast við dekk eða sandpoka



## Mykjulón

Við bjóðum upp á mykjulón frá D.L plastic sem eru leiðandi í framleiðslu á mykjulónum, mykjutönkum og fiskeldistönkum í Evrópu

**Verð á mykjulónum:**

1000 m3 - 2.200.000 kr,-
2000 m3 - 3.300.000 kr,-
2500 m3 - 3.600.000 kr,-
3000 m3 - 4.300.000 kr,-
3500 m3 - 4.500.000 kr,-
4000 m3 - 5.000.000 kr,-



Verð án vsk og m.v. gengi EUR 145
2ja ára ábyrgð er á lónunum
Við uppsetningu á lónum kemur maður frá D.L. plastic sem sér um skipulag og stýrir ferlinu.

Getum einnig útvegað hrærur í lónið og gert teikningar og tilboð í jarðvinnu.



**Fyrir nánari upplýsingar hafið samband við:**
Guðmund Karl Eiríksson, Sölustjóra - Sími: 848 -1468
gudmundur@eco-garden.is

ECO-GARDEN ehf.
Lambhagavegur 9, 113 Reykjavík

www.eco-garden.is
eco-garden



Horft yfir Búðardal. Mynd / Eysteinn Guðni Guðnason, Wikipedia

### Brothættar byggðir:

# Auðugri framtíðarsýn Dalabyggðar

## – Unnið er að samkeppnishæfum innviðum byggðarlagsins

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is



**Eins og áður hefur verið kynnt hafa alls 14 byggðarlög hérlendis tekið þátt í verkefni Byggðastofnunar, Brothættar byggðir, sem fest er í sessi sem aðgerð í stefnumótandi byggðaáætlun 2018–2024.**

Merkja má ýmis jákvæð áhrif verkefnis Brothættra byggða á borð við aukna virkni og samstöðu íbúa hérlendis. Er markmiðið að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðarkjörnum landsins og er m.a. unnið í samvinnu við íbúa, landshlutasamtök, sveitarfélög og aðra með það fyrir augum að ráða bót á þessum vanda.

Litið er til örðugra viðfangsefna sem eiga við á fleiri en einum stað á landinu, gætt er þess að stilla saman strengi yfirvalds og íbúa og á allan hátt efla mótstöðuafl brothættra byggða. Fá íbúar hvers byggðarlags fyrir sig kost á að forgangsraða málefnum sem þeim þykja áríðandi og sjá verkefnastjórar Byggðastofnunar um að virkja frumkvæði og samtakamátt íbúanna, enda mikilvægar raddir í hverju samfélagi og lausnir málefna að sama skapi mikilvægar.

*DalaAuður*

Sveitarfélagið Dalabyggð er eitt þeirra byggðarlaga sem kusu að taka þátt í verkefninu, frá fyrri hluta árs 2022, en áætlað er að þátttaka þeirra vari til loka árs 2025 hvað aðkomu Byggðastofnunar varðar. Í Dalabyggð búa um 660 manns þar sem sauðfjárrækt er helsta landbúnaðargreinin, en í sveitarfélaginu eru reyndar nokkur stærstu fjárbúa landsins. Um ræðir mikið sögusvæði allt frá landnámi og eiga mörg þekkt skáld sterk tengsl við héraðið, Theodóra Thoroddsen, Stefán frá Hvítadal, Steinn Steinarr, Jóhannes úr Kötlum og fleiri.

Íbúaþing vegna verkefnis Brothættra byggða, undir heitinu DalaAuður, var haldið í lok mars árið 2022, en þar kom sterklega fram að nauðsynlegt væri að auka fjölbreytni atvinnutækifæra og efla það sem fyrir er. Bættir innviðir, þá vegir, fjarskipti, þriggja fasa rafmagn og aukið framboð íbúðar- og atvinnuhúsnæðis.

Önnur málefni voru tekin fyrir á borð við byggingu íþróttahúss og sundlaugar auk staðar sem hýst gæti félagsstarf og minni viðburði. Atvinnumál og nýsköpun voru einnig rædd og lagt var til að hafa sjálfbærni að leiðarljósi í allri atvinnuuppbyggingu með umhverfisvottun að markmiði.

*Ábúendur framtíðarinnar*

Skilaboð barna og unglinga komu skýrt fram á þinginu, helst er varða skólamál, en áhugi er á að styrkja enn frekar kosti Dalabyggðar sem barnvæns samfélags.

Nemendur Auðarskóla fengu tækifæri til að koma á framfæri hugmyndum en einnig framtíðarsýn sinni í gegnum verkefnavinnu, þar sem þau veltu meðal annars fyrir sér hvaða störfum þau langaði að sinna í sinni byggð sem fullorðnir einstaklingar, hvaða áhugamál væru helst á baugi og hvernig þeim fyndist að bæta mætti samfélagið.

Einnig kom fram að efla þyrfti heima- og stoðþjónustu eldri borgara og bæði íbúðum og rýmum á dvalarheimilum aldraðra þyrfti að fjölga. Samkvæmt samantekt var niðurstaða fundarins að „gera skyldi Dalabyggð eftirsóknarverða“ en þarna væri um blómlega byggð að ræða sem átt hefði undir högg að sækja m.a. vegna breyttra atvinnuhátta. Ríkuleg saga er ein af auðlindum svæðisins, mikil tækifæri eru í skógrækt og nálægðin við Breiðafjörð skapar ýmsa möguleika. Stærstu hagsmunamál íbúanna væru þó að bæta þyrfti innviði og samgöngur samkvæmt forgangsröðun málefna sem tekin voru fyrir.

Litið var til þess að byggðarmynstur Dalabyggðar væri fremur óvenjulegt, en rúm 60% íbúanna búa í dreifbýli utan Búðardals. Samfélagið er fámennt á stóru landsvæði sem segja má að sé að ganga í gegnum miklar breytingar. Ákveðið var að styrkja Búðardal sem kjarna byggðar og verður uppbygging íþróttahúss og sundlaugar liður í því.

*Styrkveitingar*

Í dag svarar heildaryfirlitum styrkja til verkefnis DalaAuðs 24,5 milljónum sem skiptist niður á 42 verkefni. Helming þeirra árið 2022 og hinn helminginn árið 2023. Fóru styrkveitingar í hin ýmsu málefni, allt frá ræktun aspargræðlinga, byggingu áfangaheimilis og kaupum á rúllutætara til aðstöðu sjúkraþjálfara, tónleikahalds, uppbyggingar fræhallar og aðstöðu Dýragarðsins á Hólum svo fátt eitt sé nefnt. Rebecca Ostenfeld, forsvarsmaður dýragarðsins, segir fjárveitinguna hafa komið sér vel en þeim var veittur ein milljón króna í styrk árið 2022 til hönnunar á nýrri og bættri aðstöðu fyrir bæði dýr og gesti.

Dýragarðurinn á Hólum er einkarekið athvarf, en þar sem um sjálfboðavinnu er að ræða má nærri geta að kostnaður við fóður og uppihald er allnokkur og innkoman helst á sumrin þegar gesti ber að garði.

Því eru styrkir, jafnvel í formi fóðurs og fersks grænmetis fyrir dýrin, vel þegnir.

*Framvinda verkefnis*

Í framhaldi vinnslu verkefnis DalaAuðs var íbúafundur haldinn um miðjan nóvember síðastliðinn. Kom fram að mikill kraftur hefur einkennt alla þá er að verkefninu koma, íbúa jafnt sem hagaðila, enda röggsamlega stýrt af Lindu Guðmundsdóttur verkefnastjóra. Einnig er talið til fyrirmyndar samstarf þeirra Bjarka Þorsteinssonar sveitarstjóra, þá með tilliti til þess hvernig slíkt samstarf getur skilað vel unnum starfsmarkmiðum.

Gerð var grein fyrir framvindu verkefnisáætlunarinnar og stöðu styrktra verkefna. Fundargestum var skipt í fjóra umræðuhópa eftir meginmarkmiðum verkefnisins auk þess sem sérstaklega voru tekin fyrir málefni eldri borgara og menningarmál.

Á fundinum kynntu tveir styrkþegar verkefni sín, sem bæði eru nýsköpunarverkefni. Þóra Sigurðardóttir kynnti listsetrið Nýp á Skarðsströnd þar sem byggð var sýningaraðstaða fyrir myndlist og hönnun árið 2018. Sótt var um styrk til þess að auka fjölbreytni starfseminnar og fékkst úthlutuð 1,1 milljón króna í stofnstyrk fyrir búnað og aðföng fyrir grafíkverkstæði árið 2023. Svo steig á svið Berghildur Pálmadóttir og sagði frá verkefni sínu, Áfangaheimilinu á Dunki, sem hlaut 900.000 króna styrk. Sáu aðstandendur þess verkefnis fyrir sér að hefja starfsemina á því að endurbyggja gestahúsið Möggukot, staðsettu rétt við íbúðarhúsið á Dunki. Stærð hússins var áætluð um 28 fm, sem hýbíli fyrir einn einstakling. Nú á nýju ári hefur verkefnið þróast frá því að styrkurinn var veittur og samkvæmt nýjustu upplýsingum hafa fyrstu skjólstæðingarnir nú dvalið að Dunki og því myndast reynsla í verkefninu.

Bjarki Þorsteinsson sveitarstjóri segir almenna jákvæðni gagnvart verkefninu og aðspurð tekur Berghildur svo sannarlega undir það.

*Að lokum*

Samhljóða niðurstaða fundar var að heilmikið hefði áunnist í framfaramálum byggðarlagsins og hvatti fundarstjóri gesti til þess að halda áfram með jafnvirkum hug og hætti og áður hefði verið raunin.

Að sama skapi kom fram að opnað væri fyrir umsóknir í Frumkvæðissjóð DalaAuðs frá og með 15. febrúar 2024 og íbúar hvattir til að sækja um.

Sem fyrr veitir Linda verkefnisstjóri íbúum aðstoð vegna undirbúnings umsókna eins og óskað er eftir en taka skal fram að frestur þeirra rennur út fimmtudaginn 29. febrúar þannig nú er um að gera að láta ríða á vaðið.



Kraftur og elja einkennir íbúafundi Dalabyggðar.
Myndir / Kristján Þ. Halldórsson og Helga Harðardóttir




Samstarf Bjarka Þorsteinssonar sveitarstjóra tv. og Lindu Guðmundsdóttur verkefnisstjóra hefur skilað góðum árangri.






Yngsta kynslóðin leggur á ráðin um framtíðina en allar raddir samfélagsins fengu vægi.






# Aðstaðan munar öllu

Við bjóðum margar lausnir varðandi aðstöðu á framkvæmdasvæðum fyrir starfsmenn og stjórnendur.

Hægt er að setja upp á auðveldan hátt skrifstofur, fundarherbergi, gistieiningar, salernis- og sturtuaðstöðu og matsali fyrir þann fjölda sem ykkur hentar.

Stólpi Gámar hefur til leigu og sölu vandaðar húseiningar þar sem allur frágangur er vandaður og til fyrirmyndar en mikil reynsla er komin af notkun þeirra hér á landi.

Hægt er að fá þær með salerni, sturtu og eldhúsinnréttingu. Þær geta verið á mörgum hæðum og hægt er að ákvarða staðsetningu á hurðum og gluggum og fjölda þeirra, allt eftir óskum. Húseiningarnar okkar eru vel einangraðar með steinull og standast vel íslenskt veðurfar.



Margvíslegar lausnir eru í boði varðandi skipulag innandyra.

Hafðu samband á stolpigamar.is eða í síma 568 0100

**Stólpi Gámar**

stolpigamar.is

KLETTAGARÐAR 3-5 | 104 REYKJAVÍK | STOLPIGAMAR@STOLPIGAMAR.IS



Formaður Félags tamningamanna, Sylvía Sigurbjörnsdóttir, bauð gesti velkomna á hálfrar aldar afmæli félagsins. Í ávarpi þakkaði hún stofnendum félagsins fyrir þá hugsjón og þann eldmóð að hafa komið félaginu á laggirnar fyrir rúmlega 50 árum síðan, fyrir það væru hestamenn þakklátir. Myndir / Gígja D. Einarsdóttir

## Félag tamningamanna:

# Fagleg og fræðandi afmælissýning

**Hálfrar aldar afmæli Félags tamningamanna var haldið hátíðlegt þann 17. febrúar og af því tilefni var boðið til afmælissýningar í Lýsishöllinni í Fáki.**

Félag tamningamanna var stofnað 10. apríl 1970, og er því gott betur en hálfrar aldar gamalt, en vegna heimsfaraldurs var afmælinu frestað á sínum tíma. Á starfsævi sinni hefur félagið haft það hlutverk að verja hagsmuni íslenska hestsins og talað fyrir sanngirni í allri meðferð, umönnun, tamningu og þjálfun hans.

Félagið bauð hestamönnum öllum til veislunnar sem var afar vegleg. Sýningaratriðin voru á heimsmælikvarða með tamningameisturum félagsins og afreksknöpum. Boðið var upp á afmælisköku og söngatriði auk þess sem saga félagsins var rituð og gefið út afmælisrit í tilefni hálfrar aldar afmælis. Málverkasýning Péturs Behrens, eins af stofnendum félagsins, setti hátíðlegan blæ á sýninguna.

Sylvía Sigurbjörnsdóttir, formaður félagsins, var afar ánægð með daginn og sýninguna í heild sinni. „Dagurinn var mjög ánægjulegur, sérstaklega var gaman að sjá hversu mikill áhugi meðal almennings er að bæta við sig þekkingu því hér var nánast setið í hverju sæti og fullt hús af fólki í allan dag.

Þetta er einstakt tækifæri að fá að fylgjast með meisturum félagsins og okkar fremstu knöpum og deila með okkur hinum hvernig þau temja og þjálfa hesta sína. Segja má að atriðin hér í dag hafi verið mjög fjölbreytt en áttu öll það sameiginlegt að hafa virðingu og kærleik í samskiptum við hestinn að leiðarljósi.“

Fyrrum formönnum félagsins var þakkað fyrir störf sín sem og stofnendum félagsins. Gullmerki Félags tamningamanna var veitt Trausta Þór Guðmundssyni fyrir störf sín í þágu félagsins og íslenska hestsins. Það var einróma álit gesta að sýningin hafi verið afar skemmtileg og vel heppnuð í alla staði.

*/ þag*



Heimsmeistarinn og afreksknapinn Jóhanna Margrét Snorradóttir mætti með vel þjálfaðan og flottan klárhest, Kormák frá Kvistum. Umfjöllunarefni hennar var léttleiki og gaman var að sjá hversu lipurt og létt þeirra samspil var í þjálfun. Sýningin endurspeglaði þá miklu vináttu og virðingu sem ríkti milli hests og knapa.



Lokaatriði afmælissýningarinnar bar heitið Gæðingasýning og átti vel við. Eyrún Ýr Pálsdóttir reið stóðhestinum Hyl frá Flagbjarnarholti sem vakti mikla eftirvekt fyrir framgöngu og fas. Teitur Árnason reið stóðhestinum Hafliða frá Bjarkarey og sýndi æfingar og afköst. Saman heppnaðist atriðið vel, ólíkir hestar en gullfallegir báðir tveir. Atriðið var sýnt undir lifandi söng Fríðu Hansen.



Tamningameistarinn Eyjólfur Ísólfsson mætti með tvo afreksknapa í salinn, þau Aðalheiði Önnu Guðjónsdóttur og Ólaf Andra Guðmundsson. Yfirskrift atriðisins bar heitið Kenna – Skilja – Treysta. Eyjólfur hlaut óskipta athygli gesta enda einstakur viskubrunnur um hesta og reiðmennsku. Aðalheiður sat hestinn Hulinn frá Breiðstöðum og Ólafur Draum frá Feti. Báðir tveir glæstir gæðingar sem gaman var að horfa á – mjúkir, sáttir og vel þjálfaðir.






Tamningameistarinn Mette Mannseth mætti með ungan stóðhest úr eigin ræktun, Grímar frá Þúfum, 5 vetra. Mette lagði áherslu á jafnvægi hestsins í formi hringteyminga og vinnu við hendi. Gaman var að sjá hversu mikil gleði einkenndi þeirra vinnustund og hversu fús hesturinn var að vinna með sínum þjálfara.



Tamningameistarar félagsins frá upphafi eru sex talsins. T.f.v. Mette Mannseth, Þórarinn Eymundsson, Benedikt Líndal, Sigurbjörn Bárðarson og Eyjólfur Ísólfsson. Reynir Aðalsteinsson hlaut einnig nafnbótina Tamningameistari en er nú fallinn frá.

# VETRARTILBOÐ
# ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR



## Junior T gróðurhús
318 x 401 cm gróðurhús,
12,8 m2 4mm hert gler.

**12%**

**1.050.000 kr.**
~~1.199.000 kr~~



## Modern gróðurhús
310 x 458 cm gróðurhús, 14,4 m2
4mm hert gler.

**8%**

**1.775.000 kr.**
~~1.925.000 kr~~



## Urban gróðurhús
Urban gróðurhús er lítið og nett
gróðurhús sem eru einföld í uppsetningu.
3,8 m2 að stærð og hert gler.

**50%**

**269.500 kr.**
~~539.000 kr~~

*Takmarkað magn!*



## Arnarfell – 7,8 m² Garðhús
280 x 280 cm garðhús með 70 cm þakskyggni
34 mm bjálki með tvöfaldri nót

**10%**

**423.000 kr.**
~~470.000 kr~~



## Búrfell – 11,8 m² Garðhús
430 x 280 cm garðhús með 50 cm þakskyggni
34 mm bjálki með tvöfaldri nót

**10%**

**607.500 kr.**
~~675.000 kr~~



## Bláfell – 16,5 m² Garðhús
482 x 392 cm garðhús með þakskyggni
34 mm bjálki með tvöfaldri nót

**10%**

**720.000 kr.**
~~800.000 kr~~

**BK HÖNNUN**
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

www.bkhonnun.is - sala@bkhonnun.is - Sími 571-3535



# Husqvarna®

**HÁ Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi.**

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar

**Þjónustuverkstæði og varahlutir**



***Husqvarna Trowel BG 245***
*Slípivél, Vinnslubreidd 60 cm*



***Husqvarna FS 500 E rafmagns gólfsög***
*Sögunardýpt 19 cm*



***Husqvarna DM230 Kjarnaborvél***
*150 mm Max*



***Husqvarna K770 14" Steinsög/Hellusög***
*Sögunardýpt 12,5 cm*



***Husqvarna LF75 Jarðvegsþjappa***
*97kg, 500 mm Plata*



***Husqvarna FS400 LV gólfsög***
*Sögunardýpt 16,2 cm*



***Husqvarna Rammer Hoppari LT6005***
*230mm Plata, 69 kg*



***Husqvarna K970***
*Sögunardýpt 15,5 cm*



***Husqvarna K4000 Steinsög***
*Sögunardýpt 12,5 cm*



***Husqvarna K3600 Vökvasög***
*Sögunardýpt 27 cm*



***Husqvarna K7000 Ring***
*Sögunardýpt 32,5 cm*



***Husqvarna K7000 Pre Cut***
*Sögunardýpt 14,5 cm*

**HÁ VERSLUN**

Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 9-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is



Óli Þór Hilmarsson, verkefnastjóri Matarsmiðju Matís, í vinnslurýminu í kjallaranum á Vínlandsleið 12.

Myndir / smh

## Matís:

# Matarsmiðja ákjósanleg fyrir frumkvöðla og smáframleiðendur

**Stuttu eftir að Matís ohf. var stofnað árið 2007 var ákveðið að hluti af starfseminni yrði fólginn í því að bjóða upp á aðstöðu fyrir frumkvöðla og smáframleiðendur í matvælavinnslu og því var útbúin Matarsmiðja í húsakynnunum á Vínlandsleið 12 strax á upphafsárinu.**


Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is




Óli Þór Hilmarsson hefur verið verkefnisstjóri Matarsmiðjunnar allt frá byrjun og segir hann að aðstaðan hafi þróast jafnt og þétt í gegnum tíðina. Nú geti smáframleiðendur matvæla og frumkvöðlar í matvælavinnslu á flestum sviðum fundið þar kjöraðstæður, enda smiðjan vel tækjum búin.

### *Stóru tækin í stanslausri notkun*

„Í kjallaranum erum við með Matarsmiðjuna, þar sem kannski ákveðin grunnvinnsla fer fram. Á þriðju hæðinni erum við svo með tilraunaeldhús. Í kjallaranum getum við tekið á móti bæði þeim sem vinna með fiskafurðir og kjötafurðir – það er hægt að einangra vinnslurýmið og kæla niður. Við höfum fengið hingað til okkar nokkra aðila sem hafa verið í kjöt- eða fiskvinnslu – og jafnvel ostagerð,“ útskýrir Óli Þór.

„Stóru tækin okkar eru í stanslausri notkun. Við erum með 110 og 240 lítra potta sem koma sér vel þegar framleiða á beinsoð eins og fyrirtækið Bone & Marrow gerir úr íslenskum lamba- og nautabeinum. Dæmi um aðra smáframleiðendur sem byrjuðu hér og hafa notið velgengni mætti nefna Súrkál fyrir sælkera og Lava Cheese. Ástríkur Gourmet Poppkorn var hér líka og við sjáum mikið á eftir henni Ásthildi héðan sem stendur á bak við framleiðsluna – því það var svo gott að laumast í smakkið á poppinu hennar.“

### *Ráðgjafarþjónusta og efnagreiningar*

Einungis tvær slíkar matvælavinnslur eru á höfuðborgarsvæðinu eins og er uppsett í Matís. Hin er í Kópavogi og heitir Eldstæðið. „Það er sambærilegt okkar, en þar er að auki stærra gólfpláss og fleiri geta unnið þar samtímis. Hjá okkur er í raun bara einn aðili í einu og svo notum við aðstöðuna talsvert sjálf í okkar rannsóknum. Svo er meira geymslupláss í Eldstæðinu. Aðrar matarsmiðjur er síðan að finna á Skagaströnd og á Höfn.

Við erum með pantanakerfi en það er nú alltaf stutt bið eftir því að komast að hjá okkur því fólk er frekar skamman tíma í einu,“ segir Óli Þór. Hann bætir því við að hjá þeim sé einnig boðið upp á keypta ráðgjafarþjónustu, auk þess sem hjá Matís sé hægt að sinna ýmsum mælingum; örverumælingum til að kanna geymsluþol og efnamælingum til ákvörðunar á næringargildismerkingum matvara til dæmis.

### *Smáframleiðendur og frumkvöðlar*

Sem fyrr segir hentar Matarsmiðjan bæði ákveðnum smáframleiðendum sem eru þegar með vörur í framleiðslu, en þar er einnig kjörin aðstaða fyrir framleiðslutilraunir í tilraunaeldhúsi. Óli Þór telur að fimm fyrirtæki séu nú í fastri framleiðslu hjá Matís, þó ekki séu öll í beinni matvælaframleiðslu.

„Til dæmis erum við með tvo framleiðendur í fæðubótarefnum. Einn sem var í framleiðslu hjá okkur framleiðir brenndar kaffibaunirnar hjá okkur og svo eru það hvítlauksbændurnir í Dölunum sem tóku góða lotu með okkur, bæði í þróun og framleiðslu á hvítlaukssalti fyrir skemmstu.

Það er nú þannig til komið að þau eru að fara að hefja framleiðslu á ferskum hvítlauk og hafa flutt inn útsæði og ræktað sjálf líka. Þangað til að þau eru búin að rækta nógu mikið útsæði sjálf þurfa þau að flytja það inn. Útsæðið er í raun hvítlauksgeirar og til þess að það sé hæft til að setja það niður að hausti þá þarf það að vera af ákveðinni stærð.

Þau hvítlauksrif sem ekki ná þessari stærð eru þá í raun orðin aukaafurð úr hvítlauksræktuninni. Í haust sátu þau uppi með svo mikið magn af þessu hráefni þannig að þau þurftu að finna leiðir til að gera verðmæti úr því.

> „Það hefur stórlega dregið úr vægi hlutverks forystufjár í hjörðum og því ákváðu þeir að reyna að finna annan hvata til þess að fjölga gripum í þessum einstaka stofni ...“

Þau komu til okkar með hugmyndina að íslensku hvítlaukssalti, helst úr Dölunum, þannig að úr varð að þau fengu Norðursalt á Reykhólum í samstarf við sig.

Síðan fengu þau starfsleyfi og komu svo til okkar í einn mánuð til að þróa hvítlaukssaltið, sem fólst í því að mauka og þurrka hvítlaukinn, setja saman við saltið, hita þetta aftur upp og loks pakkað. Þetta er óvenjulegt hvítlaukssalt að því leyti að það er gróft og svo er hvítlauksinnihaldið 25 prósent – sem er mun meira en gengur og gerist. Þetta er flögusalt – sem hægt er að mylja eins á milli fingranna út í matinn eða nota mortél.“

### *Frekari vöruþróun úr hliðarafurðum hvítlauksræktar*

Að sögn Óla Þórs eru þau strax farin að hugsa um frekari vöruþróun úr hvítlauknum. „Það er bæði vegna velgengninnar sem hvítlaukssaltið hefur fengið og vegna þess að næsta haust búast þau við enn meira magni. Mér skilst að einhvers konar hvítlauksmauk sé jafnvel í pípunum hjá þeim, sem hægt væri að búa til hvítlaukssmjör úr, enda væri það góð leið til frekari verðmætasköpunar.



Matís heldur úti sérstöku rými til skynmats á matvöru. Þar fer fram hlutlægt mat á tilteknum einkennum matvæla, til dæmis áferð og seigju kjöts – hvort kjöt sé ásættanlega meyrt – og hversu saltur eða sætur maturinn er.



Hvítlauksbændurnir í Dölunum, Haraldur Guðjónsson og Þórunn Ólafsdóttir, sem framleiða Dalahvítlaukinn, nýttu sér aðstöðuna hjá Matís bæði til að þróa hvítlaukssaltið sitt og framleiða það.

Annað verkefnið sem Óli Þór nefnir sérstaklega og er nú í vinnslu í Matarsmiðjunni er tiltekin verkunaraðferð á kjöti forystufjár sem kallast „dry aging“. Slík aðferð þekkist vel erlendis í verkun á nautakjöti.

„Tilgangurinn er að gera kjötið af þessum gripum að sælkeravöru og hvetja þannig til að fjölgað sé í stofninum – sem sé núna í ákveðinni tilvistarkreppu. Það hefur stórlega dregið úr vægi hlutverks forystufjár í hjörðum og því ákváðu þeir að reyna að finna annan hvata til þess að fjölga gripum í þessum einstaka stofni. Þeir sem standa að verkefninu eru báðir matvælafræðingar að mennt, auk þess sem annar þeirra er kjötiðnaðarmaður.

Þeir stefna á að gera þetta að eftirsóttum matvælum, því það yrði bein hvatning fyrir bændur að fjölga í hjörðum sínum. Þeir eru báðir úr sveit og þekkja því vel þennan vanda með forystuféð.“

### *Dry aged fish*

„Á sama tíma erum við með verkefni á okkar vegum sem heitir á ensku „Dry aged fish“. En hefur verið nefnt þurröldrun fisks upp á íslensku. Það er verkun á fiski sem er óskyld signum fiski, skötu eða hákarli – sem kallast „fermented“-verkun eða þráverkun sem mun vera rétta orðið. Hérna erum við með bæði bleikju og ýsu í tilraun – og svo eftir tiltekinn tíma er þetta eldað. Við erum komin með svo góðan tækjabúnað til að stilla af bæði raka og hitastig sem er nauðsynlegt í svona verkefnum.

Útkoman út úr þessu er feikilega góð; ekkert þráa- eða gerjunarbragð er af þessu, bragðið er einstaklega gott og áferðin silkimjúk.“



Bartosz Grygoruk og Aleksandra Baldyga í eldhúsinu í húsakynnum Matís, með ostinn Twaróg úr smiðju Mjólkursamsölunnar.

## Kemuri pierogi

Þegar blaðamann bar að garði í eldhúsi Matís á annarri hæðinni, voru þar að störfum Bartosz Grygoruk og Aleksandra Baldyga við framleiðslu á hinum sígilda pólska rétti, pierogi. Það eru fylltar deigbollur sem síðan verða soðnar á litla veitingastað þeirra Kemuri á horni Hverfisgötu og Vitastígs.

Staðurinn var opnaður fyrir um fjórum mánuðum. Þau segja að aðstaðan hjá Matís henti þeim vel til slíkrar skorpuvinnu sem framleiðslan er. Staðurinn þeirra sé of lítill til að hægt sé að halda þar úti framleiðslueldhúsi. Þau segja að pólska samfélagið á Íslandi sé vel meðvitað um veitingastað þeirra og ánægjulegt sé að Íslendingum fjölgi nú sífellt í viðskiptamannahópnum. Kemuri er blanda af litlum veitingastað og kaffihúsi – og þar bjóða þau einnig upp á kaffi og kökur.

Þau segja að mest sé notað af lauk, kartöflum og osti í fyllingarnar. Mjólkursamsalan framleiði sérstakan ost sem Twaróg heitir og er kjörinn í þessa matreiðslu, en hann er rjómakenndur og bráðnar vel innan í deigbollunum. Þau segjast nær eingöngu notast við íslenskt hráefni og bjóða upp á valkosti fyrir þá sem eru með glútenóþol og grænmetisætur.





# Landslagið í landbúnaði og matvælaframleiðslu

**Landbúnaðarháskóli Íslands í samstarfi við Bændasamtök Íslands, Matís, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Samtök ungra bænda, Samtök smáframleiðenda matvæla/Beint frá býli og Samtök fyrirtækja í landbúnaði stendur að málþingi sem haldið verður fimmtudaginn 7. mars kl. 10–16 á Hvanneyri.**

Haldin verða fjölbreytt erindi og að þeim loknum verða pallborðsumræður þar sem erindin verða rædd og spurt verður hvar þörf er á að ýta við málum til að landbúnaður geti verið arðsöm atvinnugrein sem sóst er eftir að starfa í. Íslenskur landbúnaður er ein af undirstöðuatvinnugreinum íslensks samfélags og íslensk matvælaframleiðsla ein af grunnstoðum þess að við byggjum sjálfbært og sjálfstætt samfélag til framtíðar. Mikilvægt er að standa vörð um íslenskan landbúnað til framtíðar til að tryggja fæðu- og matvælaöryggi og um leið er ljóst að víða liggja vannýtt tækifæri í íslenskum landbúnaði. Með málþinginu viljum við ná saman helstu hagaðilum í landbúnaði hér á landi til að ræða stöðu íslensks landbúnaðar í dag, tækifærin sem víða blasa við og hvernig við getum nýtt þau sem best, íslensku samfélagi til framþróunar.

„Kveikjan að málþinginu var samtal mitt við fulltrúa afurðastöðvar um stöðuna í landbúnaði. Við vorum sammála um að auka mætti samstarf aðila, huga þyrfti í auknum mæli að allri virðiskeðjunni og skapa aukin verðmæti úr þeim úrvals hráefnum sem íslenskur landbúnaður hefur upp á að bjóða. Það er von okkar að málþingið og annað samtal sem á sér stað innan greinarinnar leiði okkur að farsælum lausnum sem styrkir íslenskan landbúnað og matvælaframleiðslu til framtíðar," segir Ragnheiður Þórarinsdóttir, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands.

Rektor Landbúnaðarháskólans opnar málþingið og síðan tekur við erindi frá fulltrúa Samtaka fyrirtækja í landbúnaði, SAFL, sem mun fara yfir hvaða skref er verið að taka til að einfalda regluverkið. Fulltrúar frá mjólkuriðnaðinum, kjötframleiðendum og grænmetisbændum verða með erindi um nýsköpun og þróun í þeim geirum. Þá mun fulltrúi frá Matís fara yfir hvernig yfirfæra megi reynsluna úr sjávarútvegi yfir á landbúnaðinn.

Að loknu hádegishléi verður farið yfir rannsóknir og verkefni sem eru í gangi hjá deild Ræktunar og fæðu við Landbúnaðarháskóla Íslands. Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, ræðir svo um áskoranir nútímans og hvernig þeim er best mætt. Þá tekur Steinþór Logi Arnarson, formaður Samtaka ungra bænda, við og ræðir stöðu ungra bænda í dag. Að lokum fer síðan Oddný Anna Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka smáframleiðenda/Beint frá býli, yfir áskoranir og tækifæri hjá smáframleiðendum.

Að loknum erindum verða borðaumræður sem lýkur með pallborðsumræðum þar sem tekin verða saman umræðuefni dagsins og rætt hvar ýta þurfi við málum svo landbúnaður verði arðsöm atvinnugrein og aðlaðandi að starfa í.

Það er einlæg ósk aðila sem standa að málþinginu að þátttaka verði góð og að sem flest sem málið varða komi og ræði saman. Málþinginu verður einnig streymt en við hvetjum fólk til að mæta á Hvanneyri og standa saman að eflingu landslagsins í landbúnaði og matvælaframleiðslu. Nánari upplýsingar munu birtast á vef Landbúnaðarháskóla Íslands.

Öll velkomin.

*Rósa Björk Jónsdóttir, kynningarstjóri LBhÍ.*

# Tilraun með yrki af vallarfoxgrasi



Guðni Þorgrímur Þorvaldsson.



Jónína Svavarsdóttir.

**Einn þáttur í landbúnaðarrannsóknum hér á landi á undanförnum áratugum hefur verið prófun á nýjum grastegundum og yrkjum til túnræktar.**

Það er grundvallaratriði að tegundir og yrki sem hér eru notuð henti íslenskri veðráttu, þoli vel slátt, beit og aðra meðferð sem túnin þurfa að sæta. Uppskera og fóðurgildi skipta einnig miklu máli. Ný yrki koma reglulega fram og því þarf stöðugt að bera nýju yrkin saman við þau eldri.

Á árunum 2017–2021 var gerður samanburður á 19 yrkjum af vallarfoxgrasi á Hvanneyri. Að auki voru tveir tilraunaliðir með blöndu af yrkjum, annar með tvö yrki en hinn með átta. Auk yrkjasamanburðar voru tveir mismunandi sláttutímar í fyrri slætti og því var hverju yrki sáð í sex endurtekningum, þremur fyrir hvorn sláttutíma. Fyrri sláttutíminn var við byrjun skriðs og sá seinni 10 dögum síðar. Endurvöxtur var sleginn á sama tíma í öllum reitum, um miðjan ágúst.

Uppskera, þroskastig og þurrefnisinnihald var mælt við hvern slátt og þekja metin vor og haust. Mælingar á efnainnihaldi yrkjanna voru gerðar með NIR tækni á grassýnum úr fyrri slætti frá árunum 2018 og 2019. Niðurstöður tilraunarinnar voru birtar í riti LbhÍ nr. 154 og er það vistað á heimasíðu skólans undir liðnum útgefið efni.

Hér verða tilgreindar helstu niðurstöður:

Fyrsta veturinn skemmdust sum yrkin af kali en önnur voru óskemmd. Lerke og Diandra skemmdust mest. Gunnar, Dorothy, Varg, Switch og Grindstad skemmdust einnig nokkuð og nokkur yrki lítils háttar. Engmo, Uula, Noreng, Snorri, Tuukka og Hertta virtust óskemmd. Flest yrkjanna náðu sér aftur á strik. Vallarfoxgras gefur ekki bara eftir vegna kals. Það lætur einnig undan síga vegna samkeppni við gamla gróðurinn. Sum yrkin sem stóðu af sér kalið fyrsta veturinn gáfu eftir undir lok tilraunar, líklega vegna samkeppni við snarrótina. Í lok tilraunar voru Engmo, Snorri, Lidar, Uula og Noreng með mesta þekju. Skammt á eftir komu Liljeros, Grindstad, og Rakel.

Heildaruppskera allra yrkjanna eftir fyrri sláttutímann var að meðaltali 6920 kg þe./ha en 7447 kg þe./ha eftir þann seinni. Kalskemmdirnar komu eitthvað niður á uppskeru yrkjanna fyrsta sumarið og næstu sumur á yrkjunum sem skemmdust mest.

Við fyrri sláttutímann skiluðu Rakel, Nuutti og Gunnar mestri heildaruppskeru en Lerke, Tryggve og Uula minnstri. Við seinni sláttutímann voru Lidar, Rakel, Snorri og Tuukka með mesta uppskeru en Lerke og Switch með minnsta. Munurinn á uppskerumesta yrkinu og því uppskeruminnsta var 677 kg þe./ha við fyrri sláttutímann en 865 kg við þann seinni. Við fyrri sláttutímann voru Lerke, Diandra og Gunnar með hæst hlutfall uppskerunnar í seinni slætti en Engmo og Snorri með lægst. Við seinni sláttutímann voru Lerke, Diandra og Switch með hæst hlutfall uppskerunnar í seinni slætti en Snorri og Engmo með lægst.

Norðlægu yrkin skríða seinna en þau suðlægu. Þetta kemur fram í báðum sláttutímum og eins í endurvexti. Rakel, Lidar, Grindstad, Varg, Switch, Dorothy og Gunnar eru í hópi þeirra sem skríða fyrst. Yrki sem tengjast Grindstad voru með heldur hærri þurrefnisprósentu en önnur yrki í fyrri slætti. Ekki var marktækur munur á þurrefni yrkjanna í endurvexti.

Marktækur munur var milli yrkja og sláttutíma í meltanleika, tréni og flestum öðrum efnum sem voru mæld. Það ber að hafa í huga að yrkin voru öll slegin á sama tíma og því getur mældur yrkjamunur að hluta verið afleiðing af mishröðum þroska. Árið 2018 var kal í sumum yrkjum og gæti það einnig hafa haft áhrif á niðurstöðurnar t.d. með því seinka sprettu þessara yrkja að vori.

Mjólkurfóðureiningum (FEm kg/þe) fækkaði um 0,0075 einingar á dag frá fyrri sláttutíma til þess seinni. Eins og við var að búast var fóðrið frá fyrri sláttutímanum með fleiri fóðureiningar í hverju kílói fóðurs en fóðureiningafjöldinn á hektara var meiri í þeim seinni, 4679 á móti 3668 (meðaltal allra yrkja).

Á móti kemur að endurvöxtur var meiri eftir fyrri sláttutímann en þann seinni sem vegur á móti þessum mun þó það dugi ekki alveg til að jafna hann út.

Aukin uppskera þynnir út próteinið þannig að uppskerumeiri yrkin hafa tilhneigingu til að vera með lægra próteinhlutfall. Þetta skýrir þó ekki allan muninn í próteinhlutfalli, t.d. eru Engmo og Snorri með hvað mesta uppskeru í fyrri slætti og jafnframt með hæstu yrkjum í próteini.

*Guðni Þ. Þorvaldsson er próf. emeritus og Jónína Svavarsdóttir umsjónarmaður jarðræktartilrauna.*

## Ályktanir

1) Yrkin Engmo og Snorri staðfestu í þessari rannsókn að þau eru í hópi vetrarþolnustu yrkja sem hér hafa verið prófuð. Á harðbýlli stöðum ætti því að nota þessi yrki. Finnska yrkið Uula er einnig mjög vetrarþolið en virðist ekki eins uppskerumikið. Öll gefa þessi yrki lítinn endurvöxt.

2) Við hagstæðari skilyrði má nota uppskerumeiri yrki og yrki sem gefa meiri endurvöxt þó að þau hafi eitthvað lakara vetrarþol. Það er þó ákveðin trygging fólgin í því að blanda þessum þolnustu yrkjum saman við. Það er ástæða til að vekja athygli á yrkinu Liljeros en það er nýtt.

3) Auk vetrarþols þarf að horfa til nýtingarþols yrkjanna sem felst m.a. í þoli gegn því að vera slegin snemma og þrótti til að lifa af samkeppni við gömlu túngrösin sem alltaf koma aftur inn og reyna að ná yfirhöndinni.

4) Meltanleiki vallarfoxgrass fellur frekar hratt og gott fóður fæst með því að slá snemma. Vallarfoxgras endist hins vegar betur eftir því sem það er slegið seinna. Þetta þarf að hafa í huga og finna jafnvægi þarna á milli. Ekki þarf allt hey að vera í besta flokki og því má láta sum vallarfoxgrastún standa lengur óslegin og auka með því endingu þeirra.



Vetrarþol yrkjanna var misjafnt, yrkið Gunnar er fyrir miðju, Snorri til vinstri og Nuutti til hægri. Myndin var tekin 4. júní 2018.



Tilraunin slegin 14. júní 2019.






# Sjálfbær landnýting

**Í hugum margra eru gróður og jarðvegur svo sjálfsögð fyrirbæri að við áttum okkur ekki á því að þetta eru meðal okkar allra mikilvægustu auðlinda – auðlindir sem allt okkar líf byggir á.**

Þessar auðlindir eru grunnurinn að lífsnauðsynlegum vistkerfisferlum og þjónustum s.s. kolefnisbindingu, matvælaframleiðslu, vatns- og næringarefnahringrásinni og frumframleiðni. Líkt og með aðrar auðlindir eru þær takmarkaðar og við þurfum að hugsa vel um þær.

Í samráðsgátt stjórnvalda liggja nú fyrir drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu, drög sem hafa það m.a. að markmiði að tryggja sjálfbæra nýtingu þeirra auðlinda sem liggja í gróðri og jarðvegi. Þessi reglugerð snýr ekki einungis að þeirri nýtingu sem fellur undir landbúnað, heldur einnig nýtingu vegna umferðar fólks og ökutækja og vegna framkvæmda. Við mat á því hvort auðlindanýting er sjálfbær, út frá umhverfislegu sjónarhorni, er oftast horft til tveggja þátta. Í fyrsta lagi að auðlindin sé í því ástandi að hún sé hæf til nýtingar og í öðru lagi að nýtingin gangi ekki á auðlindina og tryggt sé að komandi kynslóðir geti notið hennar.

Það er alþekkt þegar kemur að nýtingu sjávarauðlinda að þegar stofnstærð fiska fer niður fyrir ákveðin mörk, er engin veiði leyfð, óháð því hvort stofnstærðin er að aukast eða minnka. Unnið er að stjórnunar- og verndaráætlunum fleiri tegunda og auðlinda, t.d. rjúpunnar, þar sem sömu skilgreiningu á sjálfbærri auðlindanýtingu er fylgt.

Það er í þessum anda sem reglugerðin um sjálfbæra landnýtingu er gerð. Ef ástand gróðurauðlindarinnar fer niður fyrir ákveðin mörk, er ekki hægt að nýta hana á sjálfbæran hátt, jafnvel þó að vistkerfið sé í framför.

Þegar kemur að mati á ástandi auðlindar og áhrifum beitarnýtingar á hana er byggt á nálgun sem er viðurkennd í dag og m.a. notuð í Bandaríkjunum, Nýja-Sjálandi og Mongólíu. Þar er ástand lands metið út frá því hversu mikil frávik það sýnir frá sambærilegu svæði í góðu ástandi. Þannig er hægt að meta ástandið, út frá fyrir fram gefnum mælibreytum og fylgjast með því hvernig það er að breytast. Nýtingin er svo aðlöguð að ástandi hvers tíma með það að markmiði að hámarka afköst beitarlandsins.

Ljóst er að margar nýjar áskoranir felast í þessari reglugerð. Það er einmitt eitt af hlutverkum Lands og skógar, í samvinnu við heimafólk, landeigendur, notendur auðlindanna og aðra, að takast á við þessar áskoranir á farsælan hátt. Miklir möguleikar felast í landbótaáætlunum og hægt er að útfæra þær með ýmsum hætti, jafnvel gjörólíkt því sem áður hefur tíðkast.

Þegar öllu er á botninn hvolft erum við öll að stefna að því sama. Við viljum tryggja blómlega byggð á öllu landinu sem byggir á sjálfbærri auðlindanýtingu, virðingu við hefðir og sátt við fólk og náttúru.

*Bryndís Marteinsdóttir,*
*sviðsstjóri á sviði sjálfbærrar landnýtingar*

# Af framkvæmd arfgerðagreininga 2024

**Íslensk erfðagreining mun áfram veita sauðfjárbændum liðsinni við arfgerðagreiningar og því ráðgert að öll sýni á vegum RML fari þangað til greiningar.**


Eyþór Einarsson.

Í vetur munu greiningar fara fram þegar safnast hefur upp hæfilegur skammtur sýna en gert ráð fyrir að niðurstöður komi þá a.m.k. mánaðarlega.

Gert er ráð fyrir að mikið magn sýna komi inn eftir sauðburð og þá verði stöðugt greint og svo áfram í haust.

### *Verð*

Fullt verð á greiningu til bónda verður óbreytt frá því sl. haust, eða 1.600 kr. án. vsk. Hér eftir verða hylkin seld sér og dregst sá kostnaður frá verðinu.

Gert er ráð fyrir að sá sem kaupir hylkið sé ábyrgur fyrir að greiða fyrir greiningu á sýni sem því fylgir. Þetta er gott að hafa í huga ef menn ætla að lána hylki milli bæja.

Verð pr. hylki er 300 kr. án vsk. Því verður innheimt að hámarki 1.300 kr. + vsk. fyrir greininguna, ef þegar er búið að greiða fyrir hylkið. Þá mun koma stuðningur frá matvælaráðuneytinu sem lækkar þá greiningar á ákveðnum sýnum.

### *Stuðningur við greiningar*

Fyrir liggur að matvælaráðuneytið (MAR) mun styðja við greiningar á sýnum. Hver upphæðin verður pr. sýni liggur ekki fyrir að svo stöddu. Hins vegar liggur fyrir að áhersla verður m.a. lögð á að hvetja til sýnatöku á afkvæmum gripa sem bera V eða MV arfgerðir.

Líklega verður vægi stuðningsins meira á V arfgerðir, svipað og gert var þegar sæðingar voru niðurgreiddar sl. haust.


Þeir sem eru að senda inn sýni til greiningar eru minntir á að forsendan fyrir því að fá niðurstöðuna inn í Fjárvís er að búið sé að forskrá sýnanúmerin á viðkomandi gripi. Mynd / Úr safni

Til að meta hvaða sýni skulu njóta niðurgreiðslu verður byggt á gögnum sem skráð eru í Fjárvís.is.

### *Pantanir og móttaka sýna*

Pantanir á hylkjum og töngum fara í gegnum heimasíðu RML. Yfir stendur vinna við að endurhanna pöntunarsíðuna og tengja hana við Fjárvís. Þessari vinnu er ekki að fullu lokið en mun pöntunarsíðan opna á næstu dögum. Ef einhverjum liggur á að fá hylki áður en pöntunarsíðan opnar er hægt að hafa samband við starfsmenn RML sem reyna að bjarga mönnum eftir bestu getu.

Þeir sem vilja koma sýnum til greininga geta sent þau á starfsstöð RML á Hvanneyri. Í vor er svo gert ráð fyrir að fjölga móttökustöðum og verður það kynnt betur síðar. Þeir sem eru að senda inn sýni til greiningar eru minntir á að forsendan fyrir því að fá niðurstöðuna inn í Fjárvís er að búið sé að forskrá sýnanúmerin á viðkomandi gripi (Skráning->forskrá sýnanúmer).

### *Úr hvaða gripum skal taka sýni?*

Nú er rétti tíminn til að fara að skipuleggja sýnatökur á komandi vori. Markmiðið er að sett sé á sem mest af lömbum sem bera V eða MV arfgerðir.

Áherslur í sýnatökum munu því felast í því að finna sem mest af þessum lömbum. Þá ætti það að vera regla á öllum búum að ásettir hrútar sé arfgerðagreindir.

Best er að taka sem mest af sýnum í vor úr þeim lömbum sem miklar líkur eru á að komi til greina sem ásetningslömb. Handhægt er að taka sýnið um leið og mörkun fer fram en tilvalið er að setja eyrnamerki lambsins í gatið sem sýnatakan skilur eftir. Áherslan í vor gæti því verið:

- Taka úr öllum sæðingalömbum sem koma til greina sem ásetningur
- Taka sem mest af sýnum úr lömbum þar sem báðir foreldrarnir bera V eða MV, til að finna þau lömb sem gætu verið arfhrein V/V, V/MV eða MV/MV.
- Taka sýni úr lömbum sem eru mjög líkleg ásetningslömb af einhverjum ástæðum og eiga a.m.k. eitt foreldri sem ber V eða MV.
- Í haust er síðan hægt að bæta við sýnatökum úr vafalömbum sem veljast í hóp álitlegra lamba sem ásetningur.
- Ljóst er að aðeins um 1/8 af þeim hrútlömbum sem gætu komið til nytja á landsvísu næsta haust og gætu borið V eða MV arfgerð verða settir á. Það er því sóun að taka sýni úr öllum hrútlömbum þó þau eigi foreldra með V eða MV arfgerð. Í raun ætti að nægja, þegar um ræðir að annað foreldrið er arfblendið V eða MV, að taka sýni úr rúmlega tveim lömbum fyrir hvert eitt sem sett yrði á, á heimabúi eða selt.
- Áður en farið er að panta hylki er því gott að leggjast yfir skýrsluhaldið og áætla fjölda lamba sem áhugavert væri að taka sýni úr. Þar sem meira og minna öll lömb eru undan arfblendnum foreldrum sem bera V eða MV ætti þó að vera nægilegt að miða við rúmlega tvöfaldan fjölda sem velja á til lífs.

*Höfundur er ráðunautur hjá RML.*








Credo Invest

**Grillhús**
**Garðhús**
**Sauna**

Eigum fjölda húsa á lager.
Bjóðum 12 mánaða vaxtalausar greiðslur .
Sími 454-0077
credoinvest@lts.is
WWW.LTS.IS






**Garðyrkja**

Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna



**Allt frá fræjum til afurða**

Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is

**Samhentir**



# Verndandi arfgerðir í sókn

## – Yfirlit yfir stöðu sauðfjárstofnsins með tilliti til niðurstaðna arfgerðagreininga

**Bændur voru duglegir við sýnatökur á síðasta ári. Alls fengust greiningarniðurstöður fyrir 35.287 sýni sem var í raun vonum framar. Greinilegt er að áhugi bænda er mikill fyrir þessu verkefni.**



Eyþór Einarsson.

Þá munaði mikið um aðkomu Íslenskrar erfðagreiningar og þau hagstæðu kjör sem þar bjóðast en það hefur klárlega örvað þátttökuna. Þar að auki styrkti matvælaráðuneytið og Þróunarsjóður sauðfjárræktarinnar sýnatökurnar og varð því á endanum kostnaður bænda við þennan lið mun minni en útlit var fyrir í ársbyrjun 2023.

*Samsetning stofnsins*

Í þessari samantekt eru arfgerðir gripa flokkaðar í 5 flokka. Það er V eða **verndandi** (dökkgrænt flagg). Það eru arfgerðir sem innihalda ARR en mega þó ekki vera arfblendnar á móti VRQ.

Þá er það MV eða **mögulega verndandi** (ljósgrænt flagg), en það eru arfgerðir sem innihalda breytileikana T137, C151 og H154 (AHQ) en þessar arfgerðir mega heldur ekki innihalda VRQ. Þriðji flokkurinn kallast **lítið næmar arfgerðir** (blátt flagg) en það eru bara arfgerðir sem innihalda N138, arfhreint eða á móti villigerðinni ARQ. Síðan er það **villigerðin,** ARQ/ARQ sem einnig er þekkt sem hlutlaus (gult flagg) og að lokum **áhættuarfgerðir** (rautt flagg), en það eru allar arfgerðir sem innihalda VRQ.




**Mynd 1. Samsetning stofnsins (ær og hrútar) út frá arfgerðum lifandi kinda í Fjárvís í ársbyrjun 2024.**

| Sýsla | Fjöldi með greiningu | Greiningar hlutfall | V/X | MV/X | Lítið næm/X | Villigerð | Áhætta/X |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Gullbringu- og Kjósasasýsla | 327 | 13% | 2% | 6% | 3% | 87% | 2% |
| Borgarfjarðarsýsla | 624 | 5% | 3% | 9% | 7% | 78% | 3% |
| Mýrasýsla | 408 | 4% | 5% | 13% | 8% | 70% | 4% |
| Snæfells- og Hnappadals. | 1.522 | 11% | 1% | 15% | 8% | 71% | 4% |
| Dalasýsla | 1.062 | 5% | 3% | 25% | 5% | 64% | 4% |
| Barðastrandarsýsla | 1.494 | 14% | 1% | 11% | 18% | 67% | 4% |
| Ísafjarðarsýslur | 395 | 5% | 0% | 15% | 9% | 68% | 8% |
| Strandasýsla | 4.201 | 24% | 1% | 13% | 14% | 68% | 4% |
| V-Húnavatnssýsla | 8.631 | 32% | 3% | 17% | 8% | 67% | 5% |
| A-Húnavatnssýla | 6.369 | 18% | 3% | 17% | 7% | 68% | 5% |
| Skagafjarðarsýsla | 8.329 | 26% | 5% | 25% | 6% | 60% | 3% |
| Eyjafjarðarsýsla | 4.130 | 23% | 3% | 18% | 8% | 65% | 5% |
| S-Þingeyjarsýsla | 3.259 | 16% | 1% | 16% | 5% | 73% | 5% |
| N-Þingeyjarsýsla | 2.989 | 16% | 1% | 10% | 3% | 79% | 6% |
| N-Múlasýsla | 1.978 | 7% | 2% | 12% | 9% | 72% | 5% |
| S-Múlasýsla | 1.294 | 9% | 8% | 8% | 6% | 74% | 4% |
| A-Skaftafellssýsla | 774 | 5% | 3% | 19% | 3% | 68% | 8% |
| V-Skaftafellssýsla | 845 | 5% | 3% | 14% | 9% | 69% | 5% |
| Rangárvallasýsla | 2.304 | 10% | 1% | 8% | 7% | 77% | 7% |
| Árnessýsla | 2.925 | 15% | 3% | 14% | 4% | 76% | 3% |
| | **53.860** | **15%** | **3%** | **16%** | **7%** | **69%** | **5%** |

**Tafla 1. Yfirlit yfir fjölda lifandi kinda í Fjárvís (hrútar og ær) sem hafa verið arfgerðargreindar flokkað eftir sýslum. Þá er hér sett fram hvernig þessar kindur flokkast eftir verndargildi arfgerðanna.**

Í skýrsluhaldsforritinu Fjárvís er nú að finna 53.860 lifandi gripi sem hafa greiningu. Ekki hefur þó verið tekið sýni úr þeim öllum, en Fjárvís getur búið til greiningar á gripi ef báðir foreldrar eru greindir og hægt að spá með 100% vissu hvað afkvæmið fær. Hlutfall ásetningsfjár sem er með greiningu hækkar því úr 8% í 15% á milli ára.

Á mynd 1 má sjá samsetningu stofnsins út frá niðurstöðum greininga. Flestir gripir bera villigerðina (hlutlausir). Hlutfall hlutlausra kinda lækkar aðeins um 2% milli ára. Hugsanlega hefði þetta hlutfall mælst hærra á síðasta ári ef jafnmargir gripir hefðu verið með greiningu og nú.

Kindur sem bera ARR og eru ekki með VRQ (áhættu samsætuna) reynast nú vera 3% af stofninum og eru því gripir sem bera verndandi eða mögulega verndandi arfgerðir 19% en voru á síðasta ári 15%. Hæst hlutfall af lifandi kindum með greiningar er að finna í Vestur-Húnavatnssýslu en þar eru 32% ásettra kinda með greiningu líkt og fram kemur í töflu 1. Næsthæst er greiningarhlutfallið í Skagafirði en ekki kemur á óvart að mest sé greint í þeim héruðum þar sem riðan hefur mest látið á sér kræla að undanförnu.

Þó hér sé ekki tekin saman sundurliðun eftir varnarhólfum, má ætla að af hreinu hólfunum (söluhólfunum) séu Strandamenn lengst komnir en Strandasýslan er með 24% ásetningsfjár greint og koma Strandamenn næstir á eftir Skagfirðingum. Minnst hefur verið greint í Mýrarsýslu, eða 4%.

*Hrútar*

Mikilvægast er að greina hrútana og er markmiðið að allir ásetningshrútar landsins séu með arfgerðargreiningu. Ekki er búið að ná þessu marki, en margir eru þó vel á veg komnir. Á 1.020 búum, samkvæmt Fjárvís, eru hrútar með arfgerðargreiningu en það er u.þ.b. 60% búa í skýrsluhaldi. Af þessum rúmlega þúsund búum eru þó aðeins 143 sem eru með greiningu á öllum sínum hrútum.

Hugsanlega eru þessi bú talsvert fleiri í raun, en búast má við að eitthvað af þeim hrútum sem skráðir eru lifandi í skýrsluhaldinu séu það ekki og eins er eitthvað af þessum hrútum ekki nýttir til kynbóta. Ef skoðað er hlutfall hrúta með greiningu eftir sýslum (mynd 2) þá er greiningarhlutfallið að jafnaði 37%, en samkvæmt Fjárvís eru 7.555 hrútar á lífi, arfgerðargreindir. Hæst er hlutfallið í Vestur-Húnavatnssýslu, þar er 65% hrútanna með greiningu.

Ef skoðað er hvernig samsetning hrútakostsins í landinu er m.t.t. næmis gegn riðu þá eru 9% hrúta með verndandi arfgerð og 17% með MV arfgerðir. Þetta hlutfall er þó mun hærra í yngsta aldursflokknum, en af hrútlömbum sem sett voru á sl. haust eru 19% með verndandi arfgerðir og 20% með mögulega verndandi arfgerðir. Gera má ráð fyrir að þessir hrútar hafi verið vel nýttir á síðustu fengitíð og má því ætla að yfir 100.000 lömb fæðist í vor sem eiga möguleika á því að bera V eða MV. Ef réttu lömbin verða valin til ásetnings verður tekið stórt skref í innleiðingu verndandi arfgerða og ætti því hlutfall hlutlausra- eða áhættuarfgerða að geta lækkað býsna hratt á næstu árum.

Á mynd 3 má sjá hvernig þessir arfgerðagreindu hrútar skiptast eftir stöðu arfgerðanna innan sýslna. Gera má ráð fyrir að hlutfall hrúta með V eða MV arfgerðir sé í raun lægra, en ætla má að þeir sem hafa verið duglegastir að velja fyrir V eða MV séu líka duglegastir við að arfgerðargreina. Athygli vekur að í öllum sýslum er eitthvað sett á af hrútum sem fyrir liggur að séu með áhættuarfgerð (VRQ/x).

Við vinnum fyrir stjórnendur
STJÓRNENDAFÉLAG SUÐURLANDS
www.stjornandi.is
STF
STYRKUR TRYGGÐ FORYSTA




**Mynd 2. Hlutfall arfgerðargreindra hrúta, sem skráðir eru lifandi í Fjárvís, eftir sýslum. Raðað eftir greiningarhlutfalli.**




**Mynd 3. Samsetning arfgerða með tilliti til riðumótstöðu eftir sýslum. Gögnin byggja á lifandi hrútum skráðum í Fjárvís í febrúar 2024.**

Slíka hrúta ætti helst ekki að nota. Í sumum tilfellum er skýringin þó sú að þessir hrútar hafa V eða MV genasamsætu á móti VRQ og með því að beita arfgerðargreiningum er þá hægt að velja eingöngu afkvæmin sem hafa góðu genin.

Þeir bændur sem ekki hafa látið greina hrútana sína enn þá eru hvattir til að taka sýni úr þeim í vetur. Gott er að stefna á að vera búin að greina hrútana fyrir vorið áður en lömbin koma í heiminn og fyrstu drög lögð að ásetningi næsta árs, m.a. með sýnatökum.

Að lokum eru Þórdísi Þórarinsdóttur færðar þakkir fyrir aðstoð við gagnaöflun.

*Höfundur er ráðunautur.*


# Landbúnaðarverðlaun matvælaráðuneytisins



Matvælaráðherra veitir landbúnaðarverðlaun árlega í tengslum við Búnaðarþing.

**Úthlutunarnefnd á vegum matvælaráðuneytisins óskar eftir tilnefningum um bændabýli, önnur landbúnaðarfyrirtæki eða félög sem talin eru hafa verið á einhvern hátt til fyrirmyndar í íslenskum landbúnaði á næstliðnu ári.**

Stutt greinargerð skal fylgja með tilnefningum. Þar skulu koma fram helstu upplýsingar um starfsemi tilnefndra ásamt rökstuðningi fyrir tilnefningunni. Verðlaunahafar geta verið allt að þrír og mun úthlutunarnefndin velja verðlaunahafa.

Við valið er litið til þátta eins og frumkvöðlastarfs, nýjunga í starfsháttum eða annars árangurs sem getur verið öðrum fyrirmynd í landbúnaði svo sem á sviði umhverfisstjórnunar, loftslagsmála, ræktunarstarfs eða annarra þátta í starfseminni.

Tillögur skulu berast eigi síðar en **1. mars 2024**, merktar „Landbúnaðarverðlaun" á netfangið **mar@mar.is** eða bréflega til matvælaráðuneytisins, Borgartúni 26, 105 Reykjavík.

Ráðherra landbúnaðarmála veitti landbúnaðarverðlaun fyrst 1997 og þau hafa verið veitt flest ár síðan eða alls í 25 skipti.

**Stjórnarráð Íslands**
Matvælaráðuneytið



# Leiktæki & Sport

Buglo

**Buglo** 9103
klifurnet 4,5m kr. 1.290.000





**Buglo** 00802
Kastali með rólu kr. 780.000

**Buglo** 2901
Rennibraut með göngum, tilboð kr. 440.000





**Buglo** 00302
Róla, tilboð kr. 310.000

**Buglo** 5103 gormatæki
kr. 99.000





**Buglo** 00114
Kastali ungbarna kr. 549.000

**Buglo** 2007
Klifurkofi, tilboð kr. 420.000



**Buglo** 5016
Gormatæki kr.177.000



**Gervigras á sparkvelli, leiksvæði og á garðinn þinn. Gúmmígrasmottur og gúmmíhellur undir leiktæki. Korkur og gúmmíyfirborð, á leiksvæði og hlaupabrautir. Plast körfuboltavellir. Körfur, mörk, girðingar, hjólabogar og hlaupahjólastandar.**

**www.leiktæki.is og Buglo.pl**
**Austurmörk 19, Hveragerði, sími 545-0077**
**pósthólf lts@lts.is**

LIKE US ON facebook

# Rekstur sauðfjárbúa 2022




Eyjólfur Ingvi Bjarnason.
María Svanþrúður Jónsdóttir.

**Í nýrri skýrslu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins er fjallað um niðurstöður úr rekstri 193 sauðfjárbúa sem skiluðu inn gögnum fyrir árin 2020–2022**

Þátttökubúin eru með að jafnaði 480 vetrarfóðraðar ær og endurspegla rúmlega 27% af landsframleiðslu dilkakjöts árið 2022.

Í meðfylgjandi töflu má sjá afkomu þessara búa, raðað eftir framlegð tekna. Niðurstöðurnar sýna að afkoma íslenskra sauðfjárbúa batnaði heldur árið 2022, en er að meðaltali óviðunandi og breytileiki milli búa er nokkuð mikill.

Helstu tækifæri sauðfjárbænda liggja í aukinni afurðasemi og lægri breytilegum kostnaði á hvert framleitt kíló dilkakjöts. Munurinn á breytilegum kostnaði efsta og neðsta þriðjungs eru 405 kr./kg árið 2022 og hefur vaxið á milli ára.

Framleiðslukostnaður dilkakjöts, án fjármagnsliða og afskrifta, er að meðaltali 1.535 kr./kg árið 2022.

| | 2020 | | | 2021 | | | 2022 | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Efsti 1/3 | Meðaltal | Neðsti 1/3 | Efsti 1/3 | Meðaltal | Neðsti 1/3 | Efsti 1/3 | Meðaltal | Neðsti 1/3 |
| Afurðatekjur kr/kg | 585 | 561 | 534 | 601 | 587 | 571 | 851 | 812 | 760 |
| Greiðslur úr sauðfjársamning kr/kg | 707 | 640 | 586 | 707 | 665 | 643 | 792 | 746 | 722 |
| Greiðslur úr rammasamning kr/kg | 35 | 38 | 42 | 31 | 39 | 46 | 37 | 42 | 46 |
| Aukagreiðslur* úr sauðfjársamning kr/kg | | | | 80 | 79 | 78 | 116 | 116 | 117 |
| Sprett- og álagsgr. jarðræktar 2022 kr/kg | | | | | | | 50 | 60 | 67 |
| Tekjur vegna sauðfjárræktar kr/kg | **1.327** | **1.240** | **1.163** | **1.419** | **1.369** | **1.338** | **1.845** | **1.776** | **1.712** |
| Aðkeypt fóður kr/kg | 28 | 38 | 48 | 29 | 43 | 53 | 30 | 39 | 54 |
| Áburður og sáðvörur kr/kg | 138 | 166 | 194 | 132 | 178 | 225 | 228 | 305 | 387 |
| Rekstur búvéla kr/kg | 105 | 148 | 198 | 131 | 165 | 217 | 157 | 200 | 253 |
| Rekstrarvörur kr/kg | 83 | 102 | 130 | 90 | 117 | 157 | 117 | 137 | 166 |
| Ýmis aðkeypt þjónusta kr/kg | 99 | 125 | 166 | 104 | 138 | 177 | 118 | 150 | 195 |
| Breytilegur kostnaður alls kr/kg | **454** | **578** | **736** | **487** | **641** | **829** | **650** | **832** | **1.055** |
| Framlegð kr/kg | **874** | **661** | **427** | **932** | **728** | **509** | **1.195** | **944** | **657** |
| Framlegðarstig tekna af sauðfjárrækt | **65,8%** | **53,4%** | **36,7%** | **65,7%** | **53,2%** | **38,0%** | **64,8%** | **53,1%** | **38,4%** |
| Viðhald eigna kr/kg | 79 | 104 | 116 | 74 | 97 | 116 | 98 | 103 | 115 |
| Rekstur húsnæðis kr/kg | 61 | 63 | 67 | 65 | 67 | 72 | 80 | 80 | 90 |
| Bifreiðakostnaður kr/kg | 67 | 66 | 74 | 67 | 68 | 68 | 81 | 82 | 82 |
| Annar rekstrarkostnaður kr/kg | 61 | 57 | 61 | 54 | 65 | 85 | 48 | 62 | 85 |
| Laun og launatengd gjöld kr/kg | 349 | 313 | 291 | 330 | 332 | 310 | 387 | 375 | 360 |
| Fastur kostnaður alls kr/kg | **618** | **602** | **610** | **591** | **629** | **650** | **693** | **703** | **732** |
| Rekstrarniðurst. f. fjármagnsl. og afsk. kr/kg | **256** | **59** | **-183** | **342** | **99** | **-141** | **502** | **241** | **-75** |
| Afskriftir kr/kg | 185 | 176 | 159 | 173 | 189 | 192 | 218 | 213 | 223 |
| Fjármagnsliðir kr/kg | 80 | 84 | 82 | 84 | 91 | 107 | 132 | 134 | 146 |
| Rekstrarniðurstaða sauðfjárbús kr/kg | **-9** | **-200** | **-424** | **84** | **-181** | **-440** | **152** | **-106** | **-445** |
| Rekstrarn. sauðfjárbús % af sauðfjárt. | **-0,6%** | **-16,2%** | **-36,5%** | **5,9%** | **-13,2%** | **-32,9%** | **8,2%** | **-6,0%** | **-26,0%** |
| Framl.kostn. án afskrifta og fjárm.liða kr/kg | 1.071 | 1.181 | 1.346 | 1.078 | 1.270 | 1.479 | 1.343 | 1.535 | 1.787 |
| **Hagnaður/tap af heildarrekstri, þús. kr.** | **1.653** | **825** | **226** | **1.502** | **493** | **-475** | **4.465** | **2.409** | **1.035** |

*Aukagreiðslur. Á árinu 2021 er það álag vegna Covid-19 og á árinu 2022 er það sprettgreiðsla vegna gæðastýringar




Mynd 1 - Hlutfallslega skipting afurðatekna og opinberra greiðslna eftir árum frá árinu 2014. Rauða línan sýnir EBITDA sem hlutfall af veltu sauðfjárræktar eftir árum."




Mynd 2 - Hlutfallslega skipting kostnaðar eftir árum frá árinu 2014.

**Bílskúrs- og iðnaðarhurðir**



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

**Smíðað eftir máli**
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

**Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf**

VP HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Mikill breytileiki er eftir stærð búa og fer framleiðslukostnaðurinn stiglækkandi með aukinni bústærð þar sem einstaka kostnaðarliðir deilast á fleiri kíló.

Framleiðslukostnaður dilkakjöts að meðtöldum fjármagnsliðum og afskriftum er 1.882 kr./kg árið 2022. Merki eru um bætta afkomu þátttökubúanna árið 2022 en þau tengjast að nokkru leyti hækkun á afurðaverði og einskiptisgreiðslum frá ríki, en einnig af auknum tekjum af öðru en sauðfjárrækt.

Hefði afurðaverð dilkakjöts haldið í við almenna verðlagsþróun frá 2014 til 2022, hefði meðalafurðaverð átt að vera 789 kr./kg en var þess í stað 748 kr./kg sem er 40% hækkun frá fyrra ári.

Á árinu 2022 reiknast tap sauðfjárræktar að meðaltali 106 krónur á kg dilkakjöts. Það hefði orðið enn meira ef ekki hefðu komið til einskiptisgreiðslur úr ríkissjóði.

Miðað við meðalatvinnutekjur á Íslandi árið 2022, 624 þúsund krónur á mánuði, eru mánaðarlaun sauðfjárbúa aðeins 45,5% af meðallaunum í landinu.

Niðurstöðurnar gefa til kynna að bæta þurfi rekstrarumhverfi sauðfjárbúa þannig að beinar tekjur af framleiðslu sauðfjárafurða standi undir eðlilegri launakröfu, nauðsynlegum fjárfestingum, tæknivæðingu og nýliðun.

Gagnasafn þessa verkefnis nær nú frá árinu 2014 og vaxandi fjöldi búa ár hvert. Á mynd 1 má sjá hlutfallslega skiptingu tekna ásamt EBITDA% af veltu sauðfjárræktar eftir árum.

> „Á árinu 2022 reiknast tap sauðfjárræktar að meðaltali 106 krónur á kg dilkakjöts. Það hefði orðið enn meira ef ekki hefðu komið til einskiptisgreiðslur úr ríkissjóði ...“

Á mynd 2 má sjá hlutfallslega skiptingu helstu kostnaðarliða eftir árum.

Verkefnið stendur á tímamótum þar sem því lauk formlega árið 2023 samkvæmt þeim samningi sem undirritaður var sumarið 2021 milli ráðuneytis, Landssamtaka sauðfjárbænda og RML.

Sambærileg verkefni eru rekin innan RML og hafa þau ásamt þessu verkefni margsannað gildi sitt. Verkefninu verður því, samkvæmt stjórnendum RML, tryggð áframhaldandi fjármögnun fram til næstu búvörusamninga en ljóst er að huga þarf sérstaklega að fjármögnun þessara verkefna til framtíðar.

*Höfundar eru ráðunautar í sauðfjárrækt hjá RML*


Galadríel 17-275 er ein af ARR-kindunum sem fundist hafa í Vífilsdal.

# Fjórir ARR-gripir til viðbótar í Vífilsdal

**Í framhaldi af því að 2 gripir fundust á bænum Vífilsdal í Hörðudal með ARR genasamsætuna var hafist handa við að kortleggja alla hjörðina.**

Síðastliðinn föstudag komu greiningar fyrir u.þ.b. helming ánna. Þar með er búið að greina nánast allar eldri kindur á búinu. Í næsta skrefi verður þá restin af hjörðinni greind, a.m.k. þær ær sem ekki er hægt að spá fyrir um arfgerð út frá greiningum eldri ánna.

Fjórar kindur bættust nú við sem bera ARR en áður var búið að staðfest genið í hrútnum Verði 23-459 og ánni Gullbrá 16-189. Enn er ekkert hægt að fullyrða um það hvaðan genið kemur í hjörðina. Þessar fjórar ær eru skyldar Gullbrá en þó ekki náskyldar.

Sameiginlegur forfaðir þeirra sem næstur þeim stendur er hrúturinn Golsi 02-346 frá Háafelli í Miðdölum, en hann kemur fyrir í 3. eða 4. ættlið hjá öllum ánum.

Frekari sýnataka mun væntanlega varpa ljósi á það hvort Golsi hafi borið ARR en hann á talsvert af afkomendum sem enn eru ógreindir. Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir þessar fjórar ær sem við bættust.

*Eyþór Einarsson, ráðunautur hjá RML.*

| Gripur | Litur | Horn | Faðir | Móðir |
|---|---|---|---|---|
| 16-123 | 11 | Kollótt | 13-451 Polli frá Vífilsdal | 15-048 |
| 17-226 | 38 | Kollótt | 16-440 Kuggur frá Vífilsdal | 08-264 |
| 17-275 Galadríel | 38 | Hyrnd | 15-465 Þristur frá Vífilsdal | 12-662 Gríma |
| 19-473 | 10 | Hyrnd | 17-145 Frontur frá Hlíð | 13-822 |

Kindurnar fjórar í Vífilsdal sem nú bætast í hóp ARR kinda.





ÁLFHELLU 12-14
HAFNARFIRÐI
SÍMI 533 5700

ÁRSTÍG 6
AKUREYRI
SÍMI 460 1500

FERROZINK@FERROZINK.IS
FERROZINK.IS

SANDBLÁSTUR & MÁLMHÚÐUN
FERROZINK

## Hlíðarveita til sölu

### Veitur ohf. auglýsa Hlíðarveitu til sölu

Hlíðarveita í Bláskógabyggð rekur hita- og kaldavatnsveitu og eru viðskiptavinir um 290 talsins.

Til sölu er 54% hlutur Hlíðarveitu í borholunni ER-23 á Efri-Reykjum ásamt öllu dreifikerfi, dælustöðvum og öðrum búnaði sem fylgir veitunni.

Hitaveitan þjónustar sumarhúsabyggðir í Brekkuskógi, Miðhúsaskógi og í Úthlíð auk þess að veita nokkrum býlum í nágrenninu heitt vatn.

Hlíðarveita hefur afnot af vatnsveitu Úthlíðar þar sem vatn er tekið úr lindum við Bjarnarfell. Vatnsveitan þjónustar sumarhúsahverfið í Úthlíð auk nokkurra húsa í Bláskógabyggð í grennd við Úthlíð.

Áhugasömum kaupendum er bent á að hafa samband við fyrirtækjaráðgjöf Fossa fjárfestingarbanka sem hefur umsjón með söluferlinu fyrir hönd Veitna. Fyrirspurnir má senda á netfangið **ftr@fossar.is**. Fjárfestar fá sölukynningu afhenta gegn undirritun trúnaðaryfirlýsingar og skilmálabréfs og verður boðið að gera tilboð á grundvelli þeirra gagna.

Frestur til að skila óskuldbindandi tilboði er til **kl. 16.00 þann 1. mars 2024**. Eingöngu verður tekið við tilboðum á sérstöku tilboðsformi og samkvæmt þeim skilmálum sem fram koma í skilmálabréfi og á tilboðsformi. Tilboðsform má nálgast hjá fyrirtækjaráðgjöf Fossa fjárfestingarbanka.



VEITUR



# Niðurstöður rekstrargreiningar í garðyrkju

**Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins lauk nýverið við verkefnið „Rekstrargreining garðyrkju á Íslandi 2019-2022“.**


Ívar Ragnarsson.

Í skýrslu sem birt hefur verið á heimasíðu RML koma fram helstu niðurstöður sem hafa fengist úr verkefninu. Verkefnið er styrkt af fagfé garðyrkjunnar.

Verkefnið sem þessi skýrsla byggir á er framhald verkefnis sem unnið var af RML á síðasta ári þar sem leitast var við að varpa ljósi á rekstrarafkomu í garðyrkju á Íslandi og þróun hennar á árunum 2019–2021. Nú er bætt við einu ári og unnið með árin 2019–2022.

Aflað var upplýsinga frá einstökum framleiðendum garðyrkjuafurða með það að markmiði að átta sig betur á rekstri helstu framleiðslugreina íslenskrar garðyrkju. Áfram var unnið með upplýsingar frá þátttakendum frá fyrra ári ásamt því að auglýst var eftir fleiri þátttakendum. Almennt voru undirtektir góðar og áhugi framleiðenda töluverður varðandi það að nálgast stöðu greinarinnar sem og það að fá möguleika á því að bera sig saman við heildina.

Í eldra verkefni var greiningin takmörkuð við rótargrænmeti (kartöflur, rófur, gulrætur) og

## Greining á afkomu garðyrkjunnar 2019-2022

Samtals niðurstaða framleiðenda á um 85-90% framleiðslunnar
Upphæðir í millj. kr. á verðlagi hvers árs

| | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | Breyting 4 ár |
|---|---|---|---|---|---|
| Afurðatekjur | 4.562 | 4.911 | 5.585 | 6.085 | 33,4% |
| Opinberar stuðningsgreiðslur | 289 | 354 | 657 | 902 | 212,8% |
| Aðrar tekjur | 610 | 391 | 488 | 890 | 46,0% |
| **Tekjur alls** | **5.460** | **5.656** | **6.730** | **7.878** | **44,3%** |
| Breytilegur kostnaður | 1.600 | 1.819 | 2.252 | 2.646 | 65,4% |
| Fastur kostnaður | 1.171 | 1.256 | 1.552 | 1.662 | 41,9% |
| Laun og launatengd gjöld | 1.910 | 1.943 | 2.115 | 2.430 | 27,2% |
| Afskriftir | 258 | 324 | 360 | 381 | 47,8% |
| Fjármagnsliðir | 124 | 123 | 137 | 181 | 45,8% |
| **Gjöld alls** | **5.063** | **5.465** | **6.418** | **7.300** | **44,2%** |
| **Hagnaður/Tap** | **397** | **191** | **313** | **578** | **45,5%** |
| Langtímaskuldir | 1.474 | 1.682 | 2.009 | 2.193 | 48,8% |
| Skammtímaskuldir | 1.143 | 1.750 | 1.519 | 1.551 | 35,6% |
| Heildarskuldir | 2.617 | 3.432 | 3.528 | 3.743 | 43,0% |
| Skuldahlutfall af veltu | 47,9% | 60,7% | 52,4% | 47,5% | |
| Hlutfall fjárm.kostn. af heildarveltu | 2,3% | 2,2% | 2,0% | 2,3% | |
| Hagnaður % af veltu | 7,3% | 3,4% | 4,6% | 7,3% | |

ylrækt (tómata, agúrkur, papriku) en nú er að hluta bætt við verkefnið greiningu á annarri ræktun með það að markmiði að hafa enn betri heildarsýn á garðyrkjuna.

Þátttakendum í verkefninu hefur fjölgað og eru nú rúmlega 30 framleiðendur virkir ásamt því að unnið er með ársreikninga og opinber tölur frá u.þ.b. 20 framleiðendum til viðbótar þannig að í heildina eru nú gögn frá 50 aðilum í gagnasafninu.

Þessi bú eru mjög breytileg að samsetningu, en af þeim eru um 20 nánast eingöngu í útiræktun (kartöflur, gulrófur, gulrætur o.fl.), 19 í ylrækt (tómatar, agúrkur og paprika) og 11 í öðru (blóm, salat o.fl.).

Í gagnasafninu sem unnið er með eru nú gögn frá framleiðendum sem samanlagt njóta u.þ.b. 85–90% þeirra opinberu stuðningsgreiðslna sem garðyrkjan fær. Það gerir okkur kleift að sýna tölur um heildarþróun greinarinnar yfir þetta árabil ef horft er á ákveðnar lykiltölur.

Leitast er við að greina raunveruleg rekstrargögn garðyrkju búa eftir framleiðslugreinum. Jafnframt fær hver virkur þátttakandi greiningu á sínum rekstri og stöðu eins og kostur er ásamt samanburði við meðaltöl í greininni.

Nú er í meira mæli en síðast horft á niðurstöður og tölur niður á flatarmálseiningu, þ.e. tekjur og kostnaður reiknaður niður á hektara í útirækt og fermetra í ylræktinni sem gerir ákveðnar greiningar óháð tegundum mögulegar.

Gögn og upplýsingar eru fengnar úr ársreikningum, landbúnaðarframtölum og öðrum bókhaldsgögnum í samvinnu við framleiðendur sem og úr Jörð.is, Afurð.is, Mælaborði landbúnaðarins og Fasteignaskrá.

Að sjálfsögðu ríkir alger trúnaður um bókhaldsgögn þátttakenda og eru þau vistuð í lokuðum gagnagrunni.

### *Framlegð afurðatekna lækkar*

Þó að í verkefninu sé verið að fjalla um og vinna með gagnasafn sem inniheldur stóran hluta garðyrkjunnar er rétt að hafa þann fyrirvara að töluverður eðlismunur er á rekstri hvort um er að ræða ylrækt eða útiræktun. Samt eru ákveðnir þættir sem rétt er að nefna almennt.

- Afkoma batnar að meðaltali í ylræktinni en versnar í útiræktinni.
- Framlegð afurðatekna lækkar almennt í greininni allri sem er ákveðið áhyggjuefni.
- Breytilegur kostnaður á tímabilinu hækkar meira en tekjur mælt í kr./kg.
- Fastur kostnaður hækkar.
- EBITDA sem hlutfall af veltu lækkar í útiræktinni en hækkar í ylræktinni.
- Afkoma versnar heldur í kartöflurætkinni en mikil hækkun á jarðræktarstyrk og sprettgreiðslum árið 2022 skipta búgreinina miklu.
- Afkoma í ylræktinni batnar mikið 2022 hjá þeim búum sem mynda það meðaltal sem unnið er með og þá ekki síst vegna annarra tekna sem að meirihluta koma úr ferðaþjónustu. Töluverður munur er þó á afkomu milli búa sem mynda meðaltalið.
- Ekki er farið í djúpa greiningu á annarri tegund ylræktar þ.e. blóm, salat o.fl. en þó ljóst að þessi 4 ár sem um ræðir hafa einkennst af miklum sveiflum. Afkoman seinni árin tvö, þ.e. árin 2021 og 2022, er þokkaleg að meðaltali eftir mikla niðursveiflu Covid árið 2020.
- Framlegð afurðatekna í krónum á flatarmálseiningu (m²) í ylræktinni í heild stendur nánast í stað á þessum fjórum árum.
- Opinberar stuðningsgreiðslur í hvaða formi sem þær eru hafa afgerandi áhrif í þá átt að halda verði afurða í skefjum og gera greinina rekstrarhæfa.
- Garðyrkjan í heild sinni skilar heldur betri niðurstöðu árið 2022 en árin á undan en hafa ber í huga að það ár er umtalsverð hækkun á opinberum stuðningi (m.a. sprettgreiðslur) og eins hækka aðrar tekjur mikið (sjá töflu).

### *Mikilvæg gögn*

Verkefni sem þetta er mjög mikilvægt fyrir greinina og afar jákvætt að mögulegt var að bæta enn frekar í gagnagrunninn sem unnið er með. Ákveðið hefur verið að halda áfram á sömu braut og vonandi verður þetta hér eftir eitt af þeim verkefnum sem stöðugt eru í vinnslu. Það nýtist bæði sem stjórntæki fyrir framleiðendur sem og upplýsingabanki um stöðu greinarinnar.

Nauðsynlegt er að fylgjast vel með þróun í greininni þar sem hún er mikilvægur þáttur í matvælaframleiðslu og matvælaöryggi þjóðarinnar sem og vegna markaðrar stefnu og aðgerðaráætlunar stjórnvalda í loftslagsmálum.

Með gagnasafni af þessari stærð er hægt að skoða þróun í garðyrkjunni nokkuð vel frá ári til árs.

Að ákveðnu leyti var verkefnið útvíkkað og aðgengileg opinber gögn, s.s. ársreikningar o.fl., tekin með inn í myndina þó svo að ekki væru allir framleiðendur formlegir þátttakendur. Með þessu fékkst mun betri grunnur undir greiningar og síðan er ekkert því til fyrirstöðu í framhaldinu að fleiri framleiðendur garðyrkjuafurða geti með virkri þátttöku fengið dýpri samanburðargreiningar.

Þeim framleiðendum sem óska eftir að taka þátt er bent á að hafa samband við Ívar Ragnarsson, ivar@rml.is, Sigurð Guðmundsson, sg@rml.is og Helga Jóhannesson, helgi@rml.is.

*Höfundur er ráðgjafi á rekstrar- og umhverfissviði RML.*




# Deildarfundir Auðhumlu svf. 2024 verða haldnir sem hér segir:

| Dagsetning | Deild | Fundarstaður |
|---|---|---|
| Miðvikudagur 6. mars kl. 11:30 | Flóa- og Ölfusdeild | Hótel Selfoss |
| Fimmtudagur 7. mars kl. 11:30 | Uppsveitadeild | Hótel Flúðir |
| Föstudagur 8. mars kl. 11:30 | Eyjafjalladeild Landeyjadeild Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild | Hótel Fljótshlíð, Smáratúni |
| Mánudagur 11. mars kl. 11:30 | Vestur-Skaftafellsdeild | Hótel Dyrhólaey |
| Mánudagur 11. mars kl. 20:00 | Austur-Skaftafellsdeild | Árnanes, Hornafirði |
| Þriðjudagur 12. mars kl. 11:30 | Austurlandsdeild | Berjaya Iceland Hotels, Egilsstöðum |
| Miðvikudagur 13. mars kl. 11:30 | Norðausturdeild | Hótel Sveinbjarnargerði, Eyjafirði |
| Þriðjudagur 19. mars kl. 11:30 | Vesturlandsdeild | Hótel Hamar, Borgarnesi |
| Miðvikudagur 20. mars kl. 12:00 | Breiðafjarðardeild | Vínlandssetrið Leifsbúð, Búðardal |
| Fimmtudagur 21. mars kl. 11:30 | Austur-Húnaþingsdeild Vestur-Húnaþingsdeild | Hótel Laugarbakki |

**Deildarfundur Breiðafjarðardeildar verður jafnframt haldinn á fjarfundakerfinu TEAMS.**

Um heimild félagsmanna að láta umboðsmann sækja deildarfund fyrir sína hönd fer eftir 23. grein laga um samvinnufélög nr. 22/1991 þar sem segir:

*„Heimilt er félagsaðila að láta umboðsmann sækja félagsfundi fyrir sína hönd, en umboðsmaður getur þó ekki farið með nema atkvæði eins félaga auk atkvæðis þess er hann sjálfur hefur. Umboð til fundarsóknar skal vera skriflegt og ekki eldra en þriggja mánaða."*

Ef félagsmaður (einstaklingur) hyggst veita öðrum einstaklingi umboð til að fara með atkvæði sitt á deildarfundinum er farið fram á að það sé formlegt, þ.e. skriflegt, dagsett, tiltaki nafn og kennitölu þess sem fær umboðið, tiltaki að umboðið gildi á umræddum deildarfundi, sé undirritað af þeim félagsmanni sem veitir umboðið og vottað af tveimur lögráða einstaklingum sem staðfesta vottun sína með nafni og kennitölu.

Á deildarfundi skal jafnframt gera grein fyrir hvaða einstaklingur fari með atkvæði þess lögaðila (ehf. eða sf. félags) sem skráð er félagsaðili að Auðhumlu svf. Sá einstaklingur skal vera skráður á vottorði fyrirtækjaskrár sem eigandi, félagsmaður, framkvæmdastjóri, aðal- eða varastjórnarmaður viðkomandi lögaðila. Að öðrum kosti þarf gilt umboð skv. ofangreindu til að fara með atkvæði lögaðilans á deildarfundinum.

AUÐHUMLA

Athygli er þó vakin á því að eingöngu eigendur, félagsmenn, framkvæmdastjórar og aðal- eða varastjórnarmenn lögaðila sem er félagsaðili að Auðhumlu svf. og eru tilgreindir sem slíkir á vottorði fyrirtækjaskrár eru kjörgengir í stjórn Auðhumlu svf. og fulltrúaráð. Umboð til að fara með atkvæði lögaðila á deildarfundi gefur þannig viðkomandi ekki kjörgengi ef nafn viðkomandi er ekki skráð á vottorði fyrirtækjaskrár viðkomandi lögaðila.

Ef þörf er á að breyta núverandi skráningu í fyrirtækjaskrá er það gert með rafrænum hætti á vefslóðinni www.skatturinn.is > „Breytingar og slit" > „Breyting á skráningu ehf./hf./ses" eða „Breyting á skráningu sf./slf."

Ef einhverjar breytingar hafa átt sér stað skal nýtt vottorð úr fyrirtækjaskrá hafa borist skrifstofu Auðhumlu svf. á netfangið audhuma@audhumla.is í síðasta lagi daginn fyrir deildarfund.

*Jóhannes Hr. Símonarson, framkvæmdastjóri Auðhumlu svf.*



SERES 3
Luxury Rafmagnsbíllinn býður upp á ríkulegan staðalbúnað og frágang í hæsta gæðaflokki!
Verð 4.900.000,-
Við auglýsum svo sannarlega ekki "verð frá".
RAG import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is
VIÐ AUGLÝSUM ALDREI „VERÐ FRÁ"






# Fóðurathugun í Hofsstaðaseli



Verkefnið er með Facebook-síðu, „Áhrif mismunandi kornskammta á vaxtarhraða holdablendinga.“

| Gerð | Fituflokkur | Fjöldi | Meðal fallþungi kg | Meðal lífþungi kg | Meðalaldur í dögum |
|---|---|---|---|---|---|
| **0% korn** | | | | | |
| U | | | | | |
| R+ | | | | | |
| R | 3 | 3 | 361 | 682 | 571 |
| | 2 | 3 | 352 | 661 | 545 |
| R- | 2 | 5 | 299 | 581 | 552 |
| Samtal og meðaltöl | | 11 | 330 | 630 | 555 |
| **20% korn** | | | | | |
| U | 3- | 1 | 369 | 628 | 505 |
| | 3 | 1 | 396 | 720 | 539 |
| R+ | 2+ | 1 | 318 | 648 | 554 |
| | 3- | 2 | 326 | 633 | 510 |
| | 2 | 2 | 375 | 667 | 570 |
| R | 3 | 6 | 311 | 595 | 544 |
| | 3- | 1 | 351 | 648 | 614 |
| | 2+ | 1 | 301 | 576 | 599 |
| | 2 | 7 | 318 | 614 | 577 |
| R- | 3 | 1 | 285 | 568 | 533 |
| Meðaltöl | | 23 | 327 | 620 | 557 |
| **40% korn** | | | | | |
| U | | | | | |
| R+ | 3 | 5 | 343 | 643 | 530 |
| | 3- | 2 | 353 | 674 | 553 |
| | 2+ | 3 | 357 | 655 | 483 |
| R | 3 | 3 | 324 | 617 | 542 |
| | 2+ | 3 | 337 | 628 | 503 |
| | 2 | 6 | 336 | 634 | 552 |
| R- | 3 | 1 | 354 | 644 | 566 |
| | 3- | 2 | 353 | 639 | 502 |
| | 2+ | 7 | 316 | 598 | 510 |
| | 2 | 2 | 309 | 583 | 547 |
| Meðaltöl | | 34 | 335 | 628 | 526 |

**Sláturupplýsingar þeirra nauta sem búið er að slátra. Þegar öll gögnin liggja fyrir má greina þau betur og leita að marktækum mun milli fóðrunarmeðferða.**

**Haustið 2022 hófst athugun á fóðrun holdablendinga í Hofsstaðaseli í Skagafirði. Verkefnið er unnið af RML í samvinnu við Bessa Vésteinsson í Hofsstaðaseli og Þórodd Sveinsson hjá LbhÍ og er styrkt af þróunarfé nautgriparæktar.**



Ditte Clausen.

Verkefnið er með Facebook-síðu, „Áhrif mis- munandi korn- skammta á vaxtarhraða holda- blendinga“, þar sem allir áhuga- samir geta fylgst með. Einnig hefur verið sýnt frá mánaðarlegum vigtunum á snappinu „rml-radunautar“.

Undirbúningurinn byrjaði í ágúst 2022 með heysýnatöku til að áætla fóðurgjöf fyrir kálfana sem komu inn sama haustið. Í desember voru allir kálfar komnir inn og höfðu þeir allir verið vigtaðir við fráfærur. Kálfarnir fengu þrenns konar eldi, innihélt fóðrið ýmist 0%, 20% eða 40% korn af heildarþurrefnisáti. Upphaflega var holdanautunum 108 sem voru með í athuguninni skipt í sex hópa, þannig að tveir hópar fengu sömu fóðrunarmeðferð. Kálfunum var raðað í hópa eftir þunga og aldri þannig að meðalþungi og meðalaldur voru sambærilegir milli fóðrunarmeðferða. Ákveðið var í upphafi að slátra nautunum á sama tíma úr hverri stíu, þegar meðalþungi á fæti í stíunni hefði náð um 620–630 kg að meðaltali. Þannig myndum við sjá áhrif fóðrunar á vaxtarhraða og sláturaldur ásamt kjötmatsflokkun.

***Gangur verkefnisins***

Um miðjan desember var allt klárt og byrjað var að gefa fóður samkvæmt áætlun. Í Hofsstaðaseli er fóðurblandari, fóðurtölva og færiband, þannig að hægt er að stjórna gjöfinni eftir áti og allar upplýsingar aðgengilegar fyrir uppgjör verkefnisins.

Til að auðvelda gjafir ákvað Bessi að gefa stórum hluta gripanna í fjósinu 20% korn en þá þurfti einungis að bæta aukakorni við hópana tvo sem fengu 40% af fóðrinu sem korn. Hóparnir í fóðurathuguninni hafa alla daga fengið sömu grunnblöndu af gróffóðri og vítamín og steinefni.

Hóparnir sem hafa aðeins fengið gróffóður hafa þá fengið sína gjöf áður en korninu er bætt í blandarann. Reglulega hefur verið tekið heysýni úr blandaranum til efnagreiningar til að tryggja að fóðurþarfir nautanna séu uppfylltar og fyrir uppgjör verkefnisins.

Í Hofsstaðaseli er mjög góð vigtunaraðstaða og mánaðarleg vigtun á nautunum í athuguninni hefur verið fastur liður síðan í desember 2022 og nautin því orðin mjög reynd í að renna í gegnum vigtina.

Þóroddur Sveinsson hafði varað okkur við af reynslu sinni að nautin myndu vaxa í stökkum en það hefur samt ekki gert það auðveldara að sjá lélegar tölur á vigtinni. Helst vildi maður alltaf sjá góðar tölur. Hins vegar fá lélegar tölur mann til að hugsa og margt er búið að veltast um í kollinum.

Fyrsta nautahópnum í athuguninni var slátrað þann 23. september 2023 en það voru 12 naut sem höfðu fengið 40% korn og síðasti 40% hópurinn fór í sláturhúsið í byrjun janúar 2024.

Þá eru aðeins 32 naut eftir, í þrem hópum, tveim heyhópum og einum 20% hóp. Þegar síðustu nautin fara í sláturhús í lok mars eða byrjun apríl hefur verkefnið staðið yfir í 1½ ár og eiga bændurnir í Hofsstaðaseli mikið hrós skilið og miklar þakkir fyrir að taka þátt í þessu og standa vaktina alla daga.

***Uppgjör og framhaldsverkefni***

Þegar verkefninu í Hofsstaðaseli lýkur verður til talsvert af gögnum sem er hægt að vinna úr. RML mun sjá um þá vinnu með aðstoð Þórodds Sveinssonar. Gerð verður grein fyrir áhrifum fóðrunar á vaxtarhraða og meðalaldur við slátrun, gæðaflokkun úr sláturhúsinu og reiknaður verður




**Fráfærualdur og þar með burðardagsetning virðist hafa áhrif á vöxt gripa og lífþunga þeirra út alla athugunina. Hér er samanburður gripa sem fengu allir 40% korn, gripir sem voru eldri (186 daga, græn lína) við fráfærur voru um 50 kg þyngri við 500 daga aldur, en gripir sem voru yngri (141 daga, blá lína).**

## Aðalfundur
## Sláturfélags Suðurlands svf.

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf. verður haldinn á Goðalandi, Fljótshlíð, föstudaginn 15. mars 2024 og hefst kl. 15:00.

Dagskrá:
1. Aðalfundarstörf samkvæmt 24. gr. samþykkta félagsins.
2. Önnur mál.

Tillögur frá félagsaðilum sem bera á fram á aðalfundi þurfa að vera komnar skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund. Framboð til stjórnar og varastjórnar skulu hafa borist skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en þremur vikum fyrir aðalfund í samræmi við 2. mgr. 27. gr. samþykkta félagsins.

Reykjavík, 15. febrúar 2024.
**Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf.**



## Hljóðið í Bessa eftir tæplega eitt og hálft ár

Hugmyndin um verkefnið vakti strax áhuga, það er þörf á aukinni áherslu á fóðrun nautgripa í nautakjötsframleiðslu. Heilt yfir hefur gengið vel í fjósinu þó svo að athugunin hafi krafist aðeins meiri vinnu við blöndun á fóðri og utanumhald skráninga. Það er þó ekkert miðað við allar þær upplýsingar sem við fáum úr þessari athugun.

Þetta er búið að vera mjög lærdómsríkt ferli og hefur haldið manni á tánum og hvatt mann áfram í að opna hugann og sjá tækifærin í nautaeldi í framtíðinni. Verkefnið er búið að sýna okkur það að gott gróffóður er lykilatriði en það getur væntanlega sparað bændum peninga þegar kemur að aukakorni eða -kjarnfóðri. Ég reikna þó því með að þurfa að gefa kjarnfóður sem einhvern hluta fóðursins.

Þá hefur verið sérstaklega áhugavert að sjá hvað er mikill breytileiki í vexti milli einstaklinga og er ég sannfærður um að það sé mikill ávinningur í nýja Aberdeen Angus-erfðaefninu frá Noregi, en gripir með það erfðaefni skila meiri vexti en aðrir. Annað sem virðist mikilvægt er tímasetning á burði en kálfar sem fæðast snemma á vorin virðast ná forskoti miðað við kálfa sem fæðast seint á sumrin. Það verður gaman að sjá frekari greiningu á þessu en það verður eflaust eitthvað sem maður reynir að hafa í huga í framtíðinni.

Ég er mjög spenntur að sjá niðurstöður verkefnisins og ætla ég ekki að álykta neitt fyrr en þær liggja fyrir, en ég hef aldrei sent gripi í slátrun svona snemma með þessum fallþunga.

Ég held að raunhæft verði að slátra flestöllum gripum, líka kvígum, innan við 20 mánaða aldur með nýtt Angus-erfðaefni og góðan aðbúnað. Hér er vigtin lykilþáttur, því aðeins þannig vitum við hvort gripirnir séu enn í góðum vexti eða hvort það sé farið að hægja á honum. Vigtin staðfestir strax hvort eitthvað hefur komið upp á milli vigtana og þá er hægt að grípa inn í. Þá er vigtin frábært verkfæri til að fylgjast með hvenær gripir hafa náð sláturþyngd og þannig er hægt að losa um pláss í fjósinu.

Það er að sjálfsögðu alltaf ákveðin pæling hvenær er best að senda grip í sláturhús. Ef hann er kominn upp í 650 kg á fæti og enn að vaxa um 1 kg/dag og sé maður ekki að glíma við plássleysi í fjósinu þá kannski borgar það sig að ala hann lengur. Verkefnið á vonandi eftir að leiða það betur í ljós þegar uppgjörið liggur fyrir.

Markmiðið er að fullnýta vaxtagetu gripanna og niðurstöður athugunarinnar munu væntanlega svara því hvaða hlutfall kjarnfóðurs er æskilegt til að hámarka vaxtagetu miðað við kostnað.

kostnaður við uppeldi eftir fóðrunaraðferð, með tilliti til fóðurkostnaðar og kostnaðar vegna stíupláss fram að slátrun. Draumurinn er að búa til reiknilíkan sem má nota til að áætla korn- eða kjarnfóðurgjöf út frá ákveðnum forsendum um vaxtarhraða, sláturaldur og heygæði. Það er því af nógu að taka þegar síðasta nautið labbar úr fjósinu í Hofsstaðaseli. Þá er einnig tilvalið fyrir BS-nemanda í búvísindum að vinna með gögnin ef áhugi er fyrir hendi.

Fyrir ári síðan var ákveðið að fara í áframhaldandi verkefni í samvinnu við Matís með nautin úr fóðurathuguninni til að kanna áhrif fóðrunar á kjötgæði. Verður fjallað meira um það í næsta Bændablaði.

*Höfundur er ráðunautur.*

Styrkir

Átt þú rétt á styrk til jöfnunar flutningskostnaðar?

Þeir sem geta sótt um styrk eru einstaklingar og lögaðilar sem staðsettir eru fjarri innanlandsmarkað eða útflutningahöfn og:

- stunda framleiðslu á vörum sem falla undir c-bálk ÍSAT2008
- stunda framleiðslu á vörum sem falla undir flokk 01.1 og/eða flokk 01.2 í a-bálk ÍSAT2008 enda sé varan fullunnin í söluhæfar umbúðir.

Umsóknafrestur er til og með 31. mars. Um styrkina gilda lög um svæðisbundna flutningsjöfnun nr. 160/2011.
Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Byggðastofnunar **www.byggdastofnun.is**

BYGGÐASTOFNUN
Sími 455 54 00
Fax 455 54 99
postur@byggdastofnun.is
byggdastofnun.is

Lífræn hreinsistöð



- Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
- Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
- Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
- Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
- Engir hreyfanlegir hlutir
- Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar

WPL Diamond
IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is



Kristján og Kjartan eru ekki snjallmenni á netinu

Þeir eru til í alvörunni og vita allt um rafgeyma fyrir landbúnaðartæki – og almennt flest um vörur fyrir tæki og fyrirtæki.

Hringdu í vini og fáðu tilboð hjá fyrirtækjaþjónustu Olís, í síma **515 1100,** eða á **olis.is.**

Fyrirtækjaþjónusta Olís
Alvöru fólk með alvöru þekkingu og reynslu
olís

Pistill varaformanns

# Íslenski draumurinn

**Í síðustu viku voru Deildarfundir búgreinadeilda Bændasamtakanna haldnir á Hilton Reykjavík Nordica. Búgreinadeildir samtakanna eru ellefu talsins og tæplega 200 fulltrúar mættu á fundi sinna deilda.**

Á fundunum gefa bændur stjórnarfólki búgreinadeilda og Bændasamtakanna stefnu og dýrmætt veganesti fyrir starfsárið. Að vanda snúa helstu umræðuefni fundanna um rekstrarumhverfi landbúnaðarins en þar að auki má nefna umræður um jafnrétti, nýliðun og andleg málefni.



Herdís Magna Gunnarsdóttir.

*Að líta á óeigingjarnt starf sem eigingjarnt*

Það hefur orðið þeim sem starfa við félagsmál, hver sem þau eru, vaxandi áskorun að fá fólk til þátttöku. Það var þó ekki að merkja fyrir þverrandi áhuga bænda á félagsmálum á nýliðnum Deildarfundum. Áhugaverðar og málefnalegar umræður spunnust um ólík umræðuefni og um kvöldið gerðu bændur og góðir gestir sér glaða stund.

> „Við eigum því *gullin* tækifæri til að efla samkeppnisstöðu innlends landbúnaðar með því að afhúða óþarfa regluverk ...“

Mörg líta á félagsmál og pólitík sem áhugamál en áhugasvið okkar geta verið ólík. Guðrún Eik Skúladóttir lýsti sínu viðhorfi til félagsmála svo vel í ræðu sem hún hélt á Deildarfundi nautgripadeildar þegar hún lét af stjórnarstörfum. Þar sagði hún að það væri algengt að tala um að fólk hafi unnið óeigingjarnt starf í þágu hins og þessa. Vegna áhuga hafi hún hins vegar unnið í félagsmálum fyrir sig, þrátt fyrir nægar annir og áskoranir í öðru. Þannig hafi hún litið á starf sitt fyrir Bændasamtökin sem eigingjarnt starf. Öflugt starf grasrótar og búgreinadeilda eru grunnurinn að öflugum Bændasamtökum, bændur móta stefnuna. Grasrót Bændasamtakanna er í góðum höndum ef bændur halda áfram að hafa félagsmál að áhugamáli og leyfa sér að vera svolítið eigingjarnir.

*Í svefnhöfganum*

Með auknum ferðamannafjölda hefur innanlandsmarkaður matvæla stækkað og það er vissulega jákvætt að ein af áskorunum flestra búgreina er að mæta aukinni eftirspurn. En það er verkefni okkar sem þjóðar að tryggja hér fæðuöryggi og efla sjálfsaflahlutfall Íslands.

Íslensk matvælaframleiðsla er framúrskarandi. Hreinleiki vatns, lágmarksnotkun varnarefna, næstminnsta sýklalyfjanotkun í heimi og góður aðbúnaður dýra er þar eitthvað sem má nefna. Íslenski draumurinn er auðvitað að við séum best í heimi og til þess þarf að hafa regluverk og eftirlit sem stýrir okkur í átt að draumnum. Í setningu regluverks hefur þó verið farið út af sporinu, annars vegar hafa reglugerðir verið innleiddar hér án þess að rýna í afleiðingar eða gagnsemi þeirra og hins vegar hafa kröfur verið þyngdar fyrir íslenska framleiðslu við innleiðingu EES-reglugerða, jafnan kallað gullhúðun. Auknar kvaðir hafa verið lagðar þvert á framleiðslukeðju íslenskrar matvælaframleiðslu með tilheyrandi óhagræði, auknum eftirlits- og framleiðslukostnaði.

Samtímis hefur innflutningsvernd farið þverrandi og sífellt orðið auðveldara að flytja inn landbúnaðarvöru frá löndum þar sem ekki eru gerðar sömu kröfur um framleiðsluhætti og svigrúm til hagræðingar er talsvert meira. Í svefnhöfganum hefur samkeppnisstaða íslensks landbúnaðar verið veikt verulega og íslenski draumurinn snúist upp í andhverfu sína. Við eigum því *gullin* tækifæri til að efla samkeppnisstöðu innlends landbúnaðar með því að afhúða óþarfa regluverk og veita innanlandsframleiðslu sambærileg tækifæri til hagræðingar og nágrannaþjóðir okkar gera.

***Herdís Magna Gunnarsdóttir,***
*varaformaður Bændasamtaka Íslands.*

# Leiðarstefin

**Það styttist í kosningu formanns Bændasamtaka Íslands. Allir bændur hafa kosningarétt í stað þess að áður höfðu hann einungis þeir sem sóttu Búnaðarþing.**



Trausti Hjálmarsson.

Það er mikil framför. Nýr formaður verður því kosinn beinni kosningu allra bænda og mun því hafa óskorað umboð félagsmanna Bændasamtakanna. Það er mikilvægt að bændur nýti sér sinn lýðræðislega rétt og velji sér formann til að leiða starf Bændasamtakanna næstu tvö árin. Kosið verður rafrænt 1. og 2. mars næstkomandi.

Vil ég því byrja þessa grein á að hvetja fólk til að nýta kosningarétt sinn. Góð kosningaþátttaka styrkir umboð þess formanns sem kjörinn verður til muna.

„Að fortíð skal hyggja, ef frumlegt skal byggja, án fræðslu þess liðna sést ei, hvað er nýtt“, orti Einar Benediktsson. Það tel ég að eigi að vera leiðarstef okkar í áframhaldandi uppbyggingarvinnu Bændasamtakanna og ekki síður á það að vera leiðarstef í þeirri vinnu sem fram undan er við gerð nýs búvörusamnings.

Við þurfum að ná góðu samstarfi við stjórnvöld um að bæta hag okkar og hefja þá vinnu nú þegar.

> „Greinilega er mikilvægt fyrir samtökin til að geta vaxið og dafnað að hlusta betur eftir sjónarmiðum þeirra sem byggja þau upp: bændanna sjálfra ...“

Síðan við hjónin hófum búskap hefur orðið efnahagshrun, vitundarvakning um afleiðingar loftslagsbreytinga og heimsfaraldur. Auk þess hafa stríðsátök aukist um allan heim og teygja sig nú til Evrópu. Orsakir þeirra má oft og tíðum rekja til baráttu um auðlindir sem eru mikilvægar, m.a. til matvælaframleiðslu. Afleiðingin er sú að það hefur aldrei verið fleira fólk á flótta í heiminum. Það gefur því augaleið að við þurfum að hlúa betur að þeim grunnstoðum sem samfélag okkar byggir á og þar er geta okkar til að framleiða okkar eigin matvæli gífurlega mikilvæg. Það þarf ekki að horfa aftar en til vendinga síðustu tveggja áratuga til að sjá að fæðuöryggi okkar er, þegar á reynir, ekki nógu öflugt.

Ég er sannfærður um að nú er lag til að sækja enn frekar fram og þar er samstaðan okkar sterkasta vopn. Eftir fjölmörg samtöl mín við bændur síðustu vikurnar hef ég sannfærst um það að við bæði eigum og getum gert betur. Það hefur verið áhugavert að heyra sjónarmið bænda þegar talið berst að samtökum okkar.

Greinilega er mikilvægt fyrir samtökin til að geta vaxið og dafnað að hlusta betur eftir sjónarmiðum þeirra sem byggja þau upp: bændanna sjálfra. Meiri sýnileiki, meira samtal, meiri samvinna, allt eru þetta atriði sem ég get vel tengt við og tel að sé auðvelt að bregðast við og bæta.

Þegar við sameinuðum samtök okkar bænda var alveg vitað að það yrðu brekkur á leiðinni. Sú hefur líka orðið raunin. Sumar þeirra höfum við þegar þrammað en aðrar eru líka fram undan og eflaust flóknar yfirferðar. Þess vegna þurfa þeir sem leiða hópinn að fara með gát, leggja við hlustir og nema það sem grasrótin er að segja. Samtalið skilar markmiðinu, samstarfið og samstaðan árangrinum. Þessi þrjú einföldu „ess“ verða leiðarstefin mín við stjórnvöl Bændasamtakanna verði ég valinn þar til forystu.

*Höfundur er frambjóðandi til formennsku í Bændasamtökunum.*

# Endurskoðun sauðfjársamnings

**Þann 17. janúar var skrifað undir samkomulag um endurskoðun búvörusamninga, þar á meðal samning um starfsskilyrði sauðfjárræktarinnar.**



Eyjólfur Ingvi Bjarnason.

Þegar samningurinn tók gildi árið 2017 var ráðgert að endurskoðun færi fram tvisvar á samningstímanum, árin 2019 og 2023. Fyrri endurskoðuninni var flýtt um eitt ár og tók hún gildi í upphafi árs 2019. Við þá endurskoðun voru gerðar talsverðar breytingar á samningnum, enda stóðu sauðfjárbændur, á þeim tíma, frammi fyrir afkomubresti í kjölfar hruns á afurðaverði haustið 2016 og 2017. Endurskoðunin, sem nú er lokið, er ekki eins umfangsmikil.




**Myndin sýnir hlutfallslega skiptingu þess fjármagns sem tilheyrir samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktarinnar eftir samningsliðum og árum. Við endurskoðunina er gerð breyting á hlutföllum milli beingreiðslna, býlisstuðnings og ullarnýtingar. Hlutföll annarra liða samnings eru óbreytt frá fyrri takt samningsins.**

***Breytingar á sauðfjársamningi***

Gerðar voru þrjár meginbreytingar á samningnum:

**Beingreiðslur:** Hlutfall beingreiðslna sem greiddar eru út á greiðslumark verður 33% af heildarstuðningi til sauðfjárræktar frá og með árinu 2024 og út gildistíma samningsins.

Á móti lækkar hlutfall býlisstuðnings í 16% heildarstuðnings og ullarnýtingargreiðslna í 11,5% heildarstuðnings á sama tímabili.

**Býlisstuðningur:** Fjölda stærðarflokka eftir gripafjölda í greiðslu býlisstuðnings er fækkað úr sextán flokkum í átta frá og með árinu 2025.

Þá er gerð breyting á hlutföllum milli flokka með það að markmiði að jafna út býlisgreiðslurnar.

**Fjárfestingarstuðningur:** Ónýttar beingreiðslur í sauðfjárrækt verða frá gildistöku þessa samkomulags nýttar í fjárfestingarstuðning í sauðfjárrækt. Frá sama tíma getur fjárfestingastuðningur numið allt að 40% stofnkostnaðar í stað 20%.

***Ekki kosið um samninginn***

Ekki var kosið um breytingar á samningnum. Einkum vegna þess að tímarammi til þess þótti of þröngur og mikilvægt að trufla ekki greiðsluflæði til bænda. Þá voru þær breytingar sem gerðar voru í fullu samræmi við fyrri ályktanir deildar sauðfjárbænda innan BÍ sem og ályktanir frá aðalfundum LS undanfarin ár.

***Horfum til framtíðar***

Árangur af endurskoðun samnings um starfsskilyrði sauðfjárræktarinnar er ásættanlegur enda er stöðugleiki tryggður næstu þrjú árin.

Í samningaferlinu þarf að finna sameiginlegan flöt þar sem allir aðilar ganga sáttir frá borði.

Á það var lögð rík áhersla, af hendi Bændasamtakanna, að hefja nú þegar samtal um starfsumhverfi landbúnaðar í heild sinni til framtíðar. Þar þurfum við sauðfjárbændur að halda áfram að byggja undir framtíð okkar, á sama grunni og verið hefur, þar sem áhersla er lögð á að tryggja sauðfjárbændum laun í samræmi við aðrar starfsstéttir.

Það þarf að skapa stöðugleika í afkomu sauðfjárbænda og byggja á þeim grunni framtíð sauðfjárræktar á öllu landinu. Áfram þarf að efla tollvernd íslenskra landbúnaðarafurða, sú vörn sem tollverndin gefur okkur skapar sóknarfæri og er í fullu samræmi við þær forsendur sem aðrar þjóðir byggja sína landbúnaðarstefnu á. Næsti búvörusamningur mun án vafa snúast í ríkara mæli um áherslur á sviðið loftslagsmála.

Á þeim vettvangi hafa sauðfjárbændur nú þegar náð miklum árangri en hafa líka vilja og getu til þess að gera betur.

*Höfundur er formaður deildar sauðfjárbænda.*

## Hvatningarverðlaun skógræktar: Kosning

Hvatningarverðlaun skógræktar verða veitt í fyrsta sinn á alþjóðlegum degi skóga, þann 21. mars næst komandi. Á fjórða tug verðugra tilnefninga bárust og hafa þrjár þeirra verið valdar fyrir almenning að kjósa á milli. Tilnefningar eru:

Sigurður Arnarson:
Fjölbreytt og fræðandi skrif um trjátegundir, skóga og skógrækt

Waldorfskólinn Lækjarbotnum:
Samþætting skógræktar og fræðslu við almennt skólastarf

Steinar Björgvinsson og Árni Þórólfsson:
Fjölbreytt starf við ræktun, fræðslu, og uppbyggingu útivistarskóga

**Kosningin hefst á fimmtudeginum 22. febrúar og stendur til og með þriðjudagsins 5. mars. Aðgangur að kosningunni er á heimasíðum neðangreindra.**

Fyrirhugað er að veita Hvatningarverðlaun skógræktar árlega til einstaklinga, hópa, fyrirtækja, félaga eða stofnana sem unnið hafa óeigingjarnt starf í þágu skógræktar á Íslandi.
Að verðlaununum standa Skógræktarfélag Íslands, Land og skógur og Bændasamtök Íslands.

# Meira af framboðsmálum

**Ágætu félagsmenn í Bændasamtökum Íslands. Kosning til formanns stjórnar í Bændasamtökum Íslands mun fara fram dagana 1. og 2. mars nk.**



Gunnar Þorgeirsson.

Kosning fer fram rafrænt á meðal allra félagsmanna samtakanna og leyfi ég mér að benda ykkur á heimasíðu samtakanna þar sem er að finna ítarlegri leiðbeiningar um framkvæmd kosninganna. Hvet ég ykkur öll sem eitt að nýta ykkur kosningaréttinn.

Líkt og áður hefur komið fram hef ég ákveðið að gefa kost á mér til formennsku í Bændasamtökunum en ég hef gegnt því embætti síðastliðin fjögur ár. Þessi tími hefur verið tími áskorana í landbúnaði á svo marga vegu og ber þar hæst afkomuvandi í greininni heilt yfir. Einnig hafa málefni tengd umhverfis- og loftslagsmálum verið ansi fyrirferðarmikil og mikilvægt að við náum fram skilningi stjórnvalda fyrir að viðhalda og auka framleiðslu en á sama tíma að ná fram heildarsýn fyrir landbúnaðinn til framtíðar í þeim málum. Áskoranir greinarinnar eru ekki eingöngu hér innanlands heldur eru þær einnig utan landsteinanna, þar sem starfsbræður okkar og -systur hafa staðið fyrir mótmælum vegna skilningsleysis stjórnvalda sem leynt og ljóst taka ákvarðanir sem vega að starfsskilyrðum greinarinnar. Þetta eru málefni morgundagsins og er ég reiðubúinn að leggja mitt af mörkum svo vel takist til.

Það var ánægjulegt að sitja deildarfundi búgreina sem fóru fram dagana 12. og 13. febrúar síðastliðinn. Þar hittust fyrir ellefu deildir sem starfa innan samtakanna, fulltrúar fjórtán atvinnugreina og fóru yfir áherslumál viðkomandi deilda. Við megum aldrei missa sjónar á hagsmunum allra innan samtakanna. Við eigum að vinna sem ein heild og sem einn samhentur hópur með skýr markmið og framtíðarsýn. Sú ásýnd er mikilvæg til framtíðar litið þar sem nýr búvörusamningur mun taka við af nýjum eigi seinna en 1. janúar 2027. Nýr búvörusamningur þarf að fylgja grunnstefi landbúnaðarstefnunnar, sem við börðumst svo hart fyrir, og taki á fjórum meginmarkmiðum:

> „Við eigum að vinna sem ein heild og sem einn samhentur hópur með skýr markmið og framtíðarsýn ...“

- Fæðuöryggi. Tryggja þarf innlenda framleiðslu, með áherslu á öryggi matvæla og á plöntu- og dýraheilbrigði.
- Landbúnað um land allt. Margbreytileiki landbúnaðarins er forsenda fyrir því að búskapur og önnur starfsemi tengd landbúnaði sé dreifð um land allt.
- Aukin verðmætasköpun. Við eigum að fá að nýta möguleika okkar, þar sem áhersla er lögð á hagkvæmni og bætta samkeppnishæfni á öllum stigum virðiskeðjunnar.
- Sjálfbær landbúnaður. Rétt nýting og vernd landbúnaðarlands er forsenda fyrir að ná framleiðslumarkmiðum. Takmarka þarf viðskipti með ræktað land en finna þarf jafnvægi við þarfir samfélagsins í heild.

En eitt stærsta málefni fyrir landbúnaðinn í heild sinni eru heimildir í tollkvóta sem samið hefur verið um við Evrópusambandið, en þar er ýmislegt sem betur má fara líkt og kemur fram í úttekt ríkisendurskoðunar frá síðastliðnu ári og ekki síður úttekt starfshóps fjármálaráðuneytisins frá síðastliðnu hausti, en þar koma fram ýmsar ábendingar sem betur má fara í framkvæmdinni því allt skiptir þetta máli í heildarmyndinni.

Samkeppnisumhverfi íslensks landbúnaðar verður að fá að keppa á jafnræðisgrundvelli bæði hvað varðar uppruna vöru, ekki síður um aðbúnað í hinum stóra heimi sem okkur virðast skipta litlu máli þegar kemur að innfluttum afurðum. Eitt af okkar viðbrögðum við stórauknum innflutningi er að standa vörð um innanlandsframleiðsluna og þar skipta merkingar vörunnar lykilmáli. Þess vegna höfum við unnið að innleiðingu á merkinu „Íslenskt staðfest“ sem mun standa vörð um okkar framleiðslu.

Ég er reiðubúinn til að taka verkefnið, fái ég til þess umboð frá ykkur, kæru félagsmenn.

Með fyrirfram þökkum.

*Höfundur er garðyrkjubóndi að Artanga.*















**Það reynir á sjálfstæð vinnubrögð í verkefnunum.** Mynd / Aðsend

# Lokaverkefni í fullum gangi

**Einn af verklegu þáttunum í kennslu framleiðslubrauta Garðyrkjuskólans á Reykjum er lokaverkefni nemenda.**

Garðyrkjuframleiðslubrautirnar eru þrjár, Ylræktarbraut, braut um lífræna ræktun matjurta og Garð- og skógarplöntubraut.

Á lokaönn námsins fá þeir nemendur sem stefna að útskrift næsta vor það verkefni að rækta á sjálfstæðan hátt tilteknar tegundir sem hæfa hverri námsbraut. Hér reynir verulega á sjálfstæð vinnubrögð, samviskusemi og frumkvæði nemenda.

### Sjálfstæð einstaklingsverkefni

Lokaverkefni er sjálfstætt verklegt einstaklingsverkefni sem hver nemandi vinnur fyrir sig. Nemendur fá í fangið ræktunarverkefni sem þeim er ætlað að leysa. Nemendur gera í upphafi verkáætlun og viða að sér því efni sem þarf til verkefnisins. Þeir leita sér þekkingar um efnið og nýta sér þá þekkingu sem þeir hafa tileinkað sér í garðyrkjunáminu.

Nemendur vinna verkefni sín sjálfstætt en geta leitað upplýsinga hjá námsbrautastjórum, verknámskennurum og öðru starfsfólki eftir atvikum. Þeir skila síðan í lok annar ítarlegri skýrslu um framkvæmd og árangur ræktunarinnar.

Sinna þarf ræktuninni alla önnina og halda nemendur dagbók um hvern verkþátt, allt frá undirbúningi til þess er verkefninu lýkur en þá leggja þeir fram plöntur eða aðra uppskeru sem þeir ræktuðu á önninni. Loks kynna nemendur árangur ræktunarinnar fyrir samnemendum sínum, gestum og kennurum. Að jafnaði eru lokaverkefnin unnin í gróðurhúsum á Reykjum.

### Viðfangsefnin eru fjölbreytt

Ylræktarnemar og nemar á lífrænu brautinni rækta að þessu sinni tómata, rauðrófur og vorlauk í gróðurhúsum. Þeir sjá um sáningu, uppeldi og sinna ræktuninni þar til um miðjan maí. Ræktunin er ólík á milli brauta því grundvöllur ræktunarinnar er misjafn og aðferðir ólíkar. Á Ylræktarbraut er notast við hefðbundnar aðferðir líkar þeim sem flestir garðyrkjubændur stunda í grænmetisræktun. Nemar á lífrænu brautinni notast við lífræn ræktunarefni og aðferðir. Þar reynir á að útbúa lifandi og frjósaman ræktunarjarðveg í upphafi ræktunar, sem er grundvöllur fyrir vel heppnaða lífræna framleiðslu. Það er síðan undir hverjum og einum nemanda komið hvernig staðið er að verklegum þáttum sem hver tegund gerir kröfur um.

Nemendur á Garð- og skógarplöntubraut vinna á sama hátt sjálfstætt ræktunarverkefni á sviði garð- og skógarplöntuframleiðslu, skrá verkþætti og skila vandaðri lokaskýrslu. Þeirra verkefni er meðal annars að koma á legg sumarblómum og fjölæringum með græðlingum og sáningu við stýrðar aðstæður, auk þess að framleiða elriplöntur til gróðursetningar. Við elrisáninguna notast þeir við þá aðferð að smita plönturnar með niturbindandi Frankia-gerlum sem lifa í sambýli við rætur ýmissa trjátegunda og eru afar gagnlegar til að auka vöxt og lifun plantnanna að gróðursetningu lokinni.

### Metnaðarfullar lokaskýrslur

Nemendur leggja mikla vinnu og metnað í lokaverkefnin. Skráning aðfanga, undirbúningur og færsla ræktunardagbókar eru mikilvægur liður í daglegri vinnu garðyrkjubænda og gerð vandaðrar lokaskýrslu yfir verkefnið er liður í þeirri þjálfun. Skýrslurnar hafa verið varðveittar á bókasafni skólans í gegnum árin, öðrum nemendum til fróðleiks.

Sama máli gegnir með aðrar námsbrautir skólans sem eru Blómaskreytingar, Skrúðgarðyrkja og Skógur og náttúra. Nemendur vinna lokaverkefni þar sem þeir nýta þekkingu sína og útvíkka hana með verklegri vinnu sem getur verið býsna krefjandi en um leið gagnleg til að auka færni í viðkomandi faggreinum.

*Ingólfur Guðnason,*
*brautarstjóri garðyrkjuframleiðslu Garðyrkjuskólanum Reykjum/FSu*

Þú skráir sjálf/sjálfur inn smáauglýsinguna þína
á www./bbl.is/smaauglysingar

# Mikil er trú þín, Ragnar

**Í Bændablaðinu þann 8. febrúar sl. birtist grein eftir Ragnar Árnason, prófessor emeritus í hagfræði, sem bar heitið „Greiðslumarkskerfið er kúabændum hagfellt“.**



**Baldur Helgi Benjamínsson.**

Vísar hann máli sínu til stuðnings til skýrslu eigin fyrirtækis frá 2016, sem Kaupfélag Skagfirðinga bað um og greiddi fyrir á sínum tíma. Þrátt fyrir nokkra leit á netinu hefur mér ekki tekist að hafa uppi á skýrslunni. Grein Ragnars snýst þó að mestu um aðfinnslur hans við ritstjórnargrein og vandaða og ítarlega fréttaskýringu Guðrúnar Huldu Pálsdóttur, ritstjóra Bændablaðsins, sem birt var í blaðinu þann 25. janúar sl. Nú er það rétt sem Ragnar heldur fram að kvótakerfi geta stuðlað að hagræðingu, í það minnsta ef allir sitja við sama borð varðandi fjármögnun kvótakaupa. Sú er þó víðs fjarri því að vera raunin, eins og sýnt hefur verið fram á hér á síðum blaðsins undanfarið.

### Hver er staðan nú?

Ekki þarf að fjölyrða um stöðu nautgriparæktarinnar undanfarin misseri, svo ítarlega sem um hana hefur verið fjallað.

Bændasamtökin telja að á liðnu ári hafa greinina vantað um fjóra milljarða króna til að standa við fjárhagslegar skuldbindingar sínar og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins metur það svo að kúabændur borgi að jafnaði um 18 krónur með hverjum framleiddum lítra.

Miðað við greiðslumark síðasta árs, 149,5 milljónir lítra, er tapið rúmir 2,7 milljarðar króna. Þá kom fram í skýrslu sk. ráðuneytisstjóranefndar um fjárhagsvanda landbúnaðarins frá því í nóvember sl. að launagreiðslugeta kúabænda hefði staðið í stað að nafnvirði frá 2016, á sama tíma og laun almennt hafa hækkað um nærri 50% og kaupmáttur almennings aukist gríðarlega.

Það má því ljóst vera að markmið búvörulaga um að „kjör þeirra sem landbúnað stunda verði í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta“, eins og segir í d. lið 1. gr. laganna, hefur ekki gengið eftir á undanförnum árum. Þetta er raunveruleikinn eins og hann blasir við núna og því eðlilegt að spurt sé hvort kerfið sé jafn hagfellt og Ragnar vill vera láta.

### Fjármagnsfrekt kerfi

Í veruleika dagsins í dag hefur takmarkaða þýðingu að velta fyrir sér stöðu bænda sem fengu greiðslumarkinu úthlutað fyrir mörgum áratugum (þetta byrjaði með búmarkinu 1979, sem byggði á framleiðslu áranna 1976–1978), þeir eru nær allir hættir búskap, margir látnir og ég hygg að fingur beggja handa dugi vel í að telja þann fjölda sem annað tveggja á ekki við um.

Til að átta sig á því um hvað málið snýst í raun og veru er best að taka dæmi úr raunveruleikanum. Allt frá því ég lauk námi fyrir rúmum 20 árum hef ég unnið ýmis gefandi störf í þágu nautgriparæktarinnar. Síðustu 5 ár hef ég staðið í búrekstri sem ég kaupi og byggi upp í áföngum. Ég á ekki greiðslumarkið á jörðinni og er það á árinu 2024 alls 317.738 lítrar.

Nú er það svo að fjárhagslegur bakhjarl Ragnars Árnasonar í hagrannsóknum hans á greiðslumarkskerfinu, Kaupfélag Skagfirðinga, hefur einnig látið til sín taka á markaði með greiðslumark, m.a. með því að bjóða útvöldum bændum óverðtryggð og vaxtalaus lán til að kaupa greiðslumark. Hefur þetta orðið til að halda verðinu langt ofan þess sem forsendur eru fyrir. Verðtryggð og vaxtareiknuð kvótalán félagsins eru líka veruleg. Niðurstaðan af þessu brölti öllu er sú að verð á greiðslumarki er í dag 300 kr/ltr., sem er auðvitað ekkert í neinu samræmi við afkomuna í greininni.

Greiðslumark búsins míns samkvæmt þessum æfingum KS er því virði 95.321.400 kr. Ef ég færi nú og fjármagnaði þessa upphæð með lántöku í mínum viðskiptabanka, sem býður mér 12,55% óverðtryggða vexti til 25 ára (við lok lánstíma verð ég 75 ára gamall, ef guð lofar, eins og Ragnar Árnason er núna) með jöfnum afborgunum eins og algengast er, þá borga ég um eina milljón kr. á mánuði í vexti næstu misserin og árin.

Það lætur nærri að vera 20% af öllum tekjum búsins í hverjum mánuði og nærri því jafnhá upphæð og það greiðir í laun mánuð hvern. Það er því ljóst að ég mun ekki gera mikið annað á meðan en að borga þetta kvótalán, en eins og víða er fyrirliggjandi veruleg endurnýjunarþörf á framleiðsluaðstöðu. Ef ég verð ekki gjaldþrota í millitíðinni; vextir eru vissulega mjög háir núna en sagan kennir okkur að þeir geta orðið enn hærri á næsta aldarfjórðungi, munu svo framtíðar forsvarsmenn KS væntanlega standa við endann á þessum 25 ára svipugöngum með ígildi 95 milljónanna handa mér, til að afhenda kaleikinn til næstu kynslóðar.

Með þessum hætti nær félagið því markmiði sínu að tryggja sér eilífðaráskrift að opinberu stuðningsfé, eins og bent var á í ritstjórnargreininni 25. janúar. Það má vel vera að einhver hafi trú á þessari framtíðarsýn Ragnars og hans fjárhagslegu bakhjarla, en fyrir mér er hún fjarstæðukennt rugl sem ekki er á vetur setjandi og hefði átt að leggja af fyrir nærri áratug þegar gott tækifæri gafst.

### Kerfi á endastöð

Bændablaðið 25. janúar 2024 sagði mikla sögu um stöðu nautgriparæktarinnar. Fyrir utan áðurnefnda fréttaskýringu um greiðslumarksviðskipti, fjallaði formaður Bændasamtakanna um niðurstöðu í endurskoðun búvörusamninga, þar sem niðurstaðan var sú að engir nýir fjármunir fást inn í samningana, þrátt fyrir að þörfin sé himinhrópandi.

Formaður kúabænda lætur hafa eftir sér á sama stað að tilfærsla á milli liða í samningunum myndi raska forsendum í tekjuflæði einstakra búa. Með öðrum orðum: landbúnaðurinn þarf meiri fjármuni, sem fást að mínu mati ekki vegna þess að geta og vilji greinarinnar til breytinga er enginn. Úr þeirri stöðu þarf hún að komast; kerfi sem svona er ástatt um er komið á endastöð.

### Mikil uppsöfnuð fjárfestingaþörf

Pistill Guðmundar Jóhannessonar og Sigurðar Kristjánssonar, ráðgjafa hjá RML, um niðurstöður skýrsluhalds nautgriparæktarinnar 2023, var líka upplýsandi en þar segir m.a.:

„Víða er mikil fjárfestingarþörf í framleiðsluaðstöðu fyrir hendi sem færir manni heim sanninn um að einhverra sveita býður ekki betri tíð með blóm í haga. Innan skamms kemur að því að þau fjós sem byggð voru um og upp úr aldamótunum síðustu þarfnast endurnýjunar til viðbótar við enn eldri aðstöðu sem er löngu úr sér gengin. Við þetta bætast svo auknar kröfur um aðbúnað og vinnuaðstöðu auk þess sem básafjós verða ólögleg frá og með 1. janúar 2034.“ Básafjósin verða reyndar ólögleg frá 1. janúar 2035, en það er bitamunur en ekki fjár í þessu samhengi.

Þetta er rifjað upp vegna þess að í kynningunni á skýrslunni sem Ragnar vitnar til og fram fór á útmánuðum 2016, rakti hann að samhliða kaupum á greiðslumarki kynni að þurfa að ráðast í aðrar fjárfestingar í t.d. framleiðsluaðstöðu. Var upphæðin 20 milljónir kr. nefnd í því samhengi. Man ég vel að sessunautar mínir á þessum fundi glottu út í annað yfir þessari tölu, sennilega gerði ég það líka. Enda hafi hún á þeim tíma verið fjarri raunveruleikanum, þá hefur hún nú yfirgefið hann með öllu.

Þeir bændur sem þurfa á komandi misserum að endurnýja framleiðsluaðstöðuna standa frammi fyrir fjárfestingu sem nemur að öllum líkindum tífaldri þessari tölu, að lágmarki. Mér er minnisstæð heimsókn í nýbyggt og glæsilegt fjós í Skagafirði á liðnu ári, þar sem einstaklega vel er haldið utan um alla hluti í búrekstrinum. Þar nam heildarkostnaðurinn við fjósbygginguna 213 milljónum kr. Það er í slíka hluti sem stuðningsgreiðslunum er ætlað að renna, ekki í lífeyrissjóð fyrrverandi bænda eða ávöxtun á sjóðum samvinnufélaga í blönduðum rekstri.

### Listin að þegja

Undanfarin ár hefur það verið upplifun mín af Kaupfélagi Skagfirðinga, að þegar gagnrýni er beint að félaginu og starfsháttum þess, hefur stefna þess yfirleitt verið sú að svara litlu sem engu, þegja bara og bíða eftir að málið líði hjá. Ég hygg að sú aðferðafræði hefði verið betri en að etja prófessor emeritus Ragnari Árnasyni út á ritvöllinn til að svara umfjöllun og hugleiðingum Bændablaðsins um starfshætti þess þann 25. janúar sl.

Það væri líka mjög áhugaverð rannsókn fyrir þá sem kanna hin ýmsu svið mannlegs eðlis, að skoða hvers vegna forsvarsmenn KS berjast af öllu sínu afli fyrir áframhaldi kerfisins, helst til eilífðar, á sama tíma og þeir grafa af fullum krafti undan því með hinni stórkostlega óeðlilegu fyrirgreiðslu til greiðslumarkskaupa sem áður er nefnd.

### Stuðningskerfi framtíðar

Núverandi stuðningskerfi er komið á þann stað að ekki er undir nokkrum kringumstæðum hægt að framlengja lífdaga þess þegar þar að kemur, 1. janúar 2027. Tölur um afkomu kúabænda sýna svart á hvítu hvernig sú vegferð hefur gengið með núverandi kerfi. Fráleitt er að hafna þeim tölum eða ætlast til þess að kúabændur sæki huggun í fræðilegar vangaveltur um að allt fari vel að lokum og ábatinn skili sér til lengri tíma. Kollegi Ragnars, John Maynard Ke ynes, sagði um slíkar vangaveltur: til lengri tíma litið erum við öll dauð;

(*e. The long run is a misleading guide to current affairs. In the long run, we are all dead.*)

Ríkið þarf að kaupa greiðslumarkskerfið af bændum fyrir tiltekna fjárhæð þannig að viðskipti með það heyri sögunni til. Stuðningskerfi framtíðar samanstandi í meginatriðum af óframseljanlegum stuðningsgreiðslum út á framleiðslu afurða, fjárfestingarstuðningi (sem þarf að auka verulega), jarðræktarstuðningi og framleiðslujafnvægi. Með því móti mætti ná markmiðum búvörulaganna og stuðla betur að eðlilegri afkomu fyrir þá mikilvægu vinnu að yrkja landið og skapa þannig fæðu fyrir land og lýð.

*Höfundur er bóndi*
*á Ytri-Tjörnum í Eyjafirði.*



Frá sæðistöku á Nautastöðinni. Mynd / Aðsend

# Kyngreining á sæði og stoðir nautgriparæktar

**Undirbúningi fyrir kyngreiningu á nautasæði miðar vel. Þó er engu lokið fyrr en því er lokið og enn á eftir að skilgreina ferlið betur þannig að þessi þáttur nautgriparæktarinnar geti skilað því sem að er stefnt í kynbótum á íslenska kúakyninu.**



Sveinbjörn Eyjólfsson.

Okkur hefur alls staðar verið tekið vel og bæði GENO í Noregi og Viking í Danmörku bjóða þá aðstoð sem þeir geta veitt. En það eru nokkur atriði sem þarf að vinna betur.

Í fyrsta lagi er það gæði sæðisins. Við vitum að þar sem kyngreining fer fram eru alls ekki öll naut nothæf í þá vinnslu. Það er einungis sá hluti sem gefur besta sæðið sem fer í kyngreiningu. Við erum í ákveðnum vandræðum hvað þann þátt varðar því það virðist ómögulegt að koma íslenska sæðinu til skoðunar hjá öðrum og í prufuvinnslu.

Svo er sá tækjabúnaður sem við höfum hér við að greina gæði einfaldari en sá sem notaður er annars staðar og e.t.v. ekki eins öflugur. Að senda sæði til annarra landa kallar á óhemju kostnað og enn meiri skriffinnsku þar sem Ísland er skilgreint sem þriðja ríki í samfélagi þjóðanna hvað landbúnað varðar. Við vitum að nautin gefa misgott sæði og það heldur misvel við þeim en við trúum að þetta verði hægt hjá okkur eins og öðrum.

Í öðru lagi þarf að gjörbylta framkvæmd sæðinga. Við verðum að fá bændur til að sæða kvígurnar. Það er grundvallaratriði í breyttu ferli að sæða helst allar kvígur. Með erfðamati á kynbótagildi nauta tókst að stytta kynslóðabil í ræktun verulega og ef við náum kvígunum inn í sæðingar þá heldur sú þróun áfram. Það er vitað að kvígur á búum þar sem bústjórn er til fyrirmyndar halda mjög vel. Og þar sem kyngreint sæði er mun þynnra en venjulegt sæði verður að fá þá gripi inn í kynbótastarfið ef þessi aðgerð á að skila því sem að er stefnt. Nú er 70% kálfa fyrsta kálfs kvígna undan heimanautum!! Breytist það ekki snarlega má næstum segja að kyngreining á sæði sé til einskis.

Í þriðja lagi þarf að setja upp áætlun um hvernig við náum áfram nautum á stöð undan bestu kúnum/kvígunum. Bæði í Danmörku og Noregi vinnur nautgriparæktin þannig að hluti af bestu kvígukálfunum er lánaður/seldur ræktunarstöðvunum. Þar eru teknir úr þeim fósturvísar, sem settir eru upp hjá bændum. Komi nautkálfur þá hafa ræktunarstöðvarnar kauprétt á þeim ef erfðamatið er hátt. Þetta er gert nokkrum sinnum og að endingu eru kvígurnar sæddar (með ókyngreindu sæði) og þeim skilað heim á búin eða þær seldar. Og komi nautkálfur er forkaupsréttur að þeim. Við verðum að setja upp svipað kerfi til að tryggja bestu mögulegu endurnýjun nauta.

Næstu skref í okkar vinnu er að heimsækja þá tvo aðila sem framleiða tæki til kyngreiningar. Tækin vinna nokkuð svipað en þó ekki alveg eins. Það sem mun skipta okkur mestu máli fyrir utan verð er sú þjónusta sem aðilarnir bjóða. Hún lýtur að skipulagi rannsóknarstofu og vinnubragða. Hún lýtur að þjálfun starfsfólks. Og hún lýtur að þeirri þjónustu sem boðin er samhliða framleiðslu. Það er veigamikill þáttur því framleiðslan er það sérhæfð og tækin líka að engin leið verður til að þessi þjónusta verði veitt hér innanlands.

Það er með þennan þátt í ræktunarstarfinu eins og nautgriparæktina í heild. Þegar fjöldinn tekur á þá tekst okkur. En ef margir ætla að njóta vinnu fárra þá tekur þetta allt of langan tíma. Við getum verið alveg viss um að það gerir þetta enginn fyrir okkur. Eins og áður verðum við að gera þetta sjálf. Nú er tíminn, bændur – nú er tíminn.

*Höfundur er forstöðumaður Nautastöðvar BÍ.*


MARKAÐSSJÓÐUR SAUÐFJÁRAFURÐA

Íslenskt lambakjöt auglýsir eftir umsóknum í sjóðinn v. 2024.

Styrkhæf eru verkefni sem talin eru styrkja verðmætasköpun í matvöruhluta íslenskra sauðfjárafurða. Falli undir að teljast nýsköpun, vöruþróun, kynningar- eða markaðsstarf. Umsóknarfrestur er til og með 10. mars nk.

Umsóknareyðublöð og reglur sjóðsins fást hjá framkvæmdastjóra haflidi@icelandiclamb.is



TYM á Íslandi

Margra ára góð reynsla við krefjandi aðstæður.

Fáanlegir í mörgum útfærslum:

- Ámoksturstæki
- Sláttuborð
- Einangrað hús
- 19 – 55 hestöfl
- 2ja ára ábyrgð



Kynningarverð frá 1.590.000,- + vsk.

AFLVÉLAR

TRAUSTUR SAMSTARFSAÐILI

Garðabæ | Akureyri | Selfossi

sími 480-0000 | www.aflvelar.is




Landbúnaðarháskóli Íslands í samstarfi við Bændasamtök Íslands, Matís, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Samtök ungra bænda, Samtök smáframleiðenda matvæla/Beint frá býli og Samtök fyrirtækja í landbúnaði stendur að málþingi sem haldið verður fimmtudaginn 7. mars kl. 10-16 á Hvanneyri.

Málþingið er öllum opið og boðið verður uppá áhugaverð erindi og pallborðsumræður þar sem rætt verður hvar þarf að ýta við málum til að landbúnaður geti verið arðsöm atvinnugrein sem sóst er eftir að starfa í. **Nánar á lbhi.is**

# Hið „meinta“ viðskiptafrelsi með landbúnaðarvörur við ESB

**Árið 1993 var lokið við gerð samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði og hann lögfestur frá Alþingi sem lög nr. 2/1993.**



Erna Bjarnadóttir.

Þau tóku gildi þann 1. janúar 1994. Með samningnum komst m.a. á fríverslun með fjölmargar vörur aðila í milli. Í 8. gr. laganna eru lögfestar grundvallarreglur um frjálsa vöruflutninga. Þar segir að ákvæði samningsins taki m.a. til framleiðsluvara sem tilgreindar eru í bókun 3, *í samræmi við það sérstaka fyrirkomulag sem þar er greint frá.*



***Bókun 3 og niðurfelling tolla***

Undir bókun 3 falla í megindráttum margvíslegar unnar vörur sem innihalda hráefni frá landbúnaðarframleiðslu, þ.á m. kjöt, mjólkurafurðir og egg. Árið 2015 voru viðskiptakjör með margar af þeim vörum sem undir hann falla endurskoðuð. Í frétt frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu í september 2015 er eftirfarandi haft eftir þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Sigurði Inga Jóhannssyni: „Það er mjög ánægjulegt að hafa náð samningum um gagnkvæma niðurfellingu tolla sem mun hafa mjög jákvæð áhrif fyrir neytendur og mikil sóknarfæri til aukins útflutnings.“

Umræddir samningar fólu m.a. í sér að Ísland felldi niður tolla á yfir 340 nýjum tollskrárnúmerum og lækkaði tolla á yfir 20 öðrum. Í fréttatilkynningu ráðuneytisins sagði síðan. „Almennt gerði ESB slíkt hið sama. Niðurstaðan felur í sér að allir tollar á unnar landbúnaðarvörur eru felldir niður nema á jógúrt. Sem dæmi munu tollar falla niður á súkkulaði, pizzum, pasta, bökunarvörum o.fl. Auk þessa eru tollar felldir niður eða lækkaðir á óunnum landbúnaðarvörum eins og t.d. villibráð, frönskum kartöflum, útiræktuðu grænmeti o.fl.“

***Þótt tollar séu felldir niður eru verðjöfnunargjöld álögð***

Eftir niðurfellingu tolla samkvæmt framansögðu er áhugavert að skoða nánar gildandi regluverk ESB. Þar kemur í ljós að þótt tollar hafi verið felldir niður á mörgum vörum sem falla undir bókun 3 og fyrrnefndan samning frá 2015, leggur ESB verðjöfnunargjöld á margar af þessum vörum. Í lauslegri þýðingu heitir reglugerðin sem á við þetta *Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1686/2002 frá 25. september 2002 um ákvörðun landbúnaðarþátta og viðbótartolla sem gilda frá 1. janúar 2002 á innflutningur til Bandalagsins á tilteknum vörum sem falla undir reglugerð ráðsins (EB) nr. 3448/93 frá Íslandi og frá Noregi. Með öðrum orðum er hér á ferðinni heimild til handa ESB til að leggja á verðjöfnunargjöld á tilteknar vörur sem innihalda landbúnaðarhráefni og eru fluttar inn til ESB frá Íslandi og Noregi.*

Á grundvelli þessarar reglugerðar leggur ESB t.d. verðjöfnunargjald á margar vörur sem falla undir vörulið 1806 í tollskránni („Súkkulaði eða önnur matvæli sem innihalda kakó“), sem og vörulið 1901 („Maltkjarni, framleiðsla úr mjöli, fín- eða grófmöluðu ...“) 1902 (pasta þ.m.t. fyllt pasta), 2105 0010, rjómaís og annar ís og 2004 1091 sem inniheldur kartöfluflögur sneiddar og skornar. Af þessu leiðir að þótt engir tollar séu lagðir á þessar vörur við innflutning til ESB frá Íslandi þá eru engu að síður lögð á þær verðjöfnunargjöld. Þegar þetta er borið saman við íslensku tollskrána þá er ljóst að þessar vörur eru hins vegar fluttar til Íslands frá ESB löndum án tolla og verðjöfnunargjalda. Hér mætti enn fremur nefna önnur dæmi. Undir bókun 3 fellur einnig jógúrt í vörulið 0403. ESB leggur ekki tolla á jógúrt frá Íslandi en hins vegar nemur vörugjald á jógúrt í vörulið 0403 frá 12,4 EUR/100 kg upp í 168,8 EUR/100 kg eftir því um hvaða átta stafa tollkrárnúmer er að ræða.

Til samanburðar nemur EES tollur á vörur í tollskrá á vörulið 0403 samtals 45-53 kr/kg eða 30-36 EUR/kg, eftir því um hvaða átta stafa tollskrárnúmer er að ræða. Þessi tollur hefur verið óbreyttur að krónutölu frá gildistöku EES samningsins 1. janúar 1994.

***Lokaorð***

Þessi skoðun leiðir í ljós að þrátt fyrir að tollar hafi verið felldir niður í samningum milli Íslands og ESB, stendur áfram heimild af hálfu ESB til að leggja á svokölluð verðjöfnunargjöld m.a. á vörur sem innihalda kjöt, s.s. pitsur og kartöfluflögur eða önnur landbúnaðarhráefni. Var það raunverulega ætlun löggjafans á Íslandi að skapa þetta ójafnræði að öllu öðru slepptu?

*Höfundur er hagfræðingur hjá MS.*

# Falskt fæðuöryggi undir merkjum ofstjórnar

**Þess gætir í vaxandi mæli í þjóðfélaginu að dregnar eru upp sviðsmyndir sem í eðli sínu er erfitt að standa gegn en eru þó í litlum tengslum við raunveruleikann þegar betur er að gáð. Þetta á ekki síst við um nýtingu lands.**



Stefán Tryggva- og Sigríðarson.

Mikil áhersla er lögð á fæðuöryggi þjóðarinnar og undir þeim merkjum er mikil tilhneiging til að „vernda“ svokallað gott landbúnaðarland. Með því að ala á ótta um að fæðuöryggi þjóðarinnar sé ógnað, komi til einangrunar landsins af völdum styrjalda, farsótta eða náttúruvár, þurfi að leggja vinnu í að flokka land og skipuleggja varðveislu þess. Þessar raddir er helst að finna meðal bænda, sem telja sér trú um að slíkur málflutningur auki samúð með greininni og auki jafnframt líkur á að opinbert fjármagn fáist til landbúnaðarins. Sveitarstjórnarmenn og popúlískir stjórnmálaflokkar hafa einnig lagst á þessar árar enda auðvelt að telja þjóðinni trú um að ekki vilji þjóðin nú svelta ef til hallæris kemur.

Að mínu viti er einkum tvennt sem full ástæða er til að gera athugasemd við varðandi umræðuna um fæðuöryggi þjóðarinnar. Annars vegar er það sú staðreynd að íslenskur landbúnaður, og reyndar öll íslensk matvælaframleiðsla, er mjög tæknivædd og háð innfluttum hráefnum og íhlutum.

Komi til þeirra aðstæðna að flutningar til landsins stöðvist um lengri tíma (sem er afskaplega ólíklegt) verður skortur á varahlutum og sértækum hráefnum það sem frekast stöðvar framleiðslu innanlands og á miðunum kringum landið. Við getum að sjálfsögðu átt birgðir af olíu, sáðkorni, áburði, lyfjum og varnarefnum en tæknin fer fljótt að hökta, ekki síst ef netsamband rofnar. Það er ekki lengur nóg að eiga járn í landinu til að smíða skeifur og ljái. Gildi núverandi innlendrar matvælaframleiðslu er þannig ekki það bjargráð sem margir predika þessa dagana komi til einangrunar landsins.

Hitt atriðið sem full ástæða er til að gera athugasemd við er sú ofstjórnartilhneiging sem vart verður í umræðunni þessi misserin og hefur ekki síst beinst að andstöðu við skógrækt. Fyrirkomulag leyfisveitinga varðandi skógrækt er orðinn hluti af umræðu um fæðuöryggi þjóðarinnar og lýsir sér í ótrúlegum hindrunum við að hefja skógrækt, á sama tíma og bændur bylta landi sínu, grafa skurði og rækta tún með einsleitum innfluttum tegundum, án allra leyfa. Það er að verða útbreidd skoðun að land sem plantað hefur verið skógi sé ekki endurnýtanlegt til annarrar ræktunar. Stundum finnst manni að innlendir aðilar hafi aldrei séð fréttir um stórfellt skógarhögg í Amasonskóginum til ræktunar pálmatrjáa og maís.

***Hvenær á skipulag við?***

Margir telja að skipulag sé lausnarorðið. Ekkert mál sé að setja í aðalskipulag, svæðaskipulag og landsskipulag texta sem kveður á um hvar hvað megi gera. Og er ég þá ekki bara að tala um skógrækt. En það er eins og menn gleymi því að við höfum þrátt fyrir allt stjórnarskrá sem m.a. kveður á um friðhelgi eignarréttarins og atvinnufrelsi manna. Til að víkja frá þessum grundvallarréttindum gerir löggjöfin ráð fyrir að uppfylla þurfi ströng skilyrði þar sem almannaréttur og sérstakar lagaheimildir vega þyngst.

Að sjálfsögðu eigum við áfram að setja almannaheill í öndvegi. Atburðirnir á Reykjanesi minna okkur hins vegar á að við höfuð vanrækt að horfa á stóru myndina þ.e. að taka tillit til náttúrufarslegra aðstæðna við val á byggingarsvæðum og staðsetningu innviða í almannaþágu. Við höfum þvert á móti verið upptekin við að leggja steina í götu granna okkar ef þeim hugnast að nýta land sitt með öðrum hætti en ríkjandi viðhorf gera ráð fyrir.

Það má ljóst vera að lög geta ekki bannað tiltekna notkun á landi, undir því yfirskini að um dýrmætt landbúnaðarland sé að ræða og fært það einstökum bændum til nýtingar. Sumir halda því reyndar fram að betra sé að landið fari í sinu, heldur en að það sé nýtt undir golfvöll eða sumarhúsabyggð svo dæmi sé tekið, því mikilvægt sé að eiga landið óskert ef til þess kemur að nýta þurfi það til matvælaframleiðslu síðar meir.

Hér tekur ofstjórnin öll völd á kostnað heilbrigðrar skynsemi. Í landinu er miklu meira ræktanlegt land til staðar en þarf til að brauðfæða þjóðina. Efist menn um þessa fullyrðingu mína ráðlegg ég þeim að aka um Dalina og Húnavatnssýslur svo einhver dæmi séu nefnd.

***Þörf á að uppfæra stjórnvöld***

Það er svo kafli út af fyrir sig hvers vegna stjórnvöld, með matvælaráðuneytið og nýju stofnunina Land og skóg í fararbroddi, leggja ofuráherslu á landbúnaðarlandnýtingu sem miðar að framleiðslu á fóðri fyrir jórturdýr. Það er eins og upplýsingar um hækkandi hitastig á jörðinni hafi farið fram hjá ráðamönnum, að nú sé að mestu samstaða um það meðal helstu vísindamanna að draga þurfi úr fæðunotkun úr efsta þrepi fæðukeðjunnar, ekki síst neyslu á rauðu kjöti, og að það sé samstaða meðal þjóða að ekki einungis beri að vernda skóga, heldur sé stóraukin ræktun þeirra einhver virkasta aðgerðin til að binda koltvísýring til lengri tíma litið.

Það væri stjórnvöldum til mikils sóma ef þess sæi stað í stefnumörkun um umhverfismál að Ísland vilji vera fremst meðal þjóða og setja landnýtingu í anda baráttunnar gegn hlýnun jarðar í forgang í stað úreltra viðhorfa um ræktun jarðargróða til kjötframleiðslu.

*Höfundur er einyrki, sérvitringur og áhugamaður um framtíðina.*





# EES-samningurinn vinnur gegn rekstrarumhverfi íslenskra bænda

**Eftir 1. júlí 2024 mega bændur ekki endurnota eyrnamerki/örmerki sín í sauðfé, geitur og nautgripi samkvæmt ákvörðun Matvælastofnunar, á grundvelli EFTA-löggjafar.**



Anton Guðmundson.

Í reglugerð 916/2012, með tilskipun 2008/71/EB, kemur fram að ekki sé heimilt að endurnýta einstaklingsmerki. Komi endurnýtt eyrnamerki á sauðfé, geitum og nautgripum inn í sláturtíð haustið 2024 verður þeim, skv. ákvörðun Matvælastofnunar (MAST), fargað í sláturhúsi.

Sé um nautgrip að ræða verður skepnunni fargað og kjötinu eytt, en í tilfelli sauðkindar eða geitar verður merkinu eytt en dýrið samþykkt til slátrunar.

Þessi reglugerð hefur það í för með sér að gríðarlegur kostnaðarauki er settur yfir á íslenska bændur sem berjast nú víðast hvar við að halda lífi í sveitum landsins sem snýr að byggðastefnu og matvælaöryggi í landinu.

Sem dæmi þá þýðir þetta fyrir bónda sem hefur tæplega 1.000 númer á ári og hvert örmerki kostar 320 krónur, að hann þarf að kaupa á hverju ári 800 hnappa, gerir það 256 þúsund krónur í hreinan aukakostnað fyrir bóndann sem bætist síðan við heildarkostnað á númerum en margir bændur hafa ákveðið að hætta að marka lömbin sín, aðallega vegna dýraverndunarsjónarmiða, og samkvæmt reglugerð verða bændur þá að setja tvö númer, sem sagt númer í bæði eyrun.

Þetta þýðir í raun að bændur þurfa að kaupa merkingar á rúmlega 300 þúsund krónur á hverju ári sem er svo fargað. Hreinleiki íslensks landbúnaðar er einstakur á heimsvísu og það þekkjum við sem byggjum þetta land. Því má með sanni segja að það þykir undrun sæta að íslensk stjórnvöld skuli hleypa reglugerðinni í gegn.

Þau sjónarmið eru ekki höfð að leiðarljósi í ákvörðun þessari að landbúnaður hérlendis er mun faglegri en þekkist víðast hvar í Evrópu. Reglugerð þessi á þess vegna ekki erindi við íslenskan landbúnað. Hún mun hafa í för með sér gríðarlegan kostnaðarauka fyrir íslenska bændur.

Um er að ræða gríðarlegt hagsmunamál fyrir bændur og þarf því að endurskoða ákvörðunina út frá því sjónarmiði. Íslendingar eru sjálfstæð þjóð í sjálfstæðu lýðveldi og á ekki ávallt að renna þeim EFTA-tilskipunum sem vinna gegn hagsæld þjóðarinnar áreynslulaust í gegn.

*Höfundur er oddviti Framsóknar í Suðurnesjabæ.*


## Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

RANGÁRÞING EYSTRA

*Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.*

**Öldugarður – nýtt deiliskipulag**
Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að heimilt veðri að byggja allt að 200 m² íbúðarhús að Öldugarði L164463. Einnig verður heimilt að byggja 100 m² bílskúr og tvö gestahús sem verða 60-80 m². Hámarks mænishæð verður frá 5 til 7 m.

**Ey – breytt deiliskipulag**
Breytingin gerir ráð fyrir nýjum 2 ha. byggingarreit með aðkomu frá Ey 3. Á lóðinni verður heimilt að byggja 300 m² íbúðarhús og bílskúr. Einnig veður heimilt að byggja tvö 50 m² gestahús og 200 m² skemmu á lóðinni. Hámarks mænishæð veður 6 m.

Ofangreindar tillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 21.febrúar 2024. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar og er athugasemdarfrestur veittur til og með 3.apríl 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, Hvolsvelli.

*Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er til kynningar skipulagslýsing á aðalskipulagi Rangárþings eystra.*

**Fákaflöt og Skeggjastaðir, land 14 – breyting á aðalskipulagi**
Um er að ræða breytingu á landnotkun á Skeggjastöðum, land 14 L195656 og Fákaflöt, L209731. Um 31 ha. landbúnaðarlandi (L1) verður breytt í íbúðarbyggð (ÍB).

Ofangreinda skipulagslýsing verða kynntar fyrir almenningi með opnu húsi hjá skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 4, Hvolsvelli, miðvikudaginn 4.mars n.k. kl. 10:00 til 12:00.
Einnig verður lýsingin aðgengileg á heimasíðu Rangárþings eystra, www.hvolsvollur.is og í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunnar. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við skipulagslýsingarnar og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 13.mars 2024.

F.h. Rangárþings eystra
Þóra Björg Ragnarsdóttir
Fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs Rangárþings eystra













# „... ég heyrði fnasað og krafsað í hálfrökkrinu ...“





Svava Jakobsdóttir.

**Orðsins list kemur að þessu sinni frá Svövu Jakobsdóttur.**

Svava fæddist í Neskaupstað árið 1930. Hún flutti með fjölskyldu sinni til Kanada 1935 en þau settust svo að í Reykjavík 1940. Svava varð stúdent frá MR 1949. Í kjölfarið nam hún enskar og amerískar bókmenntir, þ.á m. fornensku og miðaldabókmenntir, í Massachusetts, BNA, þaðan sem hún lauk BA-prófi og stundaði í framhaldi rannsóknarnám í íslenskum fornbókmenntum við Somerville College í Oxford á Englandi. Síðar lagði hún stund á sænskar nútímabókmenntir við Uppsala-háskóla. Auk þess að búa erlendis þessi ár bjó hún á Eskifirði í þrjú ár, en eftir það í Reykjavík.

Ritstörf Svövu spönnuðu m.a. skáldsögur, smásögur, leikhúsverk og sjónvarpsleikrit, þýðingar, ritgerðir, greinar, ritdóma og útvarpsþætti. Hún starfaði jafnframt, auk ritstarfa, í utanríkisráðuneytinu, við kennslu, blaðamennsku og dagskrárgerð fyrir Ríkisútvarpið. Hún var kjörin alþingismaður 1971 og sat á Alþingi til ársloka 1979. Hún starfaði í ýmsum nefndum og ráðum á sviði félags- og menningarmála og einnig á vettvangi Rithöfundasambandsins og Leikskáldafélags Íslands, auk þess að vera fyrirlesari hér heima og erlendis. Árið 2001 var hún sæmd riddarakrossi Fálkaorðunnar fyrir störf í þágu lista og menningar.

Svava hlaut margvíslega viðurkenningu fyrir ritstörf sín og verk hennar hafa verið þýdd á fjölda tungumála. Þrjú verka hennar voru lögð fram af Íslands hálfu til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs: skáldsögurnar Leigjandinn og Gunnlaðar saga og smásagnasafnið Gefið hvort öðru sem hér er birt textabrot úr.

Í formála Soffíu Auðar Birgisdóttur, vísindamanns og bókmenntafræðings við Háskóla Íslands, í ritsafninu Svava Jakobsdóttir, sem Forlagið gaf út árið 1994, segir að „Verk Svövu Jakobsdóttur hafa verið kennd við furður og fantasíur, kvenfrelsi og félagshyggju, módernisma og sálfræðilegt raunsæi, tákn og stórmerki. Hún hefur verið skilgreind sem ádeiluhöfundur, sósíalískur höfundur, höfundur sem haldi á lofti kvenfrelsishugmyndum og höfundur sem innleiði nýjan frásagnarhátt í íslenskar bókmenntir.

...Flestir eru sammála um að Svava Jakobsdóttir sé höfundur sem hafi brotið blað í íslenskri sagnagerð. ...“

Svava lést árið 2004. /sá

*„... Það var í þessari ferð sem ég sá nautið. Síðasta kvöldið förum við út að ganga bara tvö. Við vorum komin út úr plássinu og inn á einstigi þar sem á aðra hönd var vatn og á hina grýtt brekka þar sem klettar slúttu fram efst þegar ég heyrði undarleg hljóð og hann greip í mig dreif mig upp í brekkuna og sagði að það væri nautið. Ég hafði ekki gefið því neinn sérstakan gaum fyrr um daginn þegar ég heyrði talað um að einhver í plássinu þyrfti að sækja nautið og nú var það að koma eftir þessu einstigi. Ég heyrði fnasað og krafsað í hálfrökkrinu og svo sá ég það koma. Maðurinn var ýmist spölkorn á undan því eða rann við hliðina á því haldandi fast í tauminn. Fyrst varð ég undrandi á því hvað nautið var lítið. Það var samanrekið, vöðvahnýtt með grimman haus á sverum svíra og fjórir stuttir digrir fætur sem rótuðu upp jarðveginum en þegar það rann hjá skynjaði ég þennan ógurlega kraft sem rak dýrið áfram og leitaði útrásar í drunum og fnæsi uns nautið var ekkert annað en þetta blinda afl og hafði ekki annan tilgang en bera það áfram og sem snöggvast fannst mér að vöðvarnir, lappirnar, svírinn, blóðhlaupin augun og rymjandi barkinn hlytu að vera til trafala á þessari þarfagöngu og það hefði verið nóg að koma með þetta eina líffæri hlaupa með það sem logandi blys boðleið frá bæ til bæjar veröldina á enda, þennan blinda drambláta kraft sem jafnvel má sjá votta fyrir í sléttrökuðum holdmiklum karlmönnum með fölar kinnar og hringi á hvítum höndum á daglegum göngum milli skrifstofunnar og bankans og þaðan í þrjúkaffi á plussklæddum veitingahúsum ...“*

*Svava Jakobsdóttir, ritsafn, Gefið hvort öðru ..., smásagnasafn, Tiltekt, bls. 321, Forlagið, 1994.*

Þú finnur Bændablaðið á www.bbl.is, Facebook & Instagram



## Leikfélag Hornafjarðar:

# Lísa í Undralandi



**Ævintýrið um hana Lísu í Undralandi eftir heimspekinginn Lewis Carrol þekkja nú flestir. Þetta hugljúfa ævintýri segir frá lítilli stúlku sem sofnar í grasinu og dreymir kynjaveröld þar sem hún kynnist talandi dýrum, undirförlum ketti, óðum hattara og lifandi spilastokk svo eitthvað sé nefnt.**

Leikfélag Hornafjarðar hefur nú tekið ævintýrið upp á arma sína og áætlar að frumsýna verkið í Mánagarði þann 9. mars nk. Mikill áhugi er í sveitarfélaginu gagnvart leiklistinni og tekur formaðurinn, Emil Moravek, fram að jafnan sé aldurssvið þátttakenda afar dreift, enda hefur félagið átt í samstarfi við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu síðastliðin tuttugu ár.

Við uppsetningu leikfélagsins í fyrra á Galdrakarlinum í Oz var svo hópi grunnskólabarna Hornafjarðar gefið tækifæri á að spreyta sig á sviðinu en þar er að koma upp ótrúlega áhugasamur hópur ungra krakka sem vonast er til að verði hluti af leikfélaginu síðar meir.

„Nú við uppsetningu Lísu í Undralandi þurftu nemendur Framhaldsskólans frá að hverfa, en vonast er til að þau komi sterk inn síðar meir,“ segir Emil og bætir því við að dyr leikfélagsins séu ætíð opnar fyrir áhugasama og líkt og í öðrum áhugaleikfélögum er allur aldur velkominn.

Leikstjóri sýningarinnar er heimamaðurinn Sigríður Þorvarðsdóttir með aðstoð Birnu Jódísar Magnúsdóttur og svo Hafdísar Hauksdóttur sem sér um tónlist. Eins og áður kom fram verður frumsýning þann 9. mars klukkan 17 og miða má nálgast á Facebook-síðu leikfélagsins. Miðaverð er 4.000 kr. en 2.500 kr. fyrir 12 ára og yngri og verða frekari sýningar auglýstar síðar. Laumar formaðurinn því að, fyrir þá sem stefna á að mæta á sýninguna og jafnvel þá sem leggja land undir fót – að þá er Blúshátíð á Hornafirði sömu helgi. /sp




Það er alltaf líf og fjör í leikhúsinu – jafnt á sviðinu og fyrir aftan það.

## Leikfélag Mosfellsbæjar:

# Lína Langsokkur

**Lína Langsokkur er ein þeirra ástkæru sögupersóna sem hafa fylgt okkur síðan fyrir miðja síðustu öld.**

Höfundur hennar, Astrid Lindgren, segir frá stelpunni Línu, sem níu ára gömul hefur þann ofurkraft að vera sterkasta stúlka í heimi og býr alein í húsinu Sjónarhóli með hestinum sínum og apanum Níels þar sem faðir hennar er ævintýramaður á sjó. Hún vingast við nágrannabörnin, þau Tomma og Önnu, en saman lenda þau í alls kyns ævintýrum.

Leikfélag Mosfellsbæjar hefur nú sýningar á verkinu, en um þrjátíu manns koma að uppsetningunni. Leikstjóri er Aron Martin Ásgerðarson, leikmynda- og búningahönnuður Eva Björg Harðardóttir, tónlistarstjóri Þorsteinn Jónsson og danshöfundur Elísabet Skagfjörð.

Leikfélagið segir mikinn áhuga hafa verið á verkinu en æfingaferlið hófst með kynningarfundi þann 15. janúar og mæting mjög góð. Eins og vaninn er skrá þeir sem áhuga hafa niður upplýsingar um sig og hvar áhugasvið þeirra liggur, hvort sem það er að standa á sviði, við leikmyndasmíð, hönnun og gerð búninga, í tónlist, ljósum eða öðru. Strax í sömu viku voru leik- og söngprufur og síðan hófust æfingar sem hafa gengið mjög vel.

Frumsýning er sunnudaginn 3. mars en verður sýnt í Bæjarleikhúsinu klukkan 14. Áframhaldandi sýningar verða á sunnudögum og fer miðasala fram á tix.is /sp


Eydís Ósk Sævarsdóttir í hlutverki Línu Langsokks.

# Söfn fyrir öll

**Á Íslandi er að finna mikinn fjölda safna, setra og sýninga, og er óhætt að segja að viðfangsefni þeirra og nálganir séu svo ólíkar að öll geti fundið eitthvað sem vekur áhuga.**

Þá eru þau einnig vel dreifð um landið og öruggt að fullyrða að fólk er sjaldan meira en klukkustund frá næsta safni og oft er raunar mun styttra. Í safnaflórunni á Íslandi má finna náttúruminja-, lista- og minjasöfn. Hlutverk safna er að safna munum, skrá þá og varðveita fyrir komandi kynslóðir, rannsaka og miðla til almennings alls. Stór hluti safnastarfs fer fram bak við tjöldin, en miðlunin er sýnilegi hluti starfsins.

Miðlunin felst meðal annars í sýningargerð og sýningahaldi, miðlun með sýningatextum, pistlum, greinum og bókum, safnfræðslu og fjölbreyttu viðburðahaldi. Söfn hafa þann eiginleika að hægt er að setja efniviðinn fram á fjölbreyttan, áhugaverðan og skapandi hátt og ná þannig til ólíkra hópa.



Frá Náttúrubarnaskólanum sem er safnfræðsla Sauðfjársetursins á Ströndum. Mynd /Aðsend

Í safnfræðslunni er sjónum sérstaklega beint að börnum og söfn víða um land taka á móti skólahópum. Það að heimsækja safn getur auðgað kennslu. Í dag er lögð aukin áhersla á skapandi starf, samþættingu námsgreina og að nemendur séu virkir í þekkingaröflun sinni.

Allt rímar þetta vel við það starf sem fram fer á söfnum. Það er auðvitað skemmtilegt uppbrot að heimsækja safn og skoða það sem þar er að finna og það getur gefið nemendum tækifæri til að sjá og upplifa það sem verið er að stúdera hverju sinni. Á landsbyggðinni er saga byggðarinnar oft sögð á söfnum, hvort sem það er listasaga, jarðfræði og náttúrusaga eða saga og þjóðfræði. Þegar krakkar heimsækja söfn læra þau því oft um leið um umhverfi sitt.

Á söfnum vinna oft sérfræðingar í safnkennslu, sem hafa útbúið fræðsluefni fyrir skólahópa, en það er þó líka hægt að heimsækja söfn á öðrum forsendum og nýta þau á annan hátt. Til dæmis er hægt að vinna áfram margvísleg þemaverkefni út frá safnaheimsóknum.

Við hvetjum kennara og skóla eindregið til að nýta sér safnið í sínu nágrenni!

*Dagný Ósk Jónsdóttir, verkefnisstjóri FÍSOS*















Vélabásinn:

# Allir fá besta sætið

## – Prufuakstur á Kia EV9



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is


**Að þessu sinni er tekinn til kostanna hinn nýi Kia EV9 í GT Line útfærslu. Þetta er stór sex manna rafmagnsjeppi sem á fáa sína líka á markaðnum. Öll sætin í þessum bíl eru af fullri stærð og lítil málamiðlun að sitja á aftasta bekk.**

Þeir sem þurfa sjö sæti geta keypt bílinn í hinni ódýrari Earth útfærslu, þar sem önnur sætaröðin er þriggja manna bekkur, á meðan GT Line er með tvö sjálfstæð sæti.

Að utan leikur enginn vafi á að þetta er jeppi, enda kraftalegur í útliti. Húddið er langt og hátt, dekkin eru stór með dökkan ramma utan um hjólaskálarnar og þakbogar á toppnum – allt eins og ætlast má til af jeppa. Þá eru framljósin sitthvor línan með tveimur brotum og ná frá hjólaskálum niður að stuðara. Ekkert hefðbundið grill er framan á bílnum.

Þemað virðist vera skörp horn en samt sem áður er bíllinn rennilegur. Fyrirtækið Kia er á góðum stað þegar kemur að hönnun bifreiða, en þó er vel hugsanlegt að ásýnd EV9 sé það afgerandi að hún geðjist ekki öllum.

Þá er hætta á því að svona róttækt yfirbragð eldist illa, þótt það sé töff í dag.

### *Nútímaleg innrétting*

Þegar inn er komið tekur á móti manni vönduð innrétting og er hvergi hægt að finna eitthvað sem er illa samansett eða vont viðkomu. Allt virðist vera þykkt með góða áferð og mælaborðið að miklu leyti fóðrað með mjúku leðurlíki. Heildaryfirbragðið er vel heppnað og nútímalegt.

Á stýrinu eru takkar fyrir allt það helsta, eins og að stjórna margmiðlun, síma og hraðastilli. Þá er einn merkilegur takki sem notandinn getur skilgreint virknina á. Í þessum bíl var búið að tileinka hann kallkerfinu, sem virkar þannig að það lækkar í útvarpinu og virkjar hljóðnema sem tengdur er við hátalara aftast. Með því getur ökumaðurinn leikið flugstjóra og komið skilaboðum alla leið til öftustu farþeganna án áreynslu.

Margmiðlunarskjárinn er langur og mjór og er stýrikerfið svipað á að líta og í öðrum nýjum bílum frá systurfyrirtækjunum Hyundai og Kia. Í stuttu máli má segja að skjárinn er einfaldur og skýr í notkun og er stýrikerfið með snöggt viðbragð. Þá eru hljómgæðin afbragð og gaman að hlusta á tónlist, en GT Line útfærslan er með 14 hátalara hljóðkerfi frá Meridian.

Fyrir neðan margmiðlunarskjáinn er upplýst letur sem fellur inn í innréttinguna. Þetta eru flýtilyklar fyrir skjáinn og gefa þeir frá sér vægan titring þegar þeir nema snertingu. Ekki er hægt að ganga að því vísu að þeir virki alltaf og því getur notkunin á tíðum verið ankannaleg. Þar fyrir neðan er takki til að skrúfa upp og niður í hljómflutningstækjunum og hnappar til að stjórna miðstöð. Með öðrum orðum er allt það mikilvægasta aðgengilegt.

### *Sex hægindastólar*

Öll sex sætin í Kia EV9 eru rafstýrð og sérlega vönduð. Þau eru með þykku og mjúku leðurlíki og eru höfuðpúðarnir fyrir ökumanninn og sessunaut hans mjúkir sem



Kia EV9 er stór rafknúinn lúxusjeppi. Það sem skilur þennan bíl frá öðrum er mikið rými fyrir alla farþega, sama hvort þeir eru á fremsta eða aftasta bekk. Hvergi er skorið við nögl þegar kemur að útbúnaði og virðist allt vera vel saman sett og úr góðum efnum. Myndir / ál



Þó að þetta sé enginn fjallajeppi þá er útlit bílsins kraftalegt og þolir hann vel að fara út fyrir malbikið.


Mælaborðið og innréttingin eru nútímaleg. Margmiðlunarskjárinn er einfaldur í notkun og hraðvirkur. Með flýtilyklum er allt það nauðsynlegasta aðgengilegt.



Hér er aftasta sætaröðin lögð niður sem gefur mjög mikið pláss fyrir farangur.


Í GT Line-útfærslunni eru sex sæti. Hér sjást önnur og þriðja sætaröð sem gefa þeirri fremstu lítið eftir.

æðardúnskoddi. Stillimöguleikarnir á framsætunum eru fleiri en blaðamaður hefur reynt í öðrum bílum. Til að mynda er hægt að stilla hallann á sessunni eins og algengt er, en það að auki er hægt að ráða því hversu djúpt sætið er.

Hægt er að virkja nudd í ökumannssætinu sem er ekki nógu öflugt til að kýla burt vöðvabólgu, en gefur smá hreyfingu og örvar blóðflæðið. Þá eru fótskemlar á báðum framsætunum, svipað og í La-Z-Boy stól. Þeir eru eflaust ágætir þegar keyrt er í marga tíma á hraðbrautum með akstursaðstoð. Erfiðara er hins vegar að hafa þá í reistri stöðu ef til stendur að nota inngjöfina og bremsuna þar sem skemillinn lyftir fótunum frá pedölunum. Eins og áður segir eru tvö sjálfstæð sæti í annarri sætaröð. Þau eru litlu síðri en framsætin, með skammelum, hita, armpúðum og alles. Umræddir fótskemlar eru hins vegar alveg gagnslausir nema fyrir níu ára börn og fullorðna sem hafa misst neðsta hlutann af fótunum, þar sem þeir þrýstast upp að framsætunum. Þegar skammelin eru niðri er hið fínasta pláss í annarri sætaröð, jafnvel þótt fremstu farþegarnir hafi fært sætin sín í öftustu stöðu.

### *Skottið mikill geimur*

Aðgengið að þriðju sætaröðinni er sérlega gott í GT Line bílunum þar sem hægt er að fara á milli sætanna í annarri sætaröð. Að því gefnu að farþegarnir í annarri sætaröð hafa ekki fært sig í öftustu stöðu er nóg pláss fyrir þá sem eru aftast. Í þriðju sætaröðinni er hægt að stilla hallann á bakinu með rafmagni, en annars er sætið fast.

Öftustu farþegarnir fá aðeins að kenna á því þar sem lúxusinn í skottinu hefur verið skorinn við nögl. Þar er plastið í innréttingunni hart og heyrist tómahljóð þegar bankað er í það. Sætin eru hins vegar þægileg og gluggarnir stórir.

Þegar sætaröð þrjú er í notkun er skottið álíka stórt og í smábíl. Ef þau eru hins vegar felld niður er farangursrýmið mikill geimur með flötu gólfi. Þá er hægt að leggja sætisbökin á sætaröð tvö niður með takka aftast í skottinu. Rétt innan við skotthlerann er innstunga fyrir heimilisraftæki sem er 250 volt og sextán amper og nýtist bíllinn því sem rafstöð.

### *Enginn fjallajeppi*

Í akstri er EV9 einstaklega hljóðlátur og getur ökumaðurinn svo gott sem hunsað hraðahindranir þar sem fjöðrunin vinnur vel á þeim. Undirritaður prufaði að keyra á grófum og holóttum malarvegi sem og í nokkuð djúpum snjó og fór bíllinn létt með það. Því verður þó seint haldið fram að þetta sé fjallajeppi.

Þótt umræddur bíll sé 384 hestöfl er hröðunin ekki sturluð eins og í mörgum rafmagnsbílum. Það skýrist líkleg af því að eigin þyngd bílsins er tæp 2,7 tonn. Þá dylst það ekki að þetta er stór bíll og það getur verið áskorun að leggja í stæði. Sem betur fer eru myndavélar sem gefa útsýni til allra átta og eru gömlu góðu hliðarspeglarnir stórir.

Þá er rétt að nefna að þessi bíll er með takmarkað umburðarlyndi fyrir því þegar ekið er rétt yfir hámarkshraða. Hann er útbúinn nákvæmlega sama búnaði og undirritaður gerði grein fyrir í bíladómnum um Hyundai Kona í nóvember í fyrra, sem pípir um leið og farið er yfir löglegan hraða. Eins og segir þar er hægt að slökkva á vælinu, en það þarf að gera það í hvert skipti sem bíllinn er ræstur.

### *Að lokum*

Þótt þessi bíll heiti Kia, þá er útlit bílsins og upplifunin af akstrinum engu síðri en má vænta í Audi, BMW, Mercedes Benz og Land Rover. Það er líka eins gott, því Kia EV9 GT Line gefur mörgum lúxusbílum lítið eftir í verði. Hið mikla rými fyrir farþega er þar sem Kia EV9 skarar fram úr öðrum bílum í sama verðflokki.

Kia EV9 GT Line kostar frá 14.990.777 krónum. Ódýrari týpan, sem er jafnframt sjö sæta, nefnist Earth og kostar frá 13.990.777 krónum. Verð er með virðisaukaskatti.


Þau Hanna Rún Ingibergsdóttir og Hjörvar Ágústsson reka Kirkjubæjarbúið ásamt foreldrum Hjörvars.

Bóndinn:

# Forréttindastarf

**Hjörvar Ágústsson hrossaræktarbóndi gefur hér lesendum innlit í líf og starf fjölskyldu sinnar. Einnig má svo fylgjast með þeim á Instagram og Facebook-síðu Bændablaðsins næstu tvær vikurnar.**

Kirkjubær á Rangárvöllum er gömul jörð sem nær það langt aftur að hún kemur vel fyrir í Njálu. Þá voru hér mest þjófar og lygarar sem urðu þess valdandi að Gunnar á Hlíðarenda dó. Við höfum því reynt í seinni tíð að skapa meira jákvætt umtal um Kirkjubæ.

Hér hefur verið stunduð skipulögð hrossarækt síðan 1960. Fyrstur til að vera hér úr minni fjölskyldu var afi minn, Sigurður Haraldsson, um 1974. Síðan seinna meir faðir minn, Ágúst Sigurðsson, ásamt Guðjóni bróður sínum. Seinna meir eingöngu mín fjölskylda.

Í dag sjáum ég og kona mín, Hanna Rún Ingibergsdóttir, um daglegan rekstur og rekum búið ásamt foreldrum mínum, Ágústi Sigurðssyni og Unni Óskarsdóttur.

**Býli, gerð bús?** Kirkjubær á Rangárvöllum, 1500 hektara hrossaræktarbú

**Ábúendur, fjölskyldustærð (og gæludýra)?** Hjörvar Ágústsson, Hanna Rún Ingibergsdóttir og Lilja Rún Hjörvarsdóttir (1 árs), mæðgurnar Dögg og Krafla (ástralskir fjárhundar) auk Blesu og Huldu (íslenskir bland í poka-kettir).

**Fjöldi búfjár?** Aðeins misjafnt, en í kringum 80 hross á búi.

**Hvers vegna velur þú þessa búgrein?** Ákvað sem betur fer að vinna við það sem ég hef gríðarlega ástríðu fyrir og áhuga. Oft þarf að gera erfiða hluti og ekki alltaf auðvelt að láta hlutina ganga upp fjárhagslega, langir dagar á ekkert svo spes tímakaupi. En ég hlakka til á hverjum einasta morgni að fara út í hesthús og þjálfa. Hvílík forréttindi!

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Vaknað, gefið, stíur teknar, þjálfað, hádegisgjöf, þjálfað, kvöldgjöf. Svo, eins og flestir þekkja, er enginn dagur eins og ýmislegt annað sem þarf að brasa.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Skemmtilegast er að þjálfa hrossin, mennta þau, finna út hlutverk fyrir þau, vera í kringum þau. Leiðinlegast er allt tengt rúlluplasti eftir að þú tekur það af rúllunni. Blautt/frosið rúlluplast í misheppilegum ílátum sem þú treður inn á kerru til að fara með á gámaþjónustuna.


Heimasætan í góðum félagsskap.

**Hvernig væri hægt að gera búskapinn ykkar hagkvæmari?** Við erum nú alltaf að reyna að hugsa til þess. En ekki komin með svör.

**Hvernig sjáið þið landbúnað á Íslandi þróast næstu árin?** Tækniþróun mun halda áfram að gera ýmsa hluti einfaldari. Vonandi verður komin einhver lausn önnur en rúlluplast. Eitthvað umhverfisvænna og skemmtilegra.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Alltaf stendur það nú upp úr þegar folöldin mæta á svæðið. Spá og spekúlera í byggingarlagi og háttum þeirra. Eins eru frumtamningar að hausti tími sem við bíðum alltaf spennt eftir.

**Instagram-síða: *@Kirkjubaer_horsefarm***




Daglegt líf fjölskyldunnar á Kirkjubæ á Rangárvöllum tekur á sig margar myndir.

**Hestamannafélagið Jökull**
boðar til aðalfundar í reiðhöllinni á Flúðum
föstudaginn 1. mars kl. 20:00

**Dagskrá :**
1. Setning og kosning starfsmanna fundarins.
2. Formaður leggur fram skýrslu stjórnar um störf félagsins á síðasta starfsári.
3. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til samþykktar, skoðaða af skoðunarmönnum félagsins.
4. Skýrslur nefnda.
5. Kosning aðalstjórnar, varastjórnar og skoðenda, skv. 6. Gr.
– Kosið um stöðu formanns og tveggja meðstjórnenda.
6. Kosning fulltrúa félagsins á ársþing L.H. og héraðsþing HSK skv. 15. gr.
7. Lagabreytingar sé þess óskað, skv. 16. gr.
8. Ákvörðun félagsgjalds.
9. Fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár lögð fram.
10. Önnur mál sem félagið varðar.

PUB QUIZ AÐ DAGSKRÁ LOKINNI

Hvetjum félaga til mæta og kynna sér starfsemina hjá félaginu okkar!
Stjórn Hestamannafélagsins Jökuls









Matarhornið:

# Tvistað við ofurstann



**Haraldur Jónasson**
haradlur@gmail.com

**Djúpsteiktur kjúklingur, sem flestir þekkja í gegnum ofursta nokkurn frá Kentucky, er lostæti sem margir veigra sér við að búa til heima hjá sér. En með nokkrum brellum er ekki flóknara að elda kjúklingabita en að steikja fisk í raspi.**

Fyrsta brellan er að steikja mátulega bita og hafa þá beinlausa. Bringur skornar í sirka tveggja sentímetra strimla eru góður valkostur en einfaldast er að nota kjúklingalundir sem koma í fullkominni stærð – beint úr pakkanum.

Lundirnar, einn bakki, fara í skál og út í skálina fer súrmjólk þangað til flýtur yfir kjúklinginn. Nokkrar slettur af sterkri sósu og eins og eitt egg. Ef engin er til súrmjólkin má nota AB mjólk eða bara venjulega mjólk með nokkrum slettum af borðediki út í. Sirka hálfa matskeið per deselítra. Kjúklingurinn er geymdur í þessum legi í að minnsta kosti klukkutíma, helst aðeins lengur, fjórir til átta klukkutímar er fullkomið.

Leyniuppskrift ofurstans sjálfs ku innihalda 11 krydd og jurtir þannig að það er ekki úr vegi að við notum 11 slíkar líka. Sirka kúfuð teskeið af hverju; svörtum og hvítum pipar, þurrkuðu oregano, steinselju, sellerísalti, laukdufti, chilidufti, kóríanderfræjum og cummin ásamt tveimur teskeiðum af hvítlauksdufti, paprikudufti og salti blandast við fimm desilítra af hveiti og þrjár matskeiðar maizena mjöli. Þegar bitarnir hafa fengið nóg af súrmjólkurleginum er þeim velt upp úr hveiti/kryddblöndunni. Passa að hún nái að festast við kjúklinginn og hvergi sé rakan blett að finna.



Myndir / Hari

***Steikingin***

Brella númer tvö er að steikja kjúklinginn á venjulegri pönnu. Djúpsteiking er flókin, sóun á olíu og getur verið beinlínis hættuleg. Þannig að í staðinn notum við stærstu pönnu hússins, sem er vonandi tólf tommu pottjárnspanna. En hvaða panna sem er virkar.

Í pönnuna fer um sentimetra þykkt lag af góðri olíu. T.d. avakadó- eða blandaðri matarolíu. Ólífuolía hentar ekki vel í þetta. Hún er ekki nægilega hitaþolin og sérstaklega ekki jómfrúarolía.

Troða eins mörgum bitum og kemst fyrir í pönnunni og steikja við sirka 160 gráður eða þar um kring. Hægt er að giska á rétt hitastig með því að setja einn kjúkling út í og ef hann hissar og svissar í pönnunni er hún nógu heit. Ef á hinn bóginn það byrjar að rjúka úr olíunni áður en kjúklingurinn fer út í er hún orðin of heit. Steikja kjúklinginn þangað til hann verður gullinbrúnn og þá er að snúa honum og steikja þangað til hann verður gullinbrúnn á hinni hliðinni. Tekur um 5 mínútur á hvora hlið en gott að tékka reglulega. Lundirnar ættu að vera fullkomlega eldaðar um leið og báðar hliðarnar eru orðnar gullinbrúnar. Ef bitinn brennur fyrir þessar fimm mínútur þarf að snúa kjúklingnum, lækka örlítið og elda lengur á seinni hliðinni.

Eigendur kjöthitamæla elda þangað til hitastigið í miðjum bitanum nær í 170 gráður. Gott að setja bitana á vírgrind þegar þeir koma úr pönnunni.

***Ferskar tortillur***

Það þarf tortillur í tvisterinn og auðvitað er einfalt að kaupa þær úti í búð en að búa til ferskar heima er brella númer þrjú og lyftir



snúningnum á enn hærra plan. Hræra 5 dl af hveiti saman við hálfan desilítra af feiti, svínafeiti er best en hvaða feiti sem er virkar, teskeið af salti og hnífsodd af lyftidufti.

Bæta svo einum og hálfum desilítra af volgu vatni saman við og hræra eða hnoða stutta stund. Rétt til að koma deiginu saman. Leyfa deiginu að hvíla í korter eða svo og móta þá í litlar kúlur. Kúlur á stærð við golfbolta gera sirka tveggja lunda-tortillur.

Fletja kúlurnar út með kökukefli og steikja á þurri pönnu. Pönnuköku- og pottjárnspönnur eru mjög góðar til verksins en aftur dugir hvaða panna sem til verksins. Breiða viskastykki yfir tilbúnar tortíurnar til að halda þeim mjúkum og ferskum.

***Sósa og salat***

Sirka þegar kjúklingurinn fer í mjólkurlöginn er gott að útbúa mæjónessósuna. Svo hún fái tíma til að taka sig.

Blanda saman tveimur teskeiðum af nýmuldum pipar við desilítra af mæjónesi, matskeið af sýrðum rjóma og sama magni af ferskum límónusafa. Saxa niður gott salat og þá er kominn matur. Smyrja sósunni í botninn á volgri tortillu, þá kál og svo kjúklingur. Þeir sem vilja geta bætt við hrásalati, tómatsneið og mögulega söxuðum lauk en það er gert á eigin ábyrgð.

## KROSSGÁTA Bændablaðsins




### Lausn á krossgátu í síðasta blaði




www.bbl.is

Hannyrðir:

# Baldur





**Stærðir:** S M L XL
**Yfirvídd:** 94 100 111 121

**Efni:Þingborgarlopi**
450-450-500-550 g í aðallit.
150 g mynsturlitur 1
100 g mynsturliur 2
Ef notaður er annar lopi en mælt er með verður að gæta að prjónfestu, grófleiki kann að vera annar.
Sokkaprjónar 4 og 5 mm
Hringprjónar 4 mm 40 og 80 cm langir
Hringprjónar 5 mm 40, 60 og 80 cm langir

**Prjónfesta:** 14 l og 23 umf í sléttu prjóni = 10 x 10 cm Önnur prjónastærð getur hentað, allt eftir því hvort prjónað er fast eða laust, finnið það út með því að prjóna prufu. aPrjónað er úr plötulopanum tvöföldum.

**Bolur:** Fitjið upp með mynsturlit 1, 130-140-155-170 l á 80 sm hringprjón, prj stroff í hring 6-8 sm 1 slétta og 1 brugðna, eða aðra stroffgerð að eigin vali.
Skipt yfir á 80 sm 5 mm hringprjón.




Prjónað slétt uns bolur mælist 38-46 sm. (Mælið viðkomandi og metið bolsídd.)

**Ermar:**
Fitjið upp 30-35-40-40 l á 4 mm sokkaprjóna, prjónið stroff í hring 6-8 sm.

Skiptið yfir á 5 mm sokkaprjóna þegar stroffi er lokið og aukið strax um 2 lykkjur undir miðri ermi, (1 lykkju eftir fyrstu lykkju og 1 lykkju fyrir síðustu lykkju í umferð).

Endurtakið útaukningu 8-8-8-9 x upp ermi, með u.þ.b. 8 umferðum á milli, þar til 48-53-58-60 l eru á prjóninum.

Skiptið yfir á 5 mm stutta hringprjóninn á u.þ.b. miðri ermi. Gott er að nota prjónamerki til að merkja þar sem aukið er út. Prjónið uns ermi mælist 44-52 sm. (Mælið handlegg og metið hve ermin á að vera löng)

**Axlastykki:**
Sameinið nú bol og ermar á 5 mm 80 sm langa hringprjóninn. Setjið 5-5-5-6 síðustu l og 5-5-5-6 fyrstu l á báðum ermum á prjónanælu. Setjið 10-10-11-12 af bol á prjónanælu þar sem umferð byrjar vinstra megin á bol.

Prjónið fyrri ermina við bolinn 38-43-48-48 lykkjur, prjónið næstu 55-60-67-73 lykkjur af bol og setjið næstu 10-10-11-12 lykkjur á hjálparprjón.

Prjónið seinni ermina við og gerið eins og með hana. Prjónið síðan 55-60-68-73 lykkjur af bol, þá eru 186-206-230-242 lykkjur á prjóninum.

Áður en mynstur er prjónað þarf að taka úr 1 lykkju í stærð S og M til að mynstur stemmi og í stærð XL þarf að taka úr 2 l á undan mynstri.

Prj mynstur eftir teikningu. Notið styttri hringprjóna eftir því sem lykkjum fækkar. Þegar mynstri lýkur er tekið úr aukalega þar til 64-72 l eru eftir á prjóninum.

Þá er skipt á 40 sm 4 mm hringprjóninn og prjónað 10-12 sm stroff, fellt laust af.

Brjótið kragann inn fyrir og saumið niður. Eins er hægt að hafa annað lag á kraga, t.d. prjóna 5 umferðir stroff og 5 umferðir slétt, þá rúllast hann aðeins niður og nær ekki eins upp í hálsinn eins og hin gerðin. Gangið vel frá öllum endum og lykkjið saman undir höndum.

**Þvottur:** Þvoið flíkina í volgu vatni með góðri ullarsápu eða sjampói. Skolið vel og vindið svo í hálfa mínútu í þvottavél. Mikilvægt er að vélin fari strax að vinda, (þær eru misjafnar að þessu leyti) en sé ekki að veltast með flíkina fyrst, þá getur hún þófnað. Leggið peysuna á handklæði til þerris.

*Hönnun: Anne Biehl Hansen*
*Útfærsla uppskriftar: Margrét Jónsdóttir*



Þingborgarlopinn er úr sérvalinni alíslenskri ull af haustlömbum í fallegum litum sauðkindarinnar. Ullin í lopann er mildilega þvegin og heldur þannig sínum náttúrulegu eiginleikum. Lopinn er sérlega mjúkur og þægilegur í prjóni. Hann kemur í sex sauðalitum; hvítu, svörtu, ljósgráu, dökkgráu, dökkmórauðu og ljósmórauðu. Lopinn fæst í Ullarversluninni Þingborg sem er 8 km austan við Selfoss.

Ullarverslunin Þingborg. Opið mánudaga-laugardaga kl. 10-17
www.thingborg.is facebook/thingborgull
s. 482 1027, 846 9287 gamlathingborg@gmail.com

# SUDOKUÞRAUTIR Bændablaðsins

**Setja skal inn tölur frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt - og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

**Létt**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | 5 | 4 | | | 1 | | 7 |
| | 3 | 8 | 5 | | | | | 6 |
| | 4 | | 3 | 2 | 7 | | | |
| | 7 | | | 4 | 2 | | 1 | |
| 1 | 6 | 2 | | | | 8 | | |
| | | | | 9 | 1 | 2 | 7 | 3 |
| 2 | | | 9 | 3 | 8 | | | 4 |
| 8 | | 6 | | 7 | | | 9 | |
| | | | | | | 7 | 8 | 1 |

**Miðlungs**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | 6 |
| | | | | 6 | 8 | | | |
| | | 3 | | 1 | | 7 | | |
| | | | 5 | | | | | |
| | | 9 | | | | 8 | 2 | 3 |
| 7 | | | | 2 | 6 | | | 1 |
| | 1 | | | | | | | |
| | | | 2 | | | | 8 | |
| 9 | | 4 | | 5 | 3 | 6 | | |

**Þung**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 6 | | | | 5 | 1 |
| | 4 | | | | | | | |
| 3 | | 7 | 2 | | | 8 | | |
| | 7 | | 4 | | | | 9 | 3 |
| | | | 1 | | 9 | | 2 | |
| | | 4 | | | | 5 | | |
| | | 8 | | 6 | | | | 7 |
| | | | | | | | 8 | 9 |
| 1 | | | | | | 6 | | |

**Þyngst**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | | 3 | | 4 | 9 | 5 |
| 2 | | | | | 5 | | | |
| | 9 | | | | | | | |
| | | 2 | 7 | | | 9 | | |
| 3 | | | 5 | 9 | | | 1 | 6 |
| | 8 | | | 6 | 3 | | | |
| | 1 | | 3 | | | | 2 | |
| | | | | 7 | | 6 | 3 | |
| | | | | | | | | 7 |

Erfinginn:

# Framtíðarbóndi

**Honum Degi þykir skemmtilegasti tíminn vera á vorin því þá fæðast lömbin – en líka á haustin því þá eru réttir, lambadómar, hrútasýningar og litasýningar í gangi.**



**Nafn:** Dagur Stefnisson.

**Aldur:** 10 ára.

**Stjörnumerki:** Hrútur.

**Búseta:** Austvaðsholt 1b.

**Skóli:** Laugarlandsskóli.

**Skemmtilegast í skólanum:** Náttúrufræði.

**Áhugamál:** Búskapur.

**Tómstundaiðkun:** Íþróttir.

**Uppáhaldsdýrið:** Kindur, hestar og kanínur.

**Uppáhaldsmatur:** Nautakjöt.

**Uppáhaldslag:** Hvar er draumurinn.

**Uppáhaldslitur:** Rauður.

**Uppáhaldsmynd:** Konungur fjallanna og Ace Ventura 1.

**Fyrsta minningin:** Að syngja vögguvísu uppi á hænsnakofa.

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert:** Að fara í fjallaferð og smala kindum.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór:** Bóndi.

**Hafið samband ef ykkur langar að vera með!** **sigrunpeturs@bondi.is**

## Stjörnuspá

**Vatnsberinn** tekur nú fyrstu skref í því sem mun hafa afar mikil áhrif á líf hans, heilmikil þroskaskref þegar síðar er litið til baka. Hann mun upplifa innri vellíðan þegar síst varir og koma sjálfum sér skemmtilega á óvart. Allt útlit er fyrir því að hann stígi sæll og glaður þessi síðustu skref febrúarmánaðar og að honum streymi óvæntir fjármunir. Happatölur 24, 4, 77.

**Fiskurinn** heldur varfærnislega um þau málefni sem honum hafa verið úthlutuð og að heilmiklum vangaveltum loknum er honum fullljóst hvernig best er að greiða úr þeim. Væg veikindi eru í kortunum sem þó gefa honum tíma til hvíldar og ætti hann að njóta þess sem best hann getur. Happatölur 15, 2, 12.

**Hrúturinn** þarf að hvíla sig. Loka fyrir allt áreiti og leggjast í dvala. Að því loknu getur hann komið sér vel fyrir og raðað lífinu eins og hann helst á kysi. Hvað getur hann tekið út og hverju má bæta við. Hvers nýtur hann og vill auka. Njóta þess svo að vera til enda gulls ígildi. Happatölur 6, 16, 82.

**Nautið** lætur hugann líða þessa dagana og dreymir sólríkari slóðir. Góð lukka stýrir því að þessi ósk rætist síðar í vor ef rétt er haldið á spöðunum. Nautið ætti að leggja áherslu á ytri og innri vellíðan og gæta vel að líkamlegu þreki sínu sem fer heldur þverrandi. Happatölur 12, 18, 29.

**Tvíburinn** hefur verið fremur þungt haldinn af alls kyns hugarvíli sem að honum streymir. Það greiðist þó úr þessum ósköpum þegar hann gerir sér grein fyrir að einungis örlítill hluti þess á við rök að styðjast. Stutt er í bjartari daga og vel ef happdrættisvinningur sé ekki á næsta leiti. Happatölur 8, 13, 23.

**Krabbinn** sem er hlédrægari en margur, hefur óvænta ánægju af þeim gestum sem ber að garði þess dagana. Ætti að hafa að leiðarljósi orðtakið „Maður er manns gaman", að minnsta kosti næsta hálfa árið. Tengslanetið styrkist og hann hendir óvænt happ. Happatölur 51, 90, 21.

**Ljónið** er eitthvað tvístígandi þessa dagana enda mun sjálfselskara að eðlisfari en það gerir sér grein fyrir. Það vill í þrjósku sinni ekki taka af skarið í málum er viðkoma fjölskyldunni, en þarf hins vegar að stíga niður af stalli sínum áður en það er um seinan og taka ábyrgð. Happatölur 1, 42, 6.

**Meyjan** hefur hægt og bítandi verið að taka æ fleiri skref í átt að bættri heilsu og finnur æ oftar fyrir betri líðan, bæði andlegri og líkamlegri. Meyjan ætti með öllu móti að halda í allt hið góða er að henni streymir. Árið 2024 er happaár meyjunnar, en best er að hafa varann á í peningamálunum. Happatölur 11, 54, 55.

**Vogin**, líkt og hrúturinn, þarf að hafa hvíldina í hávegum. Vera duglegri að skipuleggja dagsformið og muna að heimurinn fer ekki á hliðina þótt hún missi af einhverju. Vogin er að finna sjálfa sig aftur eftir nokkurt skeið og nýtur þess að vera til – en þarf líka að muna að hvíld kemur hverjum manni vel. Happatölur 18, 28, 20.

**Sporðdrekinn** er að skríða á fæturna eftir vetrardvalann og finnur eldmóð bærast innra með sér. Enn sem komið er hefur hann ekki ákveðið hvert hann mun beina þeim eldi, en eitthvað kitlar hann og hann ætti endilega að láta þá hugmynd eftir sér. Passa samt að fara ekki fram úr sér. Happatölur 15, 22, 48.

**Bogmaðurinn** hefur sjaldan eða aldrei upplifað það sem liggur í kortunum fyrsta hluta ársins. Óvíst er um hversu djúpa upplifun ræðir, en þó, ef litið er til baka að ári eru áhrif hennar greinileg. Vinasambönd munu deyja út eða styrkjast á næstu vikum og þau síðari verða til mikilla heilla. Happatölur 3, 17, 86.

**Steingeitinni** hefur fundist heimurinn í kringum sig heldur þröngur undanfarið og lífið óspennandi. Hún þyrfti að taka sig taki og stíga út fyrir þægindarammann til þess að breyta þeirri hugmynd, fara út í náttúruna og anda djúpt. Endurtaka ferlið þar til árangur næst. Happatölur 2, 22, 34.



Lundi er algengasti fuglinn okkar og jafnframt einn af okkar einkennisfuglum. Hann er að öllu leyti farfugl og dvelur hér við land yfir sumarið og út ágúst eða þegar ungatíma lýkur. Þá hverfur hann langt út á Norður-Atlantshaf og sést lítið við land aftur fyrr en í apríl. Lundinn er afar félagslyndur og verpur í holum í stórum byggðum á grösugum eyjum, höfðum og brekkum. Lundinn verpir einungis einu eggi og má segja að varp og ungatíminn sé fremur seinlegt. Fyrstu fuglarnir byrja að verpa í seinni hlutanum í maí og liggur fuglinn á í um 40 daga. Þá tekur við ungatíminn sem getur varað frá 35–55 dögum. Það er því ekki fyrr en síðsumars sem unginn (pysjan) yfirgefur holuna. Lundinn er nokkuð langlífur fugl, talið er að meðalaldur lunda sé á bilinu 20–25 ár en elsti lundinn sem vitað er um var 38 ára gamall og var merktur af Óskari J. Sigurðssyni, vitaverði á Stórhöfða í Vestmannaeyjum. Þeir eru afar hraðfleygir og geta náð yfir 80 km hraða á klukkustund á flugi. Hann stendur uppréttur á landi, er því nokkuð fimur á fæti. Svo er ekki nóg með að hann sé góður sundfugl heldur getur hann líka kafað niður á allt að því 60 metra dýpi þar sem hann leitar sér að æti. Það er því óhætt að segja að lundar hafi góða aðlögunarhæfni í að koma sér á milli staða hvort sem það er í lofti, á láði eða í legi. Mynd og texti / Óskar Andri Víðisson

### Tíska:

# Ferð þú í fjársjóðsleit?





**Helstu ástæður fyrir því að fólk kaupir notaðan fatnað er að bæði eru slík kaup hagkvæm og umhverfisvæn auk þess sem auðveldara er að skapa sér sinn eigin stíl en ella. Hér eru tíu.**

**1.** Hagkvæmt: Notaður fatnaður er venjulega mun ódýrari en sá sem fæst í helstu tískuvöruverslunum og gerir neytendum kleift að spara umtalsverða upphæð á meðan valið er ... vel í fataskápinn.

**2.** Umhverfisáhrif: Endurnýting fatnaðar hjálpar til við að draga úr umhverfisáhrifum tískuiðnaðarins. Með því að lengja þannig líftíma hverrar flíkur, er viðkomandi að leggja sitt af mörkum til að draga úr textílúrgangi og ýta að sama skapi undir varðveislu auðlinda.

**3.** Einstök uppgötvun: Að versla notuð föt getur gefið þér tækifæri til að uppgötva hluti sem eru kannski ekki fáanlegir í hefðbundnum verslunum. Þannig er hægt að móta þinn eigin stíl.

**4.** Gæði og ending: Andstætt algengum misskilningi geta notuð föt verið af miklum gæðum og endingu. Ending þess fatnaðar sem þegar hefur verið þveginn og notaður margoft – en er enn heillegur og lítur vel út – er ekkert annað en vitnisburður um gæði þeirra.

**5.** Stuðningur við sjálfbæra starfshætti: Með því að kaupa notuð föt er stutt við hugmyndina um hringlaga hagkerfi þar sem vörur eru endurnýttar og endurunnar, frekar en að þeim sé fargað eftir takmarkaða notkun. Þetta stuðlar að sjálfbærari og vistvænni nálgun á tískuneyslu.

**6.** Siðferðilegt sjónarmið: Að velja notaðan fatnað getur einnig verið í samræmi við siðferðileg sjónarmið, þar sem það dregur úr eftirspurn eftir framleiðslu svokallaðrar hraðtísku („fast fashion") sem oft tengist lélegum vinnuaðstæðum og misnotkun í fataiðnaðinum.

**7.** Dregið úr kolefnisfótspori: Framleiðsla á nýjum fatnaði hefur oft í för með sér umtalsverða kolefnislosun og orkunotkun. Að kaupa áður notaðar flíkur hjálpar til við að minnka kolefnisfótsporið á þann hátt að dræmri eftirspurn er eftir nýjum fatnaði.

**8.** Persónulegur stíll: Að heimsækja verslanir fyrir notuð föt og varning gerir fólki kleift að horfa í kringum sig með persónulegan stíl sinn í huga og jafnvel gera tilraunir með mismunandi tískustefnur án þess að eyða í það formúgu.

**9.** Framlag til góðgerðarmála: Margar nytjaverslanir starfa undir merkjum góðgerðarsamtaka þar sem ágóði af sölunni rennur til styrktar ýmsum mætum málefnum. Með því að kaupa fatnað frá slíkum starfsstöðvum er kaupandinn óbeint að leggja sitt af mörkum til góðgerðarmála.

**10.** Persónulegt afrek: Sumir fyllast ánægju- og afrekstilfinningu, nú jafnvel spennu, sem fylgir því að finna falda fjársjóði ef svo má kalla. Vintage Levi's buxur með appelsínugulum miða, gamalt Dior undirpils og þar fram eftir götunum. Æsingurinn við slíka fjársjóðsleit ætti að gleðja harðasta sjóræningjahjarta.

### *Fyrir ævintýragjarna*

Hér er listi yfir nokkrar af verslunum landsins sem selja notaðan fatnað, fyrir hetjur nútímans sem bæði hugnast að fara í fjársjóðsleit og bjarga heiminum. Fyrir þá sem kjósa að ráfa um vefsíður má líta á missyanacherie.com en þar má sjá bæði „Chanel Thrift Store Finds" og „ Designer Thrift store Finds".

En hér koma dæmi um verslanir.

**ABC Barnahjálp** *Laugavegur 118, 101 Reykjavík og Nýbýlavegur 6, 200 Kópavogi*
**Basarinn** *Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík*
**Hertex** *Vínlandsleið 6, 113 Reykjavík*
**Verslanir Rauða Kross Íslands** *Laugavegur 12, 101 Reykjavík, Kringlan 103 Reykjavík, Laugavegur 116, 105 Reykjavík. Þönglabakki 1, 109 Reykjavík* **Barnaloppan,** *Skeifan 11a, 108 Reykjavík* **Extra loppan** *Smáralind, 200 Kópavogur* **Verzlanahöllin** *Grettisgata 6, 101 Reykjavík* **Gullið mitt** *Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur* **Hringekjan** *Þórunnartúni 2, 105 Reykjavík* **Fatamarkaður Konukots,** *Eskihlíð 4, 105 Reykjavík*
**Hertex** *Hrísalundur 1a, 600 Akureyri*
**Nytjaverslun RKÍ** *Viðjulundur 2, 600 Akureyri*
**Lottan** *Kaupangi við Mýrarveg, 600 Akureyri*
**Aftur Nýtt** *Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri*
**Nytjaverslun RKÍ** *Húnabraut 13, 540 Blönduós* **Nytjamarkaðurinn Hvammstanga** *Brekkugata 4, 530 Hvammstangi* **Nytjaverslun RKÍ** *Dynskógar 4, 700 Egilsstaðir*
**Steinninn Nytjamarkaður** *Egilsbraut 8, 740 Neskaupstaður,* **Litla Rauða kross búðin á Stöðvarfirði** *Fjarðarbraut 48, 755 Stöðvarfjörður* **Nytjaverslun RKÍ** *(staðsett á efri hæð Kjörbúðarinnar) Strandgata 50, 735 Eskifjörður* **Hólagull** *Hólsvegur 2, 735 Eskifjörður* **Rauða kross verslun** *Langanesvegur 3, 680 Þórshöfn*
**Vosbúð Antik- og nytjamarkaður,** *Flatir 29, 900 Vestmannaeyjar* **Hertex** Flugvallarbraut *740, Keflavík* **Nytjaverslun RKÍ á Suðurnesjum** *Smiðjuvellir 8, Reykjanesbær*
**Trendport** *Hafnargata 60, 230 Reykjanesbær.*

### *Að lokum*

Endurnýting fata getur boðið upp á margvíslegan ávinning. Hagkvæmni og sjálfbærni auk siðferðislegra sjónarmiða.

Slíkir verslunarhættir gera fólki ekki aðeins kleift að spara peninga en í leiðinni að hafa jákvæð áhrif á umhverfið og jafnvel styðja góðgerðarmálefni.

# Smáauglýsingar

**Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni:** www.bbl.is/smaauglysingar

**Verð:** Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.
Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is

**Jesús sagði:**
„Komið til mín, öll þér sem erfiðið og þunga eru hlaðin, og ég mun veita yður hvíld. Takið á yður mitt ok og lærið af mér..."
*Matt. 11.28-29*
biblian.is



**2ja manna infrarauður saunaklefi**
Stærð 120x100x200 cm. (BxDxH)
Kr. 260.000,- fyrir einfasa rafmagn.



**Rafmagnspotturinn HYDRO**
Stærð 200x200x95cm.
Kr. 850.000,- m/loki, tröppu, síu o.fl.

**GODDI.IS**
Auðbrekka 19, 200 Kópavogur
s. 5445550



Kranabíll til sölu. Haukur, s. 772-0030



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.



Til sölu New Holland T5.120 (árgerð 2022). Lítið notuð, eins og ný. Aðeins 640 tíma notkun. Aukabúnaður: Skófla og rúllugafl. Verð kr. 12.500.000 +vsk. S. 777-4564




Meistari febrúarmánaðar hjá Félagi íslenskra bílskúrseigenda! Spurt var, á hvaða blaðsíðu í Bændablaðinu er myndin? Prufaðu að skanna barcodann á heiðursfélagakortinu. Góðan skúr.



Til sölu 40 feta gámur, staðsettur á Völlunum í Hafnarfirði. Gólf í góðu ástandi, sér aðeins á málningu að utan, lekur ekki og engin göt á skel. Verð kr. 400.000 +vsk. Fyrir frekari upplýsingar er hægt að hafa samband við olga@adventures.com

Skoðaðu úrvalið af rafmögnuðum bílum í auglýsingunni á bls 63 í blaðinu, eða kíktu á notadir.benni.is – Benni notaðir bílar.



Volvo EC 180 1.8T Árgerð 2018. Notkun 575 tímar. Aukabúnaður: Brothamar, 3 skólfur, hraðtengi. Selt með kerru Verð kr. 4.200.000 +vsk. S. 777-4564




Bókin Heimarafstöðvar í Suður Þingeyjarsýslu 1928-2020. Tæknilýsing á 73 rafstöðvum í S-Þing. 96 blaðsíður, rúmlega 200 ljósmyndir. Saga rafvæðingar Þingeyinga í stuttu máli. Bókin fæst hjá höfundi. Jónas Sigurðarson, Lundarbrekku 2, 645 - Fosshóll. S. 894-8858. lundijonas@gmail.com. Verð kr. 4.500 +burðargjald.



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is.



Toyota Rav 4 2013, ekinn 231.000 km. Kemur á götuna 12.12.2013. Bíll sem hefur fengið gott viðhald. Nýlegar bremsur, ný hjólastilltur. Hann er í topp formi. Sjón er sögu ríkari. Björgvin s. 895-3800



Rafstöðvar 70 KVA og 90 KVA. Tilbúnar til notkunar. Verð kr. 1.980.000 +vsk. Upplýsingar í s. 696-9468 eða á husagerdin@husagerdin.is




**NÝI ÖKUSKÓLINN**
Íslensk námskeið mánaðarlega
Ensk námskeið 4 - 6 sinnum á ári
Skráning á námskeið er inni á síðunni meiraprof.is
Fyrirspurnir sendist á meiraprof@meiraprof.is
Réttindin gilda í Evrópu
Auknir atvinnumöguleikar
Íslensk og ensk námskeið
Klettagörðum 11 - 104 Reykjavík - meiraprof.is - meiraprof@meiraprof.is C-CE-D-C1-C1E-B/Far




**Bændablaðið á Instagram & Facebook**



# VETRARTÆKI
– Mikið úrval á lager –



**Fjölplógur PUV „M“ Diagonal**
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
2,6m Verð: 1.290.000 kr.*
2.8m Verð 1.290.000 kr.*
3,3m Verð: 1.450.000 kr.*



**Fjölplógur PUV - Heavy Duty**
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
3,6m Verð: 1.650.000 kr.*
4,0m Verð: 1.749.000 kr.*

Festiplötur:
Verð frá 70.000 kr.*

| | |
|---|---|
| Slétt plata | 3-punkta |
| EURU/SMS | EURO stór |
| JCB 3CX hrað | CASE 580SR |

Slitblöð
Eigum á lager slitblöð og bolta í flestar gerðir plóga



**Salt- og sanddreifari**
EPT15, 1,5 m3, rafstýrður, 12V
Verð: 1.650.000 kr.*

Tokvam®



**Fjölplógar VT320 & VT380**
Sterkir plógar með flotgrind fyrir meiri hraða.
Verð frá 2.890.000 kr.*



**Salt- & sanddreifari**
SMA510 / 150cm - 590.000 kr.*
SMA800 / 200 cm - 650.000 kr*
SMA1100 / 200 cm - 740.000 kr.*
SMA1600 / 230 cm - 845.000 kr.*
3p tengi, Kat1/kat2. - 59.500 kr.*
Möguleiki á glussa yfirtengi.



**Snjóblásari 241 THS Flex**
Vinnslubr. 264 cm, með föstum vængjum, glussastýring á túðu, 3p tengi. Drifsköft. Fyrir +70hp
Verð 2.490.000 kr.*

*Verð án virðisaukaskatts

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ
Gagnheiði 35, 800 Selfossi
Baldursnesi 4, 603 Akureyri
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is

## Starf ráðunautar í hrossarækt

RML
RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins auglýsir eftir ráðunaut í hrossarækt.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Fræðsla og miðlun þekkingar tengd hrossarækt.
- Ráðgjöf, nýsköpun og þjónusta tengd hrossarækt.
- Vinna í teymi hrossaræktar og með öðrum ráðgjöfum RML.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun á sviði búvísinda, raungreina eða náttúruvísinda er æskileg.
- Góð þekking á hrossarækt og reynsla af faglegu starfi æskileg.
- Hæfni til þess að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð íslensku og ensku kunnátta.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Lipurð í teymisvinnu og góðir samskiptahæfileikar.

Við leitum að einstaklingi með brennandi áhuga á landbúnaði í sínum víðasta skilningi og hefur metnað og frumkvæði til að vinna að ráðgjafarstarfsemi RML.
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er ráðgjafarfyrirtæki í eigu bænda og sinnir landbúnaðarráðgjöf um allt land. Starfsemin er dreifð um landið á 12 starfsstöðvum. Við bendum áhugasömum á heimasíðu fyrirtækisins www.rml.is þar sem sótt er um starfið, en þar er einnig hægt að kynna sér starfsemina enn frekar.

**Umsóknarfrestur er til og með 7. mars.**
**Nánari upplýsingar veita Karvel L. Karvelsson klk@rml.is og Friðrik Már Sigurðsson fridrik@rml.is**






Sófasett til sölu, nánast ónotað. Verð kr. 90.000. Upplýsingar í s.897-2262.



Gólfhiti, gólffræsing fyrir 16 mm rör. Ryklaus fræsing, verð á fermetra kr. 4000 +vsk. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Upplýsingar og tilboð, s. 892-0808 - Oliver.



Ekeri vagn með kælivél. 2014 árgerð. Verð kr. 4.500.000 +vsk. Narko vagn, 2008 árgerð, kælivél þarfnast yfirferðar. Verð kr. 1.250.000 +vsk. Frekari uppl í s. 861-0130 eða á siggi@fiskfrakt.is



GAZ 69, árgerð 1961, til sölu. Upplýsingar í s. 894-5131



TREJON SB 2650 HD. Snjóblásari, árgerð 2017. Verð kr. 1.290.000 +vsk. S. 894-0444 Þorsteinn



HDS 8/18-4M ónotuð. Gufuháþrýstidæla til sölu, selst á kr. 550.000kr +vsk. Frekari upplýsingar hjá olga@adventures.com



Klaufskurðarbásar frá Póllandi. Margar útfærslur á mjög góðum verðum. Hákonarson ehf. www.hak.is s. 892-4163. Netfang: hak@hak.is



STARK HK 2.600 (2,49m). Salt/sanddreifari, árgerð 2020. Verð kr. 1.500.000 +vsk. S. 894-0444 Þorsteinn






Ledljós fyrir kerrur og landbúnaðartæki. 12 og 24 V , 7 pinna tengi. 2,5 m kapall á milli ljósa og 12 m kapall í pinnatengi. Segulfesting, IP66 vatnsog rykvörn. Handhæg plasttaska fylgir. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is - www.hak.is



NARWHAL harðbotna slöngubátur með 55 hö tvígengis-Suzuki mótor. Mótor nýlega yfirfarinn hjá Suzuki. Tilboð óskast. S. 894-0444 Þorsteinn



Brettagafflar með snúningi, 180°eða 360°. Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur. Burðargeta: 1.500 kg, 2.500 kg, 3.000 kg og 5.000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is.



Mercedes Benz 317 CDi, sjálfskiptur, skoðaður 06.2022. Ekinn 7.800 km. Millilengd. S. 820-1071 kaldasel@islandia.is



Sófasett. Natuzzi þriggja sæta sófi, tveir stólar og skammel. Verð kr. 185.000. Borðstofusett, stærð á borði 100x180 cm auk tveggja 50 cm stækkunarplatna. Tilboð óskast. Áhugasamir hafi samband í s. 899-0604



Cfmoto Zforce 800 2016 Buggy til sölu, ekinn 3.500 km. Mjög vel með farinn, algjör gullmoli. Alltaf geymdur inni. Byrjaði ekki ævi sína á buggyleigu eins og mjög margir bílar af þessari gerð. Verð kr. 1.420.000. Bíllinn er til sýnis á Bílasölu Akureyrar.



Gúmmírampar fyrir brettatjakka. Stærð: L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd: 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta: 10 tonn. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, hak@hak.is




Audi E-Tron, 4x4, rafmagn, árgerð 2020, sjálfskiptur. Ekinn 53.000 km. Verð kr. 5.790.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Glussadrifnar haughrærur á ámoksturstæki eða 3 tengi. Hentar mjög vel fyrir útitanka, útilón og víðar. Lengdir: 4 m, 5 m, 6 m, 6,7 m, 8 m, 9 m. Rótor og skrúfa eru sambyggð, enginn öxull. Mjög léttbyggðar, 9 m löng er aðeins 360 kg. Allar festingar í boði fyrir skotbómulyftara og traktora. Boltaðar festingar sem er fljótlegt að skipta um. Getum einnig skaffað fremsta hlutann án burðarvirkis. Öflugur búnaður á góðu verði frá Póllandi. Hákonarson ehf. hak@hak.is – www.hak.is – S. 892-4163.



Ford Transit H3L4 (stærsti bíllinn) Árgerð 2016. Ekinnn 177.000 km. Nýupptekinn mótor, ný kúpling o.fl. Verð kr. 3.490.000 +vsk. Skoða skipti, s. 663-8886.

LJÁRDALUR
WWW.LJARDALUR.IS

www.Ljardalur.is býður upp á gröfur og vinnuvélar á ótrúlegum verðum. Liðléttingar, beltavélar og allt þar á milli. Arnar@ljardalur.is eða í s. 849-3480



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager- 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðaþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



5 hesta kerra frá Vögnum og þjónustu. Árgerð 2021. Lítið notuð. Verð kr. 2.500.000 +vsk. S. 777-4564

GLUGGAGÆINN

Gluggagæinn.is er sérhæfður byggingaverktaki sem sérhæfir sig í gluggalausnum. Bjóðum heildarpakka frá mælingu, pöntun á gluggum ásamt ísetningu og frágangi. Getum tekið að okkur verk á landsbyggðinni sem og á höfuðborgarsvæðinu. Upplýsingar í s. 845-9596



Gámarampar á lager. Heitgalvaniserað stál. Burðargeta 8.000 kg. Stærð 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is S. 892-4163. www.hak.is

JOBMAN WORKWEAR

**Nýjar teygjubuxur frá Jobman!**
Durability at work since 1975

**Jobman 2391**
- Allt efni 4-átta teygja
- Hægt að taka vasa af
- Cordura hnéstyrking
- Styrking í vösum
- Litir: Svartar og gráar



Við leggjum áherslu á góða þjónustu við landsbyggðina.

Vefverslun: Khvinnufot.is

Öryggi fyrst og fremst

Verð: 19.406 kr.

Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is

KH VINNUFÖT
Réttu fötin fyrir þig!



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, hak@hak.is

HATZ DIESEL

Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ díeselvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í S. 527-2600.



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól o.fl. Lengdir: 1,6 m, 2 m, 2,1 m, 2,5 m, 3 m, 3,5 m, 4 m, 4,5 m, 5 m. Burður fyrir par, 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163. www.hak.is




Maschio hnífatætarar fyrir 90–170 hö. Með tvöföldum hnífafestingum, CAM öryggiskúplingu og ýmsum aukabúnaði, til afgreiðslu strax á hagstæðu verði. Upplýsingar í nýju símanúmeri, 793-0116



Lyftaragafflar til að skrúfa fasta á skóflur. Burðargeta á pari, 680 kg og 1500 kg CE vottaðir og CE merktir. Öryggisstrappar fylgja. Passar á flestar skóflur. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 / netfang- hak@hak.is



Hnífatætarar í úrvali PTO/hydro, stærðir í boði 95, 105, 125, 150, 180, 200, 230 og 250 cm. Þessi er 180 cm breiður og kostar kr. 395.000 +vsk. www.hardskafi.is - sala@hardskafi.is s. 555-6520



Háþrýstidælur fyrir verktaka og bændur. Rafdrifnar, traktorsdrifnar, glussadrifnar, bensín eða dísel. Margar stærðir, allt að 700 Bar. Einnig öflugir vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.




Á hagstæðu verði: Ziegler diskasláttuvélar 2,9 mt. Með hraðfestingum á hnífum, þýsk gæði, áratuga reynsla. Verð kr. 890.000 +vsk. eða kr. 1.103.600 m/vsk. Uppl. í nýju símanúmeri, s. 730-116

**Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi með eða án rekstrar.**

Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.
Björgvin Guðjónsson, búfræðingur og löggiltur fasteignasali,
s. 510-3500 eða 615-1020, bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg Syðsta-Mörk, 861 Hvolsvöllur

3xT Export

**Þegar þú leitar að gæðum !**

Einingahús
Smáhýsi



Álgluggar - ál/tré - trégluggar - glerveggir



Gróðurhús



Saunahús og lúxuspottar, heitir og kaldir



Skannaðu mig !

Nánari upplýsingar um vöruúrval á www.3xt.is
Suðurhraun 10, 210 Garðabær

EYJALIND

**Varahlutir í Bobcat**



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is




Umboðsaðilar:
***Kaupfélag Skagfirðinga***, *Sauðárkróki.*
***Lyngás***, *Hellu.* ***Bikevik***, *Reykjanesbæ,*
***AB varahlutir***, *Egilsstöðum.*

NITRO
Nítró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

**ÁSCO**

**Alternatorar og startar í miklu úrvali**



Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. *Varahlutir í startara.* Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. *Hátalarar. Tengi fyrir* togspil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. *Rafhlöður. Fjarslæsingar.* Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. *Áriðlar 12V og 24V í 240V.* Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælar, ampermælar, *spennufellur 24V í 12V*, truflanaþéttar, loftnetsframleningar. *Kerrutenglar. Breytar* fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálvirk öryggi í bíla. *Gleröryggi 20 og 32mm.* Postulínsöryggi. Öryggjahöldur. *Stór öryggi uppí 250A.* Stefnuljós fyrir Landrover. Snúrusett *fyrir bassakeulur.* Bassakeilur. Öxulhosur. Spennustillar. *Díóur. Raffgeymaskór.* Jarðsamband. Díóðubrýr. Reimskífur *fyrir alternatora.* Kúplingstrissur. Startarakol. Legur *í alternatora. Kol í alternarora.* Viðnám 0,25W uppí 25W. Og margt margt fleira.

ÁSCO BÍLARAFMAGN
Glerárgata 34b, 600 Akureyri • S4611092 • asco@asco.is

# Kaffi Norðurfjörður

**Hreppsnefnd Árneshrepps auglýsir hér með eftir aðila til að reka veitingastaðinn Kaffi Norðurfjörð sem starfræktur er í Norðurfirði í Árneshreppi.**

Umsækjendur þurfa að skila skriflegum umsóknum inn á arneshreppur@arneshreppur.is til og með 10.mars n.k.
Óskað er eftir að umsækjendur geri grein fyrir hugmyndum sínum um rekstrarfyrirkomulag, opnunartíma og annað sem þeim finnst skipta máli.



**Nánari upplýsingar má sjá á heimasíðu Árneshrepps, www.arneshreppur.is eða hjá oddvita í síma 451 4001 / 847 2819.**












TREJON VPX 290. Fjölplógur m. EURO festingum og stjórnbúnaði, árgerð 2019. Verð kr. 790.000 + vsk. S. 894-0444, Þorsteinn.



Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt 1,9 m. Stærð á skrúfu, 48 cm. Rotor, 12 kW. Glussaflæði 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi, 2 m. Burðarvirki, heitgalv. / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is.



Girðingastaurar 4 mm. (Galv.) 40 mm x 40 mm. x 4 mm. L: 1.800 mm. Við erum að gera pöntun. Verðin verða mjög góð, takmarkað magn. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is / hak@hak.is



Díselhitari, 5 kw, 12 og 24 v, með öllum aukahlutum og eldsneytisgeymi. Verð kr. 53.900. Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185 Opið frá 15-17



Traktorsdrifnar rafstöðvar (ArgoWatt) Með AVR spennujafnara eða án hans. AVR tryggir örugga keyrslu á öllum rafbúnaði. Mjög mörg, stór kúabú eru með þennan búnað. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is S. 892-4163



Hammer mill fyrir korn, maís o.fl. Stillanleg kornastærð, 2, 4, 6 og 8 mm. o.fl. Rafmótor: 1 fasa. Afköst allt að 100 kg. til 800 @klst. Hentar fyrir allan búskap og bruggun. Hákonarson ehf. S. 892-4163 www.hak.is / hak@hak.is




SsangYong Rexton HLX, 4x4, árgerð 2020, sjálfskiptur. Ekinn 78.000 km. Verð kr. 7.490.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísel á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is. S. 892-4163, netfang- hak@hak.is



Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2", 3", 4". Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Díselhitari 5 kw, 12, 24 v og 220 v. Samsettur með öllum fylgihlutum. Öll þjónusta. Verð kr. 58.900.- Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185 Opið 15-17




Kornvalsar frá SIPMA í Póllandi. https://www.sipma.pl/produkt/zgniatacze-ziarna/ Frábærir valsar í mörgum útfærslum. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, netfang hak@hak.is



Brettagafflar fyrir ámoksturstæki. Ásoðnar festingar, Euro. Euro + 3 tengi. Sérpöntun á öllum festingum. Burðargeta 2.500 kg. Lengd á göfflum, 120 cm. Pólsk framleiðsla. Til á lager. Hákonarson ehf. www.hak.is s. 892-4163, hak@hak.is.



Mercedes Benz Sprinter 519 CDi. Skoðaður 10.2017, 190 hestöfl. Ekinn 268.000 km. Í góðu ástandi. Topp viðhald. Ný nagladekk. 5.010 kg heildarþyngd. Eins tonna lyfta með fjarstýringu. Uppl. S. 820-1071 og kaldasel@islandia.is



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L: 170 cm x B: 200 cm x hæð: 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163 hak@hak.is



SISU plöntustafir (geispur) stærðir 43 f. 67 gata bakka - 53 f. 40 gata bakka - 61 f. 35 gata bakka og 73 f. 24 gata bakka, léttir og endingargóðir með festingu fyrir aukahandfang á hagstæðu verði, gerið verðsamanburð. Uppl. í nýju símanúmeri, 793-0116



Tönn, 240 cm með vökvastýringu, hægri og vinstri. Þykkur gúmmískerinn hentar þar sem ekkert má skemma. www.hardskafi.is - sala@hardskafi.is s. 555-6520

## Einkamál

Ertu orðinn jafnleiður eins og ég á stefnumótasíðum? Myndarleg kona á fimmtugsaldri óskar eftir bangsa, 185 cm eða hærri. Verður að vera indæll, ógiftur 40+. Helst á höfuðborgarsvæðinu eða þar í grennd. Áhugasamir sendi póst á mjukarettumstodum@gmail.com

## Jarðir

Kúabú. Til leigu og mögulega til sölu kúabú á Norðausturlandi. Greiðslumark er 241.000. 38 básar í lausagöngufjósi. Mjólkað með DeLaval mjaltaþjóni. Nokkur aðstaða til kjötframleiðslu. 65 ha ræktað lands. Upplýsingar gefur Friðgeir í s. 897-6553, eða breidamyri@gmail.com

## Óska eftir

Óska eftir skjólborðum á Can-am sexhjól, árg. 2017. Vimsamlegast hafið samband í s. 831-0956.

Kaupi vínylplötur. Staðgreiði stór plötusöfn. Ólafur, s. 784-2410, olisigur@gmail.com

Óska eftir Land Cruiser 120. Aðeins góður bíll kemur til greina. Staðgreiðsla í boði fyrir réttan bíl. Hafið samband í s. 892-1397

## Til sölu

Varmadæla (NIBE F2120-20 3x400v) Loft í vatn. Lítið notuð, 1.725 vst. Nánari upplýsingar í s. 895-4966.

Innflutningsfyrirtæki í heilsugeiranum með heildverslun og vefverslun til sölu. Góður lager og hagstæður leigusamningur á skrifstofu fylgir. Áhugasamir hafi samband við Unni Svövu hjá Allt fasteignasölu. unnur@allt.is

Búnaðarblaðið Freyr frá upphafi 1904 til ársins 1988, alls 84 árgangar (vantar aðeins tvö blöð). S. 898-5449.

## Þjónusta

Byggingarstjóri. Ertu í byggingarhugleiðingum eða ertu kominn á stað með framkvæmdir? Tek að mér að vera byggingarstjóri á öllum byggingarstigum og vera tengiliður við byggingarfulltrúa fyrir ykkur. Hafið samband í s. 852-3222 eða asgeirvil@gmail.com



# Nýlegir rafmagnaðir bílar



Tesla Model Y
Rafmagn
4x4
Árgerð 2023
Verð frá 5.990.000 kr.



Tesla Model 3
Rafmagn
4x4
Árgerð 2022
Verð frá 5.490.000 kr.



Nissan Leaf
Rafmagn
Árgerð 2021
Verð frá 3.390.000 kr.



Hyundai Kona
Rafmagn
Árgerð 2020
Verð frá 3.990.000 kr.



MG 5 Luxury
Rafmagn
Árgerð 2023
Verð frá 5.990.000 kr.



Opel Corsa
Rafmagn
Árgerð 2021 - 2022
Verð frá 3.390.000 kr.



Lexus UX 300e
Rafmagn
Árgerð 2021
Verð frá 4.990.000 kr.



Jaguar I-Pace
Rafmagn
Árgerð 2020 - 2021
Verð frá 6.990.000 kr.



Porsche Taycan
Rafmagn
Árgerð 2020
Verð frá 13.990.000 kr.



Opel Mokka
Rafmagn
Árgerð 2022
Verð frá 3.790.000 kr.

Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl.

**Meira úrval á**
notadir.benni.is



**Bílabúð Benna** | Opið virkadaga 9 til 17 og laugardaga 12 til 16
| Krókháls 9 | 110 Reykjavík | 590 2035

Bílabúð Benna
Notaðir bílar


Eucerin®
LJÓMAÐU
EINS OG BEST
ÞÚ GETUR
RÓSLITAÐ FYRIR
NÁTTÚRULEGAN LJÓMA
BÆTIR
TEYGJANLEIKA
MINNKAR
ALDURSBLETTI
FYLLIR
HRUKKUR
NÝTT
Eucerin®
HYALURON-FILLER
+ ELASTICITY ROSÉ
PATENTED
THIAMIDOL